# FRÉTTABLAÐIÐ

188. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 11. ÁGÚST 2018




## Samrýnd systkini

Sigríður og Guðmundur Friðjónsbörn segja margt hafa áunnist í baráttu hinsegin fólks.

➺24



### Hef aldrei komið út úr skápnum

Andrea Jónsdóttir um líf og störf. ➺ 30



### Hleypur gegn barnabrúðkaupum

Var gefin í hjónaband sem barn en flúði til Íslands. ➺ 22



### Hugarheimur Philips Reeves

Hrifinn af Íslandi. ➺ 34






## Veður




Suðaustanátt í dag, strekkingur syðst og rigning öðru hvoru suðvestan til, en annars bjart með köflum og milt veður. SJÁ SÍÐU 42

# Útlagningarmenn á ferð og flugi




„Þetta hefur skánað mikið. Það hefur orðið einhver hugarfarsbreyting,“ segir Pétur Ármann Hjaltason, öryggisstjóri hjá Hlaðbæ Colas, um öryggi starfsmanna. Fyrr í sumar biðluðu malbikarar til fólks að hægja á sér í kringum vinnusvæði en áður hafði munað litlu að stórslys yrði vegna hraðaksturs þar fram hjá. Nóg af verkefnum er fram undan og gerir Pétur ráð fyrir að vinna eins lengi og veður leyfir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Auglýst eftir þjóðgarðsverði

**STJÓRNSÝSLA** Staða þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum til næstu fimm ára er auglýst laus til umsóknar í Fréttablaðinu í dag. Einar Á.E. Sæmundsen var settur í stöðuna í fyrrahaust eftir að Ólafur Örn Haraldsson hætti vegna aldurs.

Í auglýsingunni er sagt óskað eftir að ráða „öflugan og framsýnan leiðtoga“. Háskólapróf sem nýtist í starfi er áskilið og framhaldspróf sagt kostur. Þá er sagt æskilegt að umsækjendur hafi reynslu og þekkingu á sviði opinbers reksturs, náttúru, sögu og menningar.

Meðal annarra umsóknarskilyrða er góð hæfni í mannlegum samskiptum og að geta unnið undir álagi. – gar



**Einar Á.E. Sæmundsen, settur þjóðgarðsvörður.**



Alfreð Frosti Hjaltason og Arnþór Pálsson eigendur Sóma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Seldu samlokur fyrir tvo milljarða

**VIÐSKIPTI** Hagnaður samlokufélagsins Sóma nam 199 milljónum króna á síðasta ári og jókst um ríflega 20 milljónir króna á milli ára, samkvæmt ársreikningi félagsins.

Rekstrartekjur Sóma, sem selur meðal annars tilbúnar samlokur, kjúklinga- og pastarétti og salöt, voru 2.039 milljónir króna í fyrra og jukust um 6 prósent frá fyrra ári þegar þær voru 1.923 milljónir.

Rekstrargjöldin námu 1.805 milljónum króna á síðasta ári og jukust um 120 milljónir króna á milli ára en þar af hækkuðu laun og launatengd gjöld um 80 milljónir.

Um 88 manns störfuðu að meðaltali hjá Sóma í fyrra borið saman við 78 starfsmenn árið áður.

Eignir samlokufélagsins voru 936 milljónir króna í lok síðasta árs og var eigið fé þess 444 milljónir króna. – kij




# Leiktæki fyrir fötluð börn ítrekað skemmt

Trampólín sem keypt var fyrir Öspina, frístundaheimili fyrir fötluð börn í Reykjanesbæ, er illa farið. Málið vakið hörð viðbrögð bæjarbúa. Vonast er til að hægt verði að laga leiktækið svo það geti fært fötluðum börnum gleði á ný.

**MANNLÍF** Ítrekuð skemmdarverk hafa í vikunni verið unnin á nýju trampólíni sem keypt var fyrir Öspina, frístundaheimili fatlaðra barna í Reykjanesbæ. Starfsmaður segir virkilega leiðinlegt að hafa komið að skemmdarverkunum á þriðjudagsmorgun. Síðan hefur trampólínið verið skemmt frekar en það var gjöf frá Skötumessunni, áhugafélagi um velferð fatlaðra. Viðbrögðin í bæjarfélaginu hafa verið mikil.

Guðlaugur Ómar Guðmundsson, starfsmaður hjá Öspinni, kom að trampólíninu illa förnu á þriðjudag. Hann segir að málið sé leiðinlegt en að þau hafi fundið fyrir miklum stuðningi hjá íbúum bæjarins sem auðvitað séu allt annað en hrifnir af svona skemmdarverkum.

„Við erum í húsnæði sem er sérkennsluhúsnæði hjá Njarðvíkurskóla yfir veturinn og er hugsað sem frístundaheimili fyrir fatlaða yfir sumarið. Börn með alls konar vandamál, sum væg og önnur erfiðari. Við höfum reynt að gera dvöl þeirra sem skemmtilegasta og keyptum þetta trampólín í lok júlí og þegar við mættum til vinnu á þriðjudag þá var þetta aðkoman,“ segir Guðlaugur.

Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum sem hann tók hafa stoðir sem halda uppi öryggisneti trampólínsins meðal annars verið brotnar. Lítið hefur því verið hægt að nota tækið síðan. Eftir að Guðlaugur vakti athygli á skemmdarverkunum í Facebook-hópi íbúa í Reykjanesbæ hefur fólk sett sig í samband. Síðan á þriðjudag hefur fengist ein ný stöng í öryggisnetið en síðan létu skemmdarvargar aftur til skarar skríða og í gærmorgun hafði trampólínið verið skemmt frekar.



**Aðkoman að trampólíni ætluðu fötluðum börnum var ljót í vikunni. Búið var að brjóta stöng sem heldur öryggisneti tækisins.** MYNDIR/GUÐLAUGUR ÓMAR

> **Við höfum reynt að gera dvöl þeirra sem skemmtilegasta og keyptum þetta trampólín í lok júlí.**
>
> Guðlaugur Ómar Guðmundsson, starfsmaður hjá Öspinni

Einn aðstandenda Skötumessunnar í Garði, sem gaf Öspinni trampólínið, segir í spjallþræði um málið í hópnum að þetta sé skelfilegt að sjá.

„Hreint ótrúleg skemmdarfýsnin hjá sumum ... skammist ykkar.“

Guðlaugur Ómar beindi því til bæjarbúa að brýna það fyrir börnum sínum að skemmdarverk sem þessi væru ekki í boði. Hann vonar að hægt verði að lagfæra leiktækið fljótt og það fái að standa í friði framvegis og veita fötluðum börnum gleði það sem eftir lifir sumars.

mikael@frettabladid.is


Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

**TÖLUR VIKUNNAR** 05.08.2018 – 11.08.2018



**30.**
Íslandsferð hins 82 ára Svisslendings Florians Rutz frá árinu 1975 stendur nú yfir.

**1.427**
létust á Púertó Ríkó í fellibylnum Maríu sem gekk yfir eyjuna í september í fyrra samkvæmt endanlegu uppgjöri.





**100**
milljóna framúrkeyrsla varð samtals á kostnaði við nýbygginguna og sýninguna á Hakinu á Þingvöllum.

**911**
milljóna króna tap varð á rekstri Öldrunarheimila Akureyrar á síðustu sex árum.





**17**
þúsund hektarar lands í Ísafjarðardjúpi á fjórum laxveiðijörðum í eigu sænska auðkýfingsins Johns Haralds Örneberg eru nú til sölu.

## Þrjú í fréttum
## Enn einn Svíi, súkkulaðimessa og forstjórapartí

**Erik Hamrén**
var kynntur til leiks sem nýr þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ á miðvikudag. Hamrén er fjórði Svíinn sem stýrir íslenska liðinu og fetar meðal annars í fótspor Lars Lagerbäck sem stýrði liðinu með frábærum árangri.



**Snorri Ásmundsson**
fór í messuskrúða í Hríseyjarkirkju og framdi gjörning. Formaður sóknarnefndarinnar sagði að hér eftir verði ekki hægt að treysta fólki fyrir kirkjunni. Snorri borðaði súkkulaði í athöfninni og messuskrúðarnir fara í hreinsun.



**Skúli Mogensen**
*eigandi og forstjóri WOW Air*
hélt upp á fimmtugsafmæli sitt í Hvammsvík í Hvalfirði um síðustu helgi. Stuðmenn, brenna, listaverk, kampavín og frægir í þemafötum settu svip á gleðina.




FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Á fjórða tug hefur sóst eftir forvarnarlyfjum gegn HIV

**Ábatinn af forvarnameðferð gegn HIV-sýkingum sem er nýlega orðin möguleg á Íslandi vegur mun þyngra en kostnaðurinn að sögn smitsjúkdómalæknis. Á fjórða tug hefur nú þegar sótt um að gangast undir meðferðina.**




Til þess að geta gengist undir meðferðina þarf að koma reglulega í blóð- og sjúkdómaskimun. NORDICPHOTOS/GETTY

**HEILBRIGÐISMÁL** Fleiri en 30 manns hafa farið í skimun hjá Landspítalanum til þess að hefja lyfjameðferð til að fyrirbyggja HIV-smit en áætlað er að fjöldinn verði í kringum 50. Smitsjúkdómalæknir segir að ábatinn af lyfjameðferðinni verði fljótur að dekka kostnað ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu meðferðarinnar.

Eins og greint var frá í síðustu viku samþykkti lyfjagreiðslunefnd greiðsluþátttöku fyrir samheitalyfinu Emtricitabine/Tenofovir sem er notað í forvarnarskyni gegn HIV-veirunni. Kostnaður lyfjameðferðarinnar er niðurgreiddur að fullu en hins vegar þurfa einstaklingar að greiða fyrir reglulegar læknisheimsóknir og blóðprufur sem eru skilyrði fyrir því að gangast undir meðferðina.

„Við erum búin að skima fleiri en 30 karlmenn sem hafa óskað eftir lyfjameðferðinni en ég býst við að þeir verði í kringum 50 talsins þegar upp er staðið,“ segir Bryndís Sigurðardóttir smitsjúkdómalæknir í samtali við Fréttablaðið.

Kostnaður vegna meðferðarinnar nemur 62 þúsund krónum á mánuði fyrir hvern einstakling, eða 744 þúsund á ári. Gangi spár eftir um að 50 manns gangist undir meðferðina nemur heildarkostnaður ríkissjóðs rúmum 37 milljónum á ári. Bryndís bendir á að ábatinn vegi þyngra en kostnaðurinn.

„Ef við tökum andlega og líkamlega heilsu einstaklinga út fyrir sviga hafa kostnaðargreiningar sýnt að meðferðin borgi sig upp á fimm til tíu árum,“ segir Bryndís og bendir á að meðferðin sé í flestum tilfellum tímabundin. Lyfjameðferðin sem þarf að gangast undir eftir HIV-smit er hins vegar ævilöng og kostar minnst 150 þúsund á mánuði á hvern einstakling.

Þá kom fram í greinargerð starfshóps velferðarráðneytisins sem var birt í byrjun árs að kostnaður vegna lyfja og rannsókna í tengslum við HIV næmi allt að 500 milljónum króna hér á landi.

Bryndís nefnir einnig að meðferðin komi til með að fækka öðrum kynsjúkdómum hjá meðferðarhópnum. „Skilyrði fyrir meðferðinni er að koma í skimun á þriggja mánaða fresti. Þá getum við greint og meðhöndlað aðra kynsjúkdóma.“

Þeir einstaklingar sem hug hafa á að nýta sér meðferðina þurfa að hafa samband við Landspítalann og panta tíma á göngudeild smitsjúkdóma. Þar fer fram áhættumat, forvarnafræðsla og rannsóknir á viðkomandi.

Aðspurð segir Bryndís að Landspítalinn muni ekki hafa samband við einstaklinga að fyrra bragði til að bjóða meðferðina.

**tfh@frettabladid.is**

### Minnst sextán sýktir af HIV á árinu

Um 220 sjúklingar eru í lyfjameðferð vegna HIV-veirunnar. Alls greindust 27einstaklingar með HIV-sýkingu á árinu 2017 og var meðalaldurinn 35 ár. Í Farsóttafréttum Embættis landlæknis kom fram að áhættuhegðun tengdist sýkingu hjá samkynhneigðum í þrettán tilfellum, gagnkynhneigðum í átta tilfellum og fíkniefnaneyslu í fimm tilfellum, en óvíst var um áhættuþætti í einu tilfelli. Á fyrstu fimm mánuðum þessa árs greindust sextán með HIV-sýkingu.






# Parker-geimfarið heldur í átt að Sólinni

**GEIMVÍSINDI** Sjö ára ferðalag Parker-geimkannans um innra sólkerfið hefst í dag þegar geimfarinu verður skotið á loft frá Kanaveralhöfða í Bandaríkjunum. Markmið verkefnisins er að rannsaka ystu lög Sólarinnar, eða sólkórónu.

Risavaxin Delta-IV eldflaug mun fleyta Parker út í geim og í átt að Venusi. Við tekur tólf vikna ferðalag í átt að Sólinni en um miðbik þess mun geimfarið þjóta fram hjá Venusi.

Á næstu sjö árum mun Parker fara 24 hringi umhverfis Sólina og rannsaka sólkórónuna. Þessar athuganir verða þær fyrstu sinnar tegundar. Enn er margt á huldu um eðli þeirra miklu hamfara sem eiga sér stað á yfirboði Sólarinnar. Parker mun rýna í raf- og segulsvið Sólarinnar, mæla virkni rafeinda, róteinda og jóna í sólkórónunni auk þess að taka ljósmyndir af henni og sólvindahvolfinu þar sem sólvindar myndast þegar stjarnan kastar rafgasi út í geiminn.



Parker-geimkanninn mun varpa nýju ljósi á sólkórónuna. FRÉTTABLAÐIÐ/NASA

Vísindamenn eru vongóðir um að Parker muni varpa nýju ljósi á þessa flóknu ferla. Dýpri skilningur á virkni í sólkórónunni er talinn mikilvægur liður í því verkefni að takast á við kórónuskvettur sem geta valdið meiriháttar röskunum og skemmdum á gervitunglum, rafkerfum og fjarskiptakerfum hér á Jörðinni.

Parker er nefndur í höfuðið á bandaríska eðlisfræðingnum Eugene Parker. Hann setti fyrstur manna fram tilgátuna um sólvinda árið 1958, þegar hann var aðeins 31 árs gamall. Þetta er í fyrsta sinn sem geimfar NASA er nefnt í höfuðið á vísindamanni sem er enn á lífi.

**– khn**



HÚSASMIÐJAN
blómaval
LADY
PREMIUM PAINT & COLORS
Fögnum
fjölbreytileikanum
#reykjavikpride
#hinsegindagar
25%
afsláttur
af ALLRI Lady
innimálningu
Skoðaðu tilboðin í Húsasmiðjublaðinu á husa.is
25%
afsláttur
GROHE
10.870kr
14.495kr
Handlaugartæki
Grohe Start.
7910800
20%
afsláttur
Nilfisk
11.996kr
14.995kr
Háþrýstidæla C 100.7-5(EU)
100 bör, 1.3 Kw, 440 ltr./klst., sjálfvirk
gangsetning og stöðvun 5 m slanga.
5254200
Sjáðu
verðið!
KitchenAid
59.990kr
69.900kr
Hrærivél
Kitchen Aid,hvít/mött.
1801041
Sjáðu
verðið!
Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRGÐ
Electrolux
53.990kr
Þvottavél Fw30l7120
Orkunýting: A+++. Þvottahæfni: A, þvottamagn:
7 kg. LCD upplýsingaskjár. Hljóðstyrkur 58 dB.
Hljóðstyrkur við vindu 79 dB.
1805690
Rýmingarsala • Rýmingarsala
35%
afsláttur
af ÖLLUM garðhúsgögnum
Útsala • Útsala • Útsala • Útsala
20-50%
afsláttur
af pottaplöntum
50%
afsláttur
745kr
1.490kr
Friðarlilja
9 cm pottur.
30%
afsláttur
NEO TOOLS
13.995kr
19.995kr
Topplyklasett 110 stk.
NEO, 1/2"-1/4", toppar 4-32
mm, skrall 72T.
5052570
30%
afsláttur
HITACHI
Inspire the Next
32.995kr
46.995kr
Borvél 18V + 100 fylgihlutir
2 stk., 2.5Ah Li-ion rafhlöður, hersla 52Nm, 2ja gíra
0-450/1250 sn./mín, þyngd 1,7 kg.
5246783
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
Tilboðsveisla
Mest selda
pallaolían
okkar
Gerðu pallinn eins og nýjan
3 ltr
1.995kr
2.495 kr
Pallaolía Jotun Treolje
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún,
græn og einnig í sömu litum og Trebitt
hálfþekjandi.
7049123-27
3 ltr
Þriggja
ára ending
5.995kr
7.995 kr
Pallaolía
Trebitt Terrasebeis 3 ára ending!
Pallaolía sem hefur þann eiginleika að aðeins
þarf að bera á þriðja hvert ár. 15 fallegir litir.
7049305-08



Fjölmennt var á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar en auk hagsmunaaðila mættu einnig fulltrúar úr hópi heimilislausra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Segir lausnina vera lítinn plástur á stórt vandamál

**REYKJAVÍK** Velferðarráð Reykjavíkur kom saman til fundar í gær vegna þeirrar stöðu sem uppi er í málefnum heimilislausra og utangarðsfólks. Einstaklingum úr þeim hópi var boðið á fundinn auk hagsmunaaðila. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í ráðinu segir boðaðar aðgerðir lítinn plástur á stórt samfélagslegt vandamál.

Fyrir sléttum mánuði skilaði umboðsmaður Alþingis áliti um málið að lokinni frumkvæðisathugun á því. Niðurstaða hans var að víða væri pottur brotinn í málaflokknum og sveitarfélög, þá sérstaklega Reykjavík, væru ekki að sinna því hlutverki nægilega vel sem lög fela þeim. Um 350 manns eru heimilislausir eða utangarðs í borginni nú og hefur hópurinn ríflega tvöfaldast að stærð á síðustu sex árum.

Á fundinum í gær var ákveðið að stefna á að opna annað gistiskýli fyrir unga karlmenn í vímuefnaneyslu. Borgin mun kaupa gistiheimili með um 25 íbúðum fyrir þennan hóp og gæti það verið komið í rekstur innan þriggja mánaða. Þá verður stofnaður stýrihópur utan um málefnið.

„Það dýrmætasta var þetta samtal við þessa aðila sem við buðum til fundarins,“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar. „Það þarf að vera meira samtal á milli ríkis og borgar, hagsmunaaðila og notendanna sjálfra.“

Egill Þór Jónsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í ráðinu, segir ekki nægilega stórt skref hafa verið stigið á fundinum. Tillögur meirihlutans séu á algjörum byrjunarreit.

„Til að mynda veldur það miklum vonbrigðum að ekki var unnt að samþykkja tillögu stjórnarandstöðuflokkanna um dagskýli fyrir heimilislausa sem mikil þörf er fyrir,“ segir Egill Þór. „Það eru vonbrigði að ekki voru allar þær tillögur til lausnar vandans sem lagðar voru fram af stjórnarandstöðuflokkunum á aukafundi borgarráðs í síðasta mánuði teknar fyrir á fundi velferðarráðs í dag.“ **– jóe**


## Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði

Samtök iðnaðarins og Rannís boða til kynningarfundar um Tækniþróunarsjóð

miðvikudaginn 15. ágúst kl. 8.30-10.00

í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, fundarsalnum Kviku á 1. hæð. Boðið verður upp á léttan morgunverð. Skráning er hafin á si.is

Dagskrá

Sigurður Björnsson, sviðsstjóri á rannsókna- og nýsköpunarsviði Rannís, gerir grein fyrir:
- Styrkjaflokkum Tækniþróunarsjóðs
- Skattfrádrætti vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar
- Reglugerð um skattaívilnun til erlendra sérfræðinga

Reynsla félagsmanna SI af umsóknaferli Tækniþróunarsjóðs
- Kristján Guðmundsson, framkvæmdastjóri eTactica
- Jón Atli Magnússon, vöruþróunarstjóri Hampiðjunni

Umræður

Næsti umsóknarfrestur í sjóðinn er til 17. september



Tækniþróunarsjóður · Samtök iðnaðarins · rannís www.rannis.is

www.tths.is




Frá mótmælum sjómanna á Austurvelli í Reykjavík vegna kvótafrumvarps fyrir sex árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sagðir leika leik til að rýra réttindi sjómanna

**Sjómannafélag Íslands og fulltrúi Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur segja tímabundna ráðningarsamninga til langs tíma óeðlilega. Það rýri réttindi sjómanna. Úrræðið sé leyfilegt til ákveðins tíma en útgerðir nýti sér það í óhófi.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Forsvarsmenn Sjómannafélags Íslands gagnrýna það að sjómenn séu látnir skrifa undir tímabundna ráðningarsamninga við útgerðir sem þeir starfi hjá. Þetta rýri réttindi þeirra. Mál sem þessi hafa ratað á borð dómstóla og var rætt við síðustu samningagerð útgerðarfélaganna við sjómenn.

Bergur Þorkelsson, gjaldkeri Sjómannafélags Íslands og sérfræðingur í réttindum sjómanna, segir útgerðirnar hafa leikið þennan leik að undanförnu.

„Við höfum verið að sjá aukningu á þessum samningum sem við teljum í mörgum tilvikum vera óþarfa. Við hjá Sjómannasambandinu skiljum að útgerðir geti þurft að gera slíka samninga við sjómenn ef menn vita ekki hvort skip séu í söluferli eða einhver vafi leiki á því hvort skip verði í notkun útgerðar í náinni framtíð. Hins vegar er óeðlilegt að sjómenn skrifi nýjan tímabundinn ráðningarsamning í hvert skipti

> Við munum fara áfram með svona mál fyrir dómstóla fyrir okkar félagsmenn ef þurfa þykir.
>
> Einar Hannes Harðarson, formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur

þegar þeir fari um borð í skipið sem þeir hafa kannski verið á um langa hríð,“ segir Bergur.

Þetta hafi áhrif á réttindi þeirra þegar þeir eru í landi. „Ef sjómaður til að mynda verður veikur og kemst ekki á sjó vegna þessa getur hann ekki með nokkru móti sannað að hann hafi átt að fara á sjó þar sem hann hefur engan samning þar að lútandi. Því teljum við þetta ekki vera góða samninga fyrir okkar félagsmenn.“

Einar Hannes Harðarson, formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, segir þetta auðvitað rýra réttindi sjómanna.

„Við höfum farið með svona mál fyrir héraðsdóm og Hæstarétt. Hæstiréttur hefur kveðið upp þann dóm að útgerðum sé ekki heimilt að leika þennan leik nema að hámarki í tvö ár. Við munum fara áfram með svona mál fyrir dómstóla fyrir okkar félagsmenn ef þurfa þykir,“ segir Einar Hannes. „Við höfum verið að sjá svona samninga og þetta er leyfilegt í ákveðinn tíma.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var þetta fyrirkomulag nokkuð rætt milli sjómanna og útgerðanna í síðustu samningalotu þeirra án þess að niðurstaða fengist um útfærsluna. Núverandi samningur þeirra rennur út í byrjun desember 2019. **sveinn@frettabladid.is**

## Óánægð með ákvarðanatöku í sumarleyfinu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fulltrúar minnihlutans í Hafnarfirði eru afar ósáttir við vinnubrögð meirihlutans varðandi breytt áform um byggingu knatthúss í bænum. Ákveðið var á fundi bæjarráðs síðastliðinn miðvikudag að falla frá áformum um að bærinn reisti nýtt knatthús í Kaplakrika. Samþykkt var að bærinn keypti tvö knatthús af FH sem myndi reisa nýtt hús á eigin ábyrgð.

Í tilkynningu sem bæjarfulltrúar minnihlutans sendu frá sér er farið fram á fund í bæjarstjórn vegna málsins. Þá er gagnrýnt að ákvörðunin hafi verið tekin á fundi í miðju sumarleyfi þar sem einungis þrír af ellefu bæjarfulltrúum hafi samþykkt hana.

Skammur fyrirvari hafi verið á tillögunni og verulega skort á gögn og upplýsingar. Þá er lögmæti ákvörðunarinnar dregið í efa enda nái umboð ráðsins í sumarleyfi eingöngu til að tryggja eðlilega afgreiðslu mála í stjórnkerfinu en ekki til stefnumarkandi ákvarðana. **– sar**

## Deilur um bílastæði koma til kasta Landsréttar

**SKIPULAGSMÁL** Félagið Norðurturninn, eigandi samnefndrar turnbyggingar við Smáralind, hefur áfrýjað til Landsréttar dómi Héraðsdóms Reykjaness sem sýknaði í síðasta mánuði Eignarhaldsfélagið Smáralind, sem er í eigu Regins, og Kópavogsbæ af kröfum Norðurturnsins.

Norðurturninn krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi að kvaðir hvíldu á lóðunum Hagasmára 1 og Hagasmára 3, við Norðurturninn og Smáralind, um samnýtingu bílastæða og fráveitulagna og jafnframt um gagnkvæman umferðarrétt. Krafðist Norðurturninn viðurkenningar á því að sú kvöð veitti félaginu, sem eiganda Hagasmára 3, rétt til þess að nýta bílastæði á lóðinni við Hagasmára 1.

Auk þess krafðist Norðurturninn þess að deiliskipulag Smárans vestan Reykjanesbrautar yrði fellt úr gildi, en héraðsdómur vísaði þeirri kröfu frá dómi.



Reginn hefur sagt að niðurstaða dómsmálsins muni hafa óverulega fjárhagslega þýðingu fyrir félagið. **– kij**

Deilt er um nýtingu bílastæða við Norðurturninn.

MILLJÓNIR Í ÖLLUM
REGNBOGANS LITUM

50

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 50 MILLJÓNIR Í DAG

Íslensk Getspá
Lottó
LEIKURINN OKKAR

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ
UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

# Hútar fagna ákalli um óháða rannsókn

**Sameinuðu þjóðirnar kalla eftir rannsókn á árás sem kostaði tugi barna lífið. Uppreisnarmenn í Jemen fagna kallinu og segjast tilbúnir til samvinnu. Framkvæmdastjóri UNICEF segir árásirnar svartasta dag stríðsins. Sádi-Arabar segjast ætla að rannsaka málið sjálfir.**

**JEMEN** Hútar, uppreisnarsamtökin sem berjast gegn hernaðarbandalagi undir stjórn Sádi-Araba og ríkisstjórn Abdrabbuhs Mansurs Hadi forseta í Jemen, fögnuðu í gær ákalli Sameinuðu þjóðanna um að rannsaka skuli sérstaklega loftárásir hernaðarbandalagsins sem urðu tugum að bana á fimmtudag.

António Guterres, framkvæmdastjóri SÞ, fordæmdi árásina á fimmtudaginn og kallaði eftir óháðri rannsókn hið fyrsta. Í yfirlýsingu frá Farhan Haq, upplýsingafulltrúa Guterres, kom fram að meirihluti fórnarlamba hafi verið börn á milli tíu og þrettán ára gömul. Framkvæmdastjórinn kallaði jafnframt eftir því að alþjóðalög séu virt og að fyllsta aðgát sé höfð þegar árásir eru gerðar.

„Við fögnum ákalli framkvæmdastjórans og erum tilbúin til samvinnu,“ sagði Mohammed Ali al-Houthi, leiðtogi byltingarráðs Húta, á Twitter.

Loftárásir Sádi-Araba í Jemen eru ekki nýjar af nálinni en þessi hörðu viðbrögð eru til komin þar sem rúta, sem flutti börn á leið á sumarnámskeið, varð fyrir skothríðinni. Tugir barna fórust og særðust. Í kjölfarið sögðu Sádi-Arabar árásina hafa verið fullkomlega lögmæta og sögðu Húta skýla sér á bak við börn.

Sádi-Arabar sögðust í gær þó ætla að rannsaka málið sjálfir.



**Jemenar virða fyrir sér rútuna sem eyðilagðist. Um fjörutíu börn eru sögð hafa farist í árásinni.** NORDICPHOTOS/AFP

Ríkismiðillinn SPA hafði eftir embættismanni að hernaðarbandalagið myndi rannsaka allar ásakanir um mistök og brot á alþjóðalögum svo að hægt verði að refsa þeim sem ollu umræddum skaða.

Í gær sagði svo Henrietta Fore, framkvæmdastjóri Barnahjálpar SÞ (UNICEF), að árásirnar mörkuðu svartasta daginn í stríðinu. „En spurningin nú er sú hvort atburðurinn marki einnig vendipunkt. Hvort þetta augnablik sé til þess fallið að þrýsta á stríðandi fylkingar, öryggisráðið og alþjóðasamfélagið að gera hið rétta í stöðunni og binda enda á átökin,“ sagði Fore enn fremur.

thorgnyr@frettabladid.is

## Hljóður stuðningur

Bandaríkjamenn hafa ekki haft hátt um stuðning sinn við Sádi-Araba í Jemen. Til að mynda hefur Donald Trump forseti, sem er virkari en aðrir þjóðhöfðingjar á Twitter, einungis tíst einu sinni um ríkið og þá ekki um stríðið.

Bandaríkjamenn hafa þó vissulega stutt bandalagið. Þeir seldu Sádi-Aröbum hergögn fyrir 110 milljarða dala árið 2017. Í maí greindi New York Times frá því að bandarískir sérsveitarliðar hafi farið til Jemens til að eyða eldflaugaskotpöllum Húta. Áður hafði varnarmálaráðuneytið sagt að hlutverk bandaríska hersins í stríðinu einskorðaðist við hergagnaaðstoð. Bandaríkin hafa einnig gripið inn í íranskar vopnasendingar til Húta og skotið á þá eldflaugum af Ómanflóa.

Stuðning Bandaríkjamanna má að miklu leyti rekja til meints stuðnings Írana við Húta, en Bandaríkin vilja halda áhrifum Írana á svæðinu í lágmarki.

**LEIÐRÉTTING**

*Í umfjöllun gærdagsins kom fram að NATO styddi hernaðarbandalagið. Það er ekki rétt og biðst Fréttablaðið velvirðingar á rangfærslunni.*

**Skoda Karoq** Ambition 2.0 TDI / 4x4 / Dísil / Sjálfskiptur

**Besta Hekluverðið 5.290.000 kr.**
Tilbúinn til afhendingar.




ŠKODA

**Skoda Kodiaq** Ambition / 1.4 TSI / Bensín / 4x4 / Sjálfskiptur

**Besta Hekluverðið 5.590.000 kr.**
Tilbúinn til afhendingar.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5




## Nýr Skoda á Besta Hekluverðinu

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Skoda hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi.
**Tryggðu þér bíl á besta Hekluverðinu og aktu inn í sumarið.**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum.
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd




# TIL LUKKU MEÐ LITRÍKA LÍFIÐ!

**Gayri Smart fagnar fjölbreytileikanum sem aldrei fyrr og ætlar alla leið í gleðinni**
Í dag höldum við hinsegin hátíð á Geira Smart og í Hjartagarðinum og bjóðum upp á líf og fjör, ljúffengan mat og kokteila í öllum regnbogans litum. Tilvalið er að hefja Gleðigönguna á því að grípa með sér kaffi hjá Gayra Smart og fagna síðan öllu litrófi mannlífsins. Sjáumst!

LÍF OG FJÖR | LJÚFFENGUR MATUR | KOKTEILAR | GLEÐI

GEIRI SMART
RESTAURANT

Hverfisgata 30 | 528 7050 | geirismart.is | geiri@geirismart.is

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing um próf til viðurkenningar bókara

Með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald, er fyrirhugað að halda próf til viðurkenningar bókara 2018 sem hér segir:

- Prófhluti I: Reikningshald 11. október 2018 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16.
- Prófhluti II: Skattskil og upplýsingatækni 20. nóvember 2018 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16.
- Prófhluti III: Raunhæft verkefni 15. desember 2018 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 18.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 686/2015 um próf til viðurkenningar bókara og til prófefnislýsingar sem birt er á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is.
Próftökugjald fyrir hvert próf er kr. 37.500.

Próftökugjöld skal greiða í síðasta lagi á eindaga sem verður auglýstur síðar. Við skráningu skal staðfest að fullnægt sé skilyrðum 43. gr. laga nr. 145/1994 um að próftökumaður sé lögráða og hafi forræði á búi sínu (að búið hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta).

Væntanlegir prófmenn skulu skrá sig til prófs á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is eða á heimasíðu framkvæmdaraðila prófanna www.promennt.is

*Reykjavík, 7. ágúst 2018*
*Prófnefnd viðurkenndra bókara*


# Stjórnarandstæðingur ákærður í Simbabve

**Simbabvesk yfirvöld hafa ákært stjórnarandstæðing fyrir að kynda undir ofbeldi. Hann hafnar sök. Bandaríkin gagnrýna aðgerðir gegn stjórnarandstöðunni og SÞ segja að Sambía gæti hafa framið lögbrot með framsali mannsins.**

**SIMBABVE** Tendai Biti, fyrrverandi fjármálaráðherra Simbabve, var í gær dreginn fyrir dóm og ákærður, sakaður um að hafa kynt undir ofbeldi eftir kosningar sem fram fóru á mánudaginn í síðustu viku. Biti er hátt settur meðlimur stjórnarandstöðuflokksins Hreyfingin fyrir lýðræðisumbætur (MDC).

Biti lýsti yfir sigri fyrir hönd forsetaframbjóðanda flokksins stuttu eftir kosningar, þrátt fyrir að úrslit hafi ekki verið kynnt. MDC-liðar sögðu að brögð væru í tafli, tafir hafi orðið á tilkynningunni þar sem landskjörstjórn væri að hagræða úrslitum. Á miðvikudegi eftir kosningar brutust mótmæli MDC-liða út í átök við lögreglu og fórust sex mótmælendur.


Tendai Biti í járnum í Harare, höfuðborg Simbabve. NORDICPHOTOS/AFP

Eftir kosningarnar, sem flokkurinn ZANU-PF vann, hefur Emmerson Mnangagwa forseti beitt sér af hörku gegn stjórnarandstöðu. Lýst var eftir Biti og átta öðrum MDC-liðum í upphafi vikunnar og var Biti handtekinn á miðvikudaginn.

Biti var þá rétt kominn yfir landamærin og til Sambíu þar sem hann sótti um hæli en var fluttur aftur til Simbabve. Hann á yfir höfði sér tíu ára fangelsisdóm. „Þetta er mikil þolraun en við lifum þetta af. Við höldum áfram baráttunni,“ sagði Biti þegar honum var sleppt úr fangelsi gegn tryggingu.

Bandaríska ríkisstjórnin er á meðal þeirra sem hafa sagst hafa áhyggjur af ástandinu í Simbabve. Utanríkisráðuneytið sagði á fimmtudaginn að svo gæti farið að Sambíumönnum yrði refsað fyrir að hafa framselt Biti.

Undir þetta hefur flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna tekið. Sagt að það gæti verið alvarlegt brot á alþjóðalögum að afhenda Biti simbabvesku lögreglunni ef frásögn lögmanns Biti um að hæstiréttur Sambíu hafi áður kveðið upp úrskurð um að ekki mætti afhenda Biti væri rétt.

Í gær sótti Nelson Chamisa, sem laut í lægra haldi fyrir Mnangagwa, stjórnlagadómstól heim þar sem hann kærði kosningarnar. Dómstóllinn hefur nú þrettán daga til að kveða upp úrskurð í málinu.

thorgnyr@frettabladid.is


**VW Tiguan Allspace** Comfortline+ 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn / Sjö sæta / Dráttarbeisli

**Besta Hekluverðið 6.990.000 kr.**
Fullt verð: 7.635.000 kr.

Afsláttur
**645.000 kr.**

Volkswagen




FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

## Nýr Volkswagen á Besta Hekluverðinu

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Volkswagen hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi. **Tryggðu þér Volkswagen á besta Hekluverðinu og aktu inn í sumarið.**

**VW Passat GTE** Tengiltvinnbíll / Sjálfskiptur / **Vistvænn**

**Besta Hekluverðið**
**4.690.000 kr.**



**VW T-Roc** 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn

**Besta Hekluverðið**
**4.490.000 kr.**



**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum.
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd


ALLIR SKRIFBORÐSSTÓLAR
20-40%
ÖLL SKRIFBORÐ OG BÓKAHILLUR
20-30%
VINSTRA GÆSADÚNSÆNG
50%
SÆNG FULLT VERÐ: 19.990
9.990
PLUS
ÞÆGINDI & GÆÐI
Downafresh
Hygiene according to DIN EN 12935
ALLAR SKÓHILLUR
20%
VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ALLIR SPEGLAR
30%
ALLAR ÁBREIÐUR
25%
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

# Bjarga barnslífum með fræðsluátaki

**Læknar, ljósmæður og heilbrigðisstarfsmenn munu taka þátt í nýju fræðsluátaki sem sannað þykir að bjargar barnslífum. Mæðrum verður kennt að þekkja hreyfingar barns síns á seinni hluta meðgöngu. Rúmlega sjötíu manns hlaupa og safna fyrir fræðsluátakinu.**


Anna Lísa, einn stofnenda styrktarsjóðsins Gleym mér ei, í duftreitnum í Fossvogskirkjugarði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Gerður Rún og Matthías heiðra minningu dóttur sinnar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega sjötíu manns hlaupa fyrir góðgerðarfélagið Gleym mér ei í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka um næstu helgi og safna fyrir nýrri herferð og vitundarvakningu sem er ætlað að bjarga barnslífum.

Gleym mér ei er félag með þann tilgang að halda utan um sjóð sem notaður er til að styrkja ýmis málefni í tengslum við missi barns á meðgöngu eða í/eftir fæðingu.

„Við stefnum á það að safna þremur milljónum fyrir „Spörkin telja“, fyrirbyggjandi fræðsluherferð þar sem verðandi mæðrum er kennt að þekkja hreyfingar barnsins síns á seinni parti meðgöngu. Það hafa aldrei jafn margir hlaupið fyrir okkur,“ segir Anna Lísa Björnsdóttir, einn stofnandi félagsins.

Árið 2015 voru 10 andvana fæðingar á Íslandi. „Ef vel gengur, eins og til dæmis í Hollandi, væri mögulega hægt að bjarga sex börnum á hverju ári,“ segir Anna Lísa frá. „Þar í landi taka ljósmæður og aðrir heilbrigðisstarfsmenn þátt í að fræða verðandi mæður. Hlutfall þeirra barna sem er áætlað að sé bjargað á hverju ári er um 60% og það má því með sanni segja að það er til mikils að vinna.“ Góðgerðarfélagið hefur unnið að fjölmörgum verkefnum frá stofnun þess fyrir um fimm árum. Til að mynda gefið kælivöggur til heilbrigðisstofnana. Kælivaggan gefur foreldrum barna sem hafa látist við fæðingu meiri tíma til að vera með barninu. Vaggan heldur líkama þess hæfilega köldum og því geta foreldrar haft barnið hjá sér í allt að tvo sólarhringa, í stað örfárra klukkutíma eins og áður. Félagið gaf síðast kælivöggu til útfararþjónustu Kirkjugarða Reykjavíkur.

„Þá geta foreldrar fengið að taka krílin með heim og eiga rólega stund með aðstandendum,“ segir Anna Lísa og segir þá þjónustu foreldrum að kostnaðarlausu. „Útfararstofan tekur á sig að aðstoða foreldrana en við gáfum þeim kælivögguna sem kostar rúmlega 400.000 krónur,“ segir Anna Lísa frá.

Þá safnaði félagið fyrir endurbótum á duftreit fyrir fóstur í Fossvogskirkjugarði í samstarfi við Kirkjugarða Reykjavíkur. Grafreiturinn er nú endurbættur og þykir prýði.

Eitt af nýlegum verkefnum félagsins er gjöf til foreldra sem missa börn á meðgöngu. Minningarkassi um barnið til að taka með sér heim.

Brynja Ragnarsdóttir, fæðingarlæknir á kvennadeild LSH, fagnar átakinu. „Árangur af fræðslu um minnkaðar hreyfingar er studdur góðum rannsóknum. Fræðslan þarf að vera bæði til starfsmanna mæðraverndar og til verðandi mæðra. Við styðjum átakið og tökum fullan þátt í því. Hér verður farið yfir alla verkferla,“ segir Brynja og segir að þótt tíðni andvana fæðinga sé lág á Íslandi sé til mikils að vinna.

**Hlaupa í minningu dóttur sinnar**

Matthías Friðriksson og Gerður Rún Ólafsdóttir eru á meðal þeirra sem hlaupa fyrir samtökin. Þau misstu dóttur sína, Líf Matthíasdóttur, fimm daga gamla.

„Við höfum góða reynslu af samtökunum. Þau hjálpuðu okkur í janúar 2018 þegar við misstum dóttur okkar, Líf Matthíasdóttur. Hún var aðeins 5 daga gömul þegar hún lést. Gleym mér ei færði okkur minningarkassa sem innihélt ýmsa fallega og nytsamlega hluti sem komu sér vel á erfiðum tíma. Þau gáfu einnig Kvennadeild LSH kælivögguna sem við fengum afnot af eftir andlát Lífar,“ segir Matthías.

„Við viljum leggja okkar af mörkum til að heiðra minningu Lífar og styrkja þannig félagið til að hlúa enn betur að foreldrum sem missa börn á meðgöngu, í fæðingu eða nýbura. Hreyfing er góð leið til að dreifa huganum og liggur hún vel fyrir okkur svo að taka þátt í stærstu fjáröflun Gleym mér ei átti vel við,“ segir Gerður Rún.

kristjanabjorg@frettabladid.is

**frettabladid.is** Lengri útgáfa af greininni er á frettabladid.is



# RAÐAÐU SAMAN EFTIR ÞÍNU HÖFÐI

CUSTOMMADE FLEX, HANNAÐUR AF ÞÉR

Þú velur milli mismunandi áklæða eða leðurgerða.

**1** VELDU ÚTFÆRSLU 50 MISMUNANDI SAMSETNINGAR



**2** VELDU BAKPÚÐA
4 mismunandi bakpúðar



**3** VELDU ARMA
6 mismunandi armar

**4** VELDU ÁKLÆÐI
112 mismunandi áklæði

**5** VELDU FÆTUR
13 mismunandi fætur

Sérpöntun - CUSTOMMADE FLEX sófi. Grátt endingargott áklæði. L 316 x D 220 cm. 394.700 kr. Nú 296.020 kr.

# SÓFADAGAR

TILBOÐUM LÝKUR 12. ÁGÚST

## 25-50%

AF ÖLLUM SÓFUM, HÆGINDASTÓLUM, SVEFNSÓFUM OG SÓFABORÐUM



TOLUCA SVEFNSÓFI
NÚ 39.900
SPARAÐU 20.000

TOLUCA svefnsófi. Dökkgrátt áklæði. Svefnflötur 140x197 cm.
59.900 kr. Nú 39.900 kr.



LISSABON sófi. Tveggja sæta sófi með gráu áklæði og eikarfótum.
L 182 x D 86 x H 84 cm. 129.900 kr. Nú 89.900 kr.



LESSONA sófaborð. Bleikt, grátt eða sandlitað.
40x70 cm. 24.900 kr. Nú 12.450 kr
35x50 cm. 19.900 kr. Nú 9.950 kr.



KINGSTON 2,5 sæta sófi. Grátt endingargott áklæði. L198 cm.
209.900 kr. Nú 154.900 kr.



ANDORRA hornsófi með legubekk. Dökk grátt áklæði. L308 x D203 cm.
179.900 kr. Nú 124.900 kr.



ENDLESS sófaborð 70x100 cm.
Svört grind með eikarplötu. 39.900 kr.
Nú 29.900 kr.



2 FYRIR 1 AF ÖLLUM PÚÐUM



30-50% AF ÖLLUM MOTTUM



50% AF ALLRI SUMARVÖRU

COPENHAGEN stóll. Ýmsir litir. 19.900 kr. Nú 9.950 kr.

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta auglýsingar villur.

# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

## LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
***– við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

**GLÆSILEGIR NÝIR BÍLAR!**

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### CITROËN C3 Feel 1,2

82 hö, beinskiptur, bensín

Verð áður: 2.220.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 1.920.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 300.000 KR.**



### MAZDA CX-3 Vision 2,0

120 hö, sjálfskiptur, bensín

Verð áður: 3.410.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 3.060.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 350.000 KR.**




### VOLVO V60CC

Inscription D3 FWD 2,0 150hö dísil, sjálfskiptur

Verð áður: 6.104.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 5.340.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 764.000 KR.**






## FORD EXPEDITION

Hlaðinn aukabúnaði

Verð áður: 18.390.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 15.490.000 KR.**

# ALLT Á EINUM STAÐ

## PEUGEOT 308 SW 1,2

130 hö, beinskiptur, bensín

Verð áður: 3.400.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 3.100.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 300.000 KR.**




## FORD KA+ ULTIMATE SPORT

beinskiptur, með öryggispakka

Verð áður: 1.950.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 1.790.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 160.000 KR.**




ÚRVAL!
ÚRVAL!
ÚRVAL!

***SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG***

***– Komdu í reynsluakstur í dag!***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Mikill léttir



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fyrir fáum áratugum hokraði hér norður í ballarhafi einsleit og einangruð þjóð. Útlent fólk var sjaldséð, hvað þá fólk af asísku eða afrísku bergi brotið. Fáir tóku sér í munn orðin hommi og lesbía – þau voru skammaryrði.

Við rákum upp stór augu þá sjaldan þeldökkt fólk eða gestir frá fjarlægum löndum í framandi klæðum sáust á ferli. Litbrigði mannlífsins voru fábreytt, að minnsta kosti á yfirborðinu.

Hómósexúalismi var ræddur í skúmaskotum, margir litu hann hornauga og fóru ekki leynt með andúð sína á blásaklausu fólki. Hommum og lesbíum var gert óbærilegt að opinbera hneigðir sínar. Fyrirmyndarfólk, sem enn er í fullu fjöri, hraktist úr landi til að fá að vera það sjálft í friði.

Flestir sem náð hafa miðjum aldri þekkja dæmi – eiga vini, kunningja eða ættingja sem flúðu til New York, London eða Kaupmannahafnar. Ekki vegna þess að í útlandinu hafi umburðarlyndið verið meira og almennara, frekar af því að þar býr fleira fólk og þar af leiðandi voru fleiri á sama báti. Samkynhneigðir mynduðu jaðarhópa og höfðu stuðning hver af öðrum.

Sökum fámennis urðu slík samfélög óburðug hér á landi. Því var til skamms tíma ekki í mörg hús að venda. Við þekkjum margar sögur af landflótta ráðvilltum ungmennum. Hvílík grimmd – dökkur blettur nýliðins tíma.

Samt voru Íslendingar líklega hvorki betri né verri en fólk í öðrum nálægum löndum. Alls staðar eru hópar sem láta hluti sem þeim koma ekki við eitra andrúmsloftið. Trúarofstæki, rasismi og andúð á fólki vegna kynhneigðar eru af sama toga.

Sennilega er það óhamingjusamt fólk upp til hópa – oft brjóstumkennanlegt – sem sökum eigin ranghugmynda sér ógn í blásaklausu fólki. Málflutningur þeirra verður sem betur fer æ meira hjáróma. Sólarmerkin sem blasa við tala sínu máli. Veruleikinn afhjúpar hleypidómana.

Við þekkjum flest fólk af erlendu bergi brotið – arabískt, asískst og afrískt – sem hefur aðlagast vel. Við höfum fylgst með því breyta daglegu lífi og bæta á fjölmörgum sviðum. Nægir að nefna matargerð, vísindi, listir og íþróttir. Með líku lagi eru hommar og lesbíur í forystuhlutverkum hér og hvar. Þetta fólk gerir dómhörkuna og heimóttarskapinn fáránlegan með breytni sinni.

Líklega var hér alla tíð eins og víðast hvar lágvær meirihluti skynsamra, sem lét sér kynhneigð náungans í léttu rúmi liggja, leit á hana sem einkamál hvers og eins. Alltaf voru samkynhneigð pör, karlar og konur, sem fundu taktinn og lifðu lífinu án þess að láta forpokuð sjónarmið trufla sig með áberandi hætti. En um það var lítið talað – margir lifðu í felum. Nú er þetta allt sjálfsagt. Það er mikill léttir fyrir okkur öll.

Hinsegin dagar og gleðiganga eru sigurhátíð fjölbreytileikans – sigurhátíð okkar allra.

**Samt voru Íslendingar líklega hvorki betri né verri en fólk í öðrum nálægum löndum. Alls staðar eru hópar sem láta hluti sem þeim koma ekki við eitra andrúmsloftið.**

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Steingrímur og gúrkan

Eitt dularfyllsta mál sumarsins kann að eiga sér vísindalegar skýringar.

Ef þú lest þessar hugleiðingar yfir morgunkaffinu gætir þú enn litið sólmyrkvann sem sjáanlegur er í dag alls staðar á landinu ef vel viðrar. Um er að ræða deildarmyrkva þar sem tunglið hylur sólu að hluta og nær hann hámarki rétt fyrir klukkan níu.

Mannkynið er sjálfhverf dýrategund sem staðsetur sig alla jafna í miðju alheimsins sé því komið við. Fyrir tíma tækni og vísinda, þegar sólin snerist enn í kringum manninn, tókum við sólmyrkva persónulega. Er himnarnir myrkvuðust hlaut það að hafa eitthvað með okkur að gera: kóngurinn var ekki að standa í stykkinu; guðirnir voru okkur reiðir; Jón og Sigga á næsta bæ áttu í framhjáhaldi; við lögðum okkur til munns ranga fæðu á röngum tíma. Grikkir til forna trúðu því að sólmyrkvi stafaði af því að guðunum mislíkaði hegðun þeirra; í Gamla testamentinu boðar sólmyrkvi dómsdag: „Á þeim degi – segir Drottinn Guð – vil ég láta sólina ganga til viðar um miðjan dag og senda myrkur yfir landið á ljósum degi."

Sjálfhverf rangtúlkun á ráðgátum veraldarinnar einskorðast þó ekki við undur náttúrunnar.

### Pólitísk endastöð

Gúrkutíð. Hugtakið er notað um tímann þegar lítið er í fréttum. Í venjulegu árferði ættum við að vera stödd á síðari hluta gúrkutíðar. Einum manni er hins vegar svo fyrir að þakka að minna hefur farið fyrir gúrkunni í ár en oft áður.

Þótt næstum mánuður sé liðinn frá hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum er hann enn í fréttunum. Í vikunni skammaði Jón Kalman Stefánsson rithöfundur Steingrím J. Sigfússon, forseta Alþingis, fyrir að hafa boðið einum alræmdasta þjóðernissinna Norðurlanda til samkomunnar. Sagði hann Steingrími bera að „biðjast afsökunar, standa upp úr stól sínum og hleypa öðrum að".

Steingrímur er eins og farþegi sem sofnaði í strætó og stígur vankaður út á pólitískri endastöð. Piu-málið hefði átt að vera skandall dagsins – mesta lagi vikunnar – en hefur nú undið svo upp á sig að fólk er farið að krefja Steingrím um afsögn. Steingrímur hefði þó hæglega getað kæft hneykslið í fæðingu með því einu að viðurkenna mistök. Ráðgáta sumarsins er þessi: Hvers vegna gerði hann það ekki?

Eins og Grikkir til forna sem töldu sólmyrkvann snúast um þá sjálfa ákvað ég, í ljósi skorts á vísindalegum útskýringum, að túlka það sem svo að þvermóðska Steingríms snerist um mig. Af einskærri ósérplægni gerðist Steingrímur klappstýra fremsta rasista Norðurlanda af greiðvikni við alla álitsgjafa landsins; hann var að hlífa okkur við gúrkutíðinni.

En í vikulok hrundi þessi heimsmynd mín. Rétt eins og sólmyrkvinn á Piu-málið sér vísindalegar skýringar.

### Pínlegt

Ný rannsókn sem gerð var við háskólann í Iowa sýnir að hæfni okkar til að sjá villu okkar vegar dvínar með aldrinum. Þátttakendum í rannsókninni var gert að spila einfaldan tölvuleik sem fólst í því að þegar hringur birtist á jaðri skjás áttu þeir að forðast að líta á hann. „Góðu fréttirnar eru þær að hinir eldri leystu verkefnið jafnvel af hendi og þeir yngri," sagði Jan Wessel, prófessor í taugavísindum, um rannsóknina. Þegar þátttakendur voru fengnir til að meta eigin frammistöðu var raunin hins vegar önnur. „Við komumst að því að geta þeirra eldri til að koma auga á mistök sín er töluvert skert." Fólk undir þrítugu viðurkenndi mistök í 75% tilfella. Fólk yfir sextugu viðurkenndi mistök í aðeins 63% tilfella.

Nauðsynlegt er þeim sem ætla að horfa á sólmyrkvann að skýla augum sínum með hlífðarbúnaði á borð við sólmyrkvagleraugu. Þegar aldurinn færist yfir fylgir þvermóðskan með – því sýnum við öll skilning. Svo pínlegt er hins vegar orðið að horfa upp á Steingrím standa einan á pólitískum berangri, skakandi klappstýrudúskum til heilla Piu Kjærsgaard að óskandi væri að hlífðarbúnaður væri fáanlegur sem verndaði augun fyrir þeirri skaðræðissjón.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




# FIMASTUR!

Ford Focus er fimur bíll enda þekktur fyrir frábæra aksturseiginleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, leiðsögukerfi með Íslandskorti, nálægðarskynjurum, 8" snerti/litaskjá, My Key, upphitanlegri framrúðu o.fl.

Aukabúnaður innifalinn:
Dökkar rúður í farþegarými og málmlitur.

AFSLÁTTUR
**-310.000 KR.**

FOCUS TREND EDITION
**3.105.000 KR.**

**TILBOÐSVERÐ:**
**2.795.000 KR.**

*Ford er frábær!*
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17

# Kaupóðir nýliðar stefna hátt

**Aðeins tvö félög í ensku úrvalsdeildinni eyddu hærri fjárhæðum í leikmenn en Fulham í félagaskiptaglugganum sem var lokað í fyrradag. Nýliðarnir ætla sér stóra hluti í vetur og fallbarátta á ekki að vera á dagskrá.**

**FÓTBOLTI** Lið Fulham sem tekur á móti Crystal Palace í 1. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í dag verður mikið breytt frá liðinu sem komst upp úr B-deildinni á síðasta tímabili. Fulham fór hamförum á félagaskiptamarkaðnum í sumar og fékk alls tólf leikmenn. Fimm þeirra komu á lokadegi félagaskiptagluggans.

Eigandi Fulham, Shahid Khan, er sterkefnaður og er í 216. sæti yfir ríkustu einstaklinga heims. Hann keypti Fulham af Mohamed Al Fayed sumarið 2013. Khan hefur einnig átt NFL-félagið Jacksonville Jaguars síðan 2011.

Khan vill ná árangri sem sést bersýnilega á þeim félagaskiptum sem Fulham gerði í sumar. Fulham keypti leikmenn fyrir 110,5 milljónir punda. Aðeins Liverpool (170,8 m) og Chelsea (122 m) eyddu hærri fjárhæðum í leikmenn en Fulham. Þetta er í fyrsta sinn sem nýliðar í ensku úrvalsdeildinni eyða meira en 100 milljónum punda í leikmenn og til að setja eyðsluna í samhengi keyptu Manchester-liðin, City og United, leikmenn fyrir samtals 126,8 milljónir punda í sumar.

Kaup Fulham á Jean Michaël Seri frá Nice vöktu mikla athygli en ekki er langt síðan hann var orðaður við félög á borð við Barcelona, Chelsea og Arsenal. Seri er samt ekki dýrasti leikmaðurinn sem Fulham keypti í sumar. Þann heiður fær kamerúnski miðjumaðurinn André-Frank Zambo Anguissa sem var keyptur fyrir 30 milljónir punda frá Marseille. Aleksandar Mitrovic, sem skoraði 12 mörk er hann lék sem lánsmaður með Fulham seinni hluta síðasta tímabils, var keyptur fyrir 22 milljónir punda frá Newcastle United og 15 milljónir punda fóru í miðvörðinn Alfie Mawson sem hefur verið að banka á dyrnar hjá enska landsliðinu.

Fulham fékk einnig fimm leikmenn að láni. André Schürrle, sem lagði upp sigurmarkið í úrslitaleik HM 2014, kom á láni frá Borussia Dortmund, argentínski framherjinn Luciano Vietto kom frá Atlético Madrid, spænski markvörðurinn Sergio Rico frá Sevilla og varnarmennirnir Calum Chambers og Timothy Fosu-Mensah komu svo á láni frá Arsenal og Manchester United.

Fulham fékk ekki alla þessa leikmenn til þess eins að halda sér í deildinni. Lundúnafélagið ætlar sér stærri hluti og nái serbneski knattspyrnustjórinn Slavisa Jokanovic að mynda sterka liðsheild gæti Fulham endaði í efri hluta deildarinnar.

**ingvithor@frettabladid.is**

## Leikmenn sem Fulham fékk í sumar (kaupverð í milljónum punda)


**André-Frank Zambo Anguissa**
30 milljónir


**Jean Michaël Seri**
25 milljónir


**Aleksandar Mitrovic**
22 milljónir


**Alfie Mawson**
15 milljónir


**Maxime Le Marchand**
7,5 milljónir


**Joe Bryan**
6 milljónir


**Fabri**
5 milljónir


**André Schürrle**
Lán


**Calum Chambers**
Lán


**Sergio Rico**
Lán


**Luciano Vietto**
Lán


**Timothy Fosu-Mensah**
Lán

**110,5**

**milljónir punda keypti Fulham leikmenn fyrir í sumar.**

**» Fulham fékk alls fimm leikmenn til sín á lokadegi félagaskiptagluggans.**


Vasar Shahids Khan, eiganda Fulham, eru djúpir. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

| | |
|---|---|
| **ÍBV - Breiðablik** | **1-1** |

0-1 Berglind B. Þorvaldsdóttir (32.), 1-1 Cloé Lacasse (80.).

| | |
|---|---|
| **Grindavík - Stjarnan** | **1-2** |

0-1 Harpa Þorsteinsdóttir (47.), 0-2 Þórdís H. Sigfúsdóttir (54.), 1-2 Rio Hardy (68.).

| | |
|---|---|
| **HK/Víkingur - Valur** | **1-2** |

1-0 Karólína Jack (9.), 1-1 Fanndís Friðriksdóttir (16.), Guðrún K. Sigurðardóttir (81.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 34 | Selfoss | 15 |
| Þór/KA | 32 | HK/Víkingur | 13 |
| Valur | 26 | KR | 12 |
| Stjarnan | 25 | Grindavík | 9 |
| ÍBV | 15 | FH | 6 |

**Inkasso-deild kvenna**

| | |
|---|---|
| **Fjölnir - Sindri** | **3-0** |
| **Keflavík - Fylkir** | **0-1** |
| **Þróttur R. - ÍA** | **1-2** |
| **ÍR - Afturelding/Fram** | **0-2** |

**Enska úrvalsdeildin**

| | |
|---|---|
| **Man. Utd. - Leicester** | **2-1** |

1-0 Paul Pogba (víti) (3.), 2-0 Luke Shaw (83.), 2-1 Jamie Vardy (90.).

## Axel og Birgir í undanúrslit

**GOLF** Axel Bóasson og Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingar í golfi, hafa tryggt sér sæti í undanúrslitum í liðakeppni á Evrópumeistaramótinu sem fram fer á Gleneagles vellinum í Skotlandi þessa dagana. Það gerðu þeir með því að leggja Noreg að velli í lokaumferð í riðlakeppni mótsins gær.

Undanúrslit mótsins fara fram á morgun, en í dag fer fram keppni blandaðra liða, þar sem karlar og konur leika í fjórmenningi. Birgir Leifur og Valdís Þóra Jónsdóttir leika þar saman, og Axel og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir eru saman í liði. **– hó**




# ALLAR SKÓLATÖSKUR FRÁ 30% AFSLÆTTI

## - NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR! -

**LÝKUR Á MORGUN!**



**Bakpoki svartur og munstraður**
TILBOÐSVERÐ: 11.899.-
Verð áður: 16.999.-




**Bakpoki blómamunstur**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki neon rendur**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki svartur**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-




**Bakpoki grár**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-




**Bakpoki geimskip**
TILBOÐSVERÐ: 14.139.-
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki blár**
TILBOÐSVERÐ: 6.999.-
Verð áður: 9.999.-




**40% AFSLÁTTUR**




**50% AFSLÁTTUR**




**60% AFSLÁTTUR**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð á töskum gildir til og með 12. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


5 DAGA
TAX
FIMMTUDAGUR TIL MÁNUDAGS
EKKI MISSA AF ÞESSU
Allar vörur á taxfree tilboði*
* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema vörum frá IITTALA og jafngildir 19,35% afslætti.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.
Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga
Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga
Ísafjörður
Skeiði 1
www.husgagnahollin.is
558 1100




HÚSGAGNA
HÖLLIN



Ráðlegt er að fara nokkrum sinnum út að skokka í vikunni til að halda líkamanum sprækum. Najmo minnir á barnabrúðkaup og hleypur fyrir Amnesty International. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Ekki byrja of geyst

Þúsundir reima á sig hlaupaskóna í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka næsta laugardag. Hollt mataræði, nægur svefn og rólegar æfingar leggja grunninn að góðu hlaupi.

Fjölbreytt og kolvetnaríkt mataræði, nægur svefn og rólegar æfingar. Þetta ættu þeir sem hyggjast reima á sig hlaupaskóna næsta laugardag, þegar Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram í 35. sinn, að hafa í huga síðustu vikuna fyrir hlaupið.

Því miður er borin von að bæta þolið, nú þegar aðeins fáeinir dagar eru til hlaupsins, heldur ætti undirbúningur hlaupara fyrst og fremst að miða að því að þeir mæti úthvíldir til leiks. Ráðlegt er að fara nokkrum sinnum út að skokka í vikunni, til þess að halda líkamanum sprækum, en einungis rólega. Ekki skiptir síður máli að ná góðum svefni, sér í lagi síðustu tvær til þrjár næturnar fyrir hlaupið, og forðast að sama skapi allt óþarfa álag í vinnu og daglegu lífi.

Það gildir það sama um æfingar og mataræði að varast ætti allar nýjungar síðustu vikuna fyrir keppnisdag. Þá er ekki rétti tíminn til þess að spreyta sig á nýjum uppskriftum í eldhúsinu. Umfram allt skiptir máli að borða reglulega og hóflega og leggja áherslu á fjölbreytt og kolvetnaríkt fæði, svo sem kartöflur, hrísgrjón, pasta og ávexti. Æskilegt er að draga úr neyslu á mjólkurvörum og kjöti og forðast allan reyktan, saltaðan og steiktan mat, enda er hann þungmeltur.

Morgunmaturinn á hlaupadegi ætti að vera léttur, til dæmis hafragrautur eða ristað brauð, og skal helst ekki neyta hans minna en þremur klukkutímum áður en hlaupið er af stað. Ekki má heldur gleyma að dreypa á vatni af og til um morguninn sem og dagana fyrir hlaup. Ef heitt er í veðri borgar sig jafnframt að fá sér vatn á drykkjarstöðum, sem eru á um það bil fjögurra kílómetra fresti í hlaupinu, til þess að bæta upp vökvatap. Óþarft er að taka inn aðra næringu nema hlaupið sé í meira en níutíu mínútur.

### Anda í takt við hlaupahraðann

Skórnir skipta mestu máli þegar kemur að útbúnaði. Það er ómögulega hægt að nota gömlu, þreyttu hlaupaskóna en skórnir mega heldur ekki vera glænýir. Það þarf að „hlaupa þá til“, eins og sagt er, áður en keppt er í þeim. Hlaupalag fólks er ólíkt frá náttúrunnar hendi og verður því hver og einn að finna út hvaða skór henta. Byrjendur ættu þó fremur að velja þyngri skó með þykkum sóla og góða dempun heldur en þunna og létta skó sem veita fótunum minni vörn.

Það er góð tilfinning að standa á ráslínunni með þúsundum annarra hlaupara. Þó má ekki gleyma sér í stemningunni og æða of geyst af stað, eins og allt of algengt er, heldur ætti fremur að byrja rólega og auka hraðann jafnt og þétt eftir því sem líður á hlaupið. Hlauparar ættu að huga að því að slaka á í efri hluta líkamans og anda vel með bæði nefi og munni í takt við hlaupahraðann. Líkaminn á að vera uppréttur og handleggir og axlir slakar á meðan mjaðmir og fætur sjá alfarið um hlaupahreyfinguna. – **kij**

## Hugurinn kemur hlaupurum í mark

Hlaupin reynast mörgum erfið andlega ekki síður en líkamlega. Er til dæmis ekki óalgengt að hlauparar lendi á „veggnum“ svonefnda þegar langt er liðið á erfitt hlaup. Fæturnir hætta þá að geta viðhaldið hraðanum og mann langar mest af öllu að gefast upp. Þá reynir á hugann.

Ein aðferð sem hefur reynst mörgum vel til þess að komast í gegnum vegginn alræmda er að hugsa fallega til þeirra sem standa manni næst. Í miðju hlaupi – þegar endorfínið streymir um líkamann – magnast allar jákvæðar tilfinningar og hlaupið verður auðveldara viðureignar.

# Hleypur gegn barnabrúðkaupum



**Najmo Cumar Fiyasko.**

Najmo Cumar Fiyasko er rúmlega tvítug, sómölsk að uppruna en býr nú á Íslandi. Hún flúði til Íslands sextán ára gömul. Þá hafði hún verið á flótta frá þrettán ára aldri. Hún flúði heimalandið þegar átti að gefa hana í hjónaband einungis þrettán ára gamla. Najmo ákvað nýverið að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu fyrir Amnesty International og minna á baráttuna gegn barnabrúðkaupum. „Pabbi var myrtur árið 2009, þá var ég ellefu ára. Bróðir pabba tók eftir það ákvarðanir fyrir fjölskylduna, þetta er þáttur í sómalískri menningu. Þrettán ára gömul var ég svo gefin frænda mínum. Hann var 32 ára gamall,“ segir Najmo frá. Hún flúði til Mógadisjú þar sem ríkti mikið ófriðarástand. Þar slasaðist hún í sprengingu. Föðurbróðir hennar hafði uppi á henni en Najmo tókst að flýja til Súdan. Í Súdan slóst Najmo í hóp fólks sem var á flótta. Leiðin lá í gegnum Sahara eyðimörkina. Ferðalagið yfir Sahara tók heilan mánuð. Þaðan fór hún til Líbíu og þaðan með báti til Möltu og allt ferðalagið til Íslands tók nærri því heilt ár. „Það var engin framtíðarvon fólgin í því að vera áfram á Möltu. Ég ákvað því að halda áfram og stefndi til Kanada,“ segir Najmo frá.

Henni tókst ekki að komast til Kanada því hún var stöðvuð af lögreglu í Leifsstöð. „Það var áfall í fyrstu. En ég sótti um hæli hér og smám saman fann ég að mér var borgið hér. Ég bý hjá yndislegri fósturfjölskyldu og stunda nám í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Heimili mitt er hér þótt hugurinn leiti oft til Sómalíu vegna þess að ég hef áhyggjur af ástvinum mínum þar,“ segir Najmo. Hún ákvað fljótt að helga sig því að berjast gegn barnabrúðkaupum. „Ég hef óhikað sagt sögu mína og hef deilt myndböndum á netinu. Nú hefur yngri systir mín verið gefin í hjónaband. Þetta eru sár sem aldrei gróa. Ég hugsaði eitt sinn um það hvort ég ætti bara að reyna að gleyma þessu og skilja þetta eftir í fortíðinni. En það kemur ekki til greina,“ segir Najmo. Þeir sem vilja styðja við Najmo geta fundið hana á ***www.hlaupastyrkur.is.***

**NÚ HEFUR YNGRI SYSTIR MÍN VERIÐ GEFIN Í HJÓNABAND. ÞETTA ERU SÁR SEM ALDREI GRÓA. ÉG HUGSAÐI EITT SINN UM ÞAÐ HVORT ÉG ÆTTI BARA AÐ REYNA AÐ SKILJA ÞETTA EFTIR Í FORTÍÐINNI.**


Brandenburg | SÍA
HVAR ENDA
ÞÍN ÁHRIF?
Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanlegur.
Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is



„Ég myndi segja að við værum mjög lík. Ég er örugglega ívið hvatvísari og kaldhæðnari," segir Guðmundur Karl. „Já, ég er kannski eitthvað aðeins jarðbundnari," segir Sigríður og Guðmundur Karl tekur undir það. Þau systkinin eru góðir vinir og eiga það sameiginlegt að vera samkynhneigð. Þau segja hátíðahöld Hinsegin daga mikilvæg þó að margt hafi áunnist. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRSTEINN.

# Það þurfa *allir* að ganga þessa gleðigöngu

**Systkinin Sigríður og Guðmundur Friðjónsbörn segja margt hafa áunnist í baráttu hinsegin fólks.**




Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Sigríður og Guðmundur Karl bróðir hennar sitja á Kaffi Mokka við Skólavörðustíg sem hefur verið málaður í litum regnbogans. Þau eru svipsterk, afar lík og það kemur í ljós að þau eru samrýnd og góðir vinir.

Guðmundur Karl sveiflar innkaupapoka úr fataverslun á Skólavörðustíg og spyr hvort hann eigi ekki að senda blaðamanni reikninginn. „Ég hefði sko aldrei keypt þetta ef ég hefði ekki farið í þetta viðtal," segir hann og brosir út í annað.

Sigríður er, eins og landsmenn flestir vita, ríkissaksóknari og Guðmundur Karl vinnur á Útlendingastofnun og tekur á móti hælisleitendum.

Það er létt yfir þeim. Þau eru bæði á leiðinni í sumarfrí, ætla saman með hópi fólks í hjólaferð til Spánar. „Það vill svo til að við erum að fara þrjú systkinin, konan mín og nokkrir aðrir með," segir Sigríður. „Þetta verður örugglega gott frí," segir hún. „Við erum mörg sem förum. Kötturinn fær reyndar ekki að fara með," segir Guðmundur Karl kankvís.

Sigríður og Guðmundur Karl eru fædd og uppalin fyrstu æviárin í Reykjavík en fluttu svo á Höfn í Hornafirði. Þau eru börn Friðjóns Guðröðarsonar, fyrrverandi sýslumanns og lögreglustjóra, og Sigríðar Guðmundsdóttur kennara. Þau eru bæði fallin frá. Sigríður og Guðmundur eiga tvær alsystur, Ingu Sólveigu sem starfar sem ljósmyndari og Halldóru, sem starfar hjá fjármálaráðuneyti. Þau eiga eina hálfsystur, Ingileif Hrönn.

„Við fluttum til Hafnar 1974 þegar hringvegurinn var opnaður. Þá var ég tíu ára og Sigga þrettán ára," segir Guðmundur Karl.

„Við bjuggum þar í nokkur ár og svo fórum við bæði í framhaldsskóla í Menntaskólanum á Laugarvatni. Við unnum hin ýmsu sumarstörf á Höfn fram yfir tvítugt," segir Sigríður.

„Já, bara nefndu það!" segir Guðmundur Karl. „Ég vann einu sinni sem línumaður hjá Rarik og hjá Mjólkurstöðinni að búa til osta."

„Ég vann líka einu sinni í kjötborðinu í Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga við að skammta kjötfars. Það sumarið var ég að bíða eftir síldinni. Ætlaði að verða rík og fara í nám til Ameríku. Ég ætlaði að læra erfðafræði í Ameríku og var komin með umsóknarpappírana og allt klárt. En síldin kom ekki og ég fór suður og fór að skoða kennsluskrána og hugsaði með mér að kannski ég ætti ekki að verða vísindamaður og valdi lögfræðina, það var algjör skyndiákvörðun," segir Sigríður frá.

Guðmundur Karl tók líka skyndiákvörðun á sama tíma. „Ég fór í háskólann í bókmenntafræði. Ég og vinkona mín vorum nýkomin úr leikferðalagi með stúdentaleikhúsinu. Við höfðum sýnt rokksöngleikinn Ekkó – guðirnir ungu um allt land, fimmtíu sýningar. En vorum auralaus. Rukum upp í háskóla og völdum okkur einhver fög. Grenjuðum okkur inn. Ég skráði mig í bókmenntafræði. En ég var bara einn vetur, í rauninni bara til að fá námslán. Ég fór svo seinna í listnám í Bandaríkjunum og Kanada," segir Guðmundur Karl.

Sigríður og Guðmundur Karl eru bæði ánægð með það hvert skyndiákvarðanir á yngri árum hafa leitt þau.

„Ég er að vinna í móttökuteymi sem tekur á móti fólki. Ég hef starfað við þetta í tvö ár. Þetta getur tekið á. Maður hefur auðvitað samúð með fólki og getur oft ekki ímyndað sér þær aðstæður sem fólk kemur úr. Við búum við svo mikil forréttindi hér," segir Guðmundur Karl. „Maður hefur talað við fólk sem kemur þaðan sem samkynhneigð er dauðasök."

*Eruð þið lík að eðlisfari?*

„Já, ég myndi segja að við værum mjög lík. Ég er örugglega ívið hvatvísari og kaldhæðnari," segir Guðmundur Karl.

„Já, ég er kannski eitthvað aðeins jarðbundnari," segir Sigríður og Guðmundur Karl tekur undir það.

„Hún ígrundar hlutina betur en ég. Við segjum samt hvort öðru alls ekki fyrir verkum. Við erum tengd mjög sterkum böndum og erum lík að eðlisfari," segir hann.

Þau hafa tekið þátt í Hinsegin dögum og gleðigöngunni og segja hátíðahöldin mikilvæg.

„En maður hefur dregið sig í hlé, nú þegar maður fær ekki alla athyglina. Nú er enginn maður með mönnum nema hann sé trans," segir hann og brosir út í annað. „Það er eðlilegt að umræðan sé þarna núna. Við erum bara orðin gamaldags," segir Guðmundur Karl. „Hátíðahöldin eru mikilvæg, það bætist alltaf fólk í hópinn. Það þurfa allir að ganga þessa gleðigöngu. Gleði- og þrautagöngu, en þetta er nú lítil þrautaganga lengur. Sem betur fer," segir hann.

Þau segja margt hafa áunnist í baráttu fyrir réttindum hinsegin fólks. Og réttindabaráttan gjörbreytt að auki. „Við gamla fólkið skiljum þetta ekki en getum flett þessu upp. Samtökin gáfu út orðabók sem er hægt að styðjast við. En við erum reyndar ekkert gömul! Hlutirnir hafa bara breyst hratt á stuttum tíma," segir hann.

„Fyrir ekkert rosalega mörgum árum þótti hommum og lesbíum tvíkynhneigð hálfgerð svik. Það væri bara ekkert til. Þessu fleygir fram. Og þegar ég var ung þá mátti ekki auglýsa böll fyrir samkynhneigða í útvarpi. Samfélagið hefur svo sannarlega gjörbreyst," segir Sigríður.

„Nú veður þetta bara uppi!" segir Guðmundur Karl.

Þeim þykir hátíðin hafa breyst. „Gammósíukerlingarnar í Breiðholtinu eru svolítið búnar að taka

**MAÐUR SKÝLDI SÉR BARA Á BAK VIÐ EITÍS TÍSKUNA, FLAUT ÚT ÚR SKÁPNUM Í PILSI MEÐ FJÓLUBLÁAN VARALIT.**

Guðmundur Karl

**ÞAÐ MÁ EKKI VERÐA SVO MIKILL PÓLITÍSKUR RÉTTRÚNAÐUR AÐ FÓLK MEGI EKKI TJÁ SIG. ÞAÐ MÁ EKKI VERÐA EINHVER HALLELÚJA STEMNING.**

Sigríður

þetta yfir. Þetta er orðin svo mikil fjölskylduhátíð, það er gott en ekki endilega brjálæðislega skemmtilegt.

Það er frábært að fólk sýni samstöðu, viðurkenningu og jákvæðni. Páll Óskar kemur með glamúrinn í gönguna,“ segir Guðmundur Karl.

„Hann hefur verið á palli í göngunni og ég og konan mín á hjóli fremst. Svo við erum búin með þann pakka,“ segir Sigríður og brosir.

„Mér fannst skemmtilegra þegar gangan fór niður Laugaveginn, því fylgdi meiri stemning,“ bætir hún við.

*Eruð þið búin að hlusta á Indriða lesa athugasemdir Jóns Vals Jenssonar?*

„Já, hann er guðdómlega galinn. Sem betur fer eru ekki allir á sama máli. En það verður alltaf að vera einhver Jón!“ segir Guðmundur Karl og Sigríður tekur undir. „Það má ekki verða svo mikill pólitískur réttrúnaður að fólk megi ekki tjá sig. Það má ekki verða einhver hallelúja stemning. Fólk verður að hafa frelsi til að tjá sig. Auðvitað getur alltaf einhver farið yfir strikið og jafnvel brotið lög, þá tökum við á því,“ segir Sigríður.

Þau systkinin áttu ekki í nokkrum erfiðleikum með að greina ástvinum sínum frá samkynhneigð sinni á sínum tíma. „Ég spáði ekkert alltof mikið í þetta. Maður skýldi sér bara á bak við eitís tískuna, flaut út úr skápnum í pilsi með fjólubláan varalit,“ segir Guðmundur Karl.

„Ég sagði foreldrum mínum einfaldlega frá því að ég ætti kærustu. Það var svo einfalt. Og það gekk vel. Áður höfðu foreldrar áhyggjur. Þeir óttuðust að lífið yrði erfitt börnum þeirra,“ segir Sigríður og segir ekki líku við að jafna í dag. „Þetta er allt saman auðveldara í dag,“ segir Guðmundur Karl.



**HANN HEFUR VERIÐ Á PALLI Í GÖNGUNNI OG ÉG OG KONAN MÍN Á HJÓLI FREMST. SVO VIÐ ERUM BÚIN MEÐ ÞANN PAKKA.**

Sigríður





Nýr Opel
GRANDL
GRANDLAND X
5
ára
ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni
Reynsluaktu Opel og
þú gætir unnið Opel Karl
til afnota í heilt ár
Pipar\TBWA \ SÍA

# FRUMSÝNDUR UM HELGINA

# ...AND X

## **Grandland X** er nýtt flaggskip í flokki sportjeppa. Þægindi, hátækni og lúxus á frábæru verði.

Komdu í þýskt frumsýningarpartý laugardaginn 11. ágúst kl. 12–16 í glæsilegum sýningarsal okkar að Krókhálsi 9. Þýskar veitingar, þýsk skemmtun og allur flotinn klár til reynsluaksturs.

**Grandland X Enjoy 1,2L MT 130ha**
Verð: 3.990.000 kr.

## Frumsýningartilboð:

# 3.790.000 kr.

**Nýttu þér frábær kjör áður en verð á nýjum bílum hækkar vegna fyrirhugaðra reglugerðabreytinga**

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér **Opel Grandland X** og bókaðu reynsluakstur á **grandland.opel.is**

**Sýningarsalur**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

# Fréttamenn sem standa undir nafni

Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Gunnþóra Gunnarsdóttir, menningar-blaðamaður, sem hefur starfað á blaðinu frá því skömmu eftir stofnun

Gunnþóra Gunnarsdóttir

*fréttamaður*






Fréttir og ítarleg umfjöllun á frettabladid.is

FRETTABLADID.IS FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ

Útgefandi og aðalritstjóri: Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is



**Litrík og skemmtileg stemning.** MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

# Kóngafólkið á **Hinsegin dögum**

Drag-sýningin „We like it like that“ var haldin í Gamla bíói á þriðjudaginn. Á sýningunni komu fram dragdrottningar og -kóngar úr Drag-Súgi, Honey LaBronx, Heklina og hin eina sanna Detox.



**Kóngafólkið í sínu fínasta pússi.**



**Hin eina sanna Detox.**



**Dragdrottningarnar léku á als oddi.**



**Spennan orðin mikil fyrir sýningu.**



**Það er allt lagt í að sýningin verði flott og skemmtileg.**

# Þátttakan í RuPaul's breytti öllu

**Matthew Sanderson, eða Detox, er best þekktur fyrir þátttöku sína í raunveruleikaþáttunum RuPaul's Drag Race árið 2013. Einnig er hann þekktur fyrir sína eigin tónlist og hefur unnið með söngkonunum Rihönnu og Keshu.**

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is





Detox var glæsileg að vanda í Gamla bíói síðasta þriðjudag áður en hún hitti aðdáendur sína og steig síðan á svið seinna um kvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Matthew er bandarískur og ólst upp í Flórída, bjó lengi í Los Angeles en er nú búsettur í Chicago. Hann hefur komið fram í dragi í nærri átján ár.

„Ég byrjaði í kringum 15 ára aldurinn, en byrjaði að stunda það í atvinnuskyni í kringum 18 aldur, sem er nærri helmingur ævi minnar, því ég er nýorðinn 33 ára. Þannig að meirihlutann af lífi mínu hef ég komið fram í dragi," segir Detox.

Hann segir að systir hans hafi, þegar þau voru yngri, oft gert grín að honum.

„Systir mín sagði alltaf: „Hvað ætlarðu að verða? Þrjátíu ára gömul dragdrottning? Hver hefur nokkurn tíma heyrt um þrjátíu ára gamla dragdrottningu?

En í dag horfir hún á mig og segir að hún hafi haft rangt fyrir sér," segir Matthew. Hann segir það þó alls ekki sjálfsagt að fá slíkt tækifæri og að þátttaka hans í Ru Paul's Drag Race hafi opnað fyrir honum margar dyr.

### Finnst gaman að ferðast um heiminn og hitta aðdáendur sína

Detox kom til Íslands í tilefni af Hinsegin dögum og tók þátt í dragsýningunni „We like it like that" sem haldin var í Gamla bíói síðasta þriðjudag.

„Það er gott að fá tækifæri til að hitta aðdáendur sína og í hvert skipti sem ég fer á nýjan stað er það verulega skemmtilegt fyrir mig," segir Detox.

Hann segir að sýningin hafi verið alveg frábær og hann hafi haft gaman af því að sjá dragið á Íslandi. Þetta var ekki hans fyrsta heimsókn til Íslands og hann hafi áður séð íslenska dragsýningu.

„Ég fór á sýningu á Kiki þegar ég var hérna í fyrra. Það er eitt af því sem mér finnst skemmtilegast við að vera á svona miklu ferðalagi, að ég fæ tækifæri til að sjá drag víða um heim, því það er svo ólíkt og hver staður hefur sinn sjarma. Allir sem komu fram á sýningunni á þriðjudaginn voru svo góðir, skemmtilegir og sætir," segir Detox.

„Ég elska að vera á ferðalagi, það gefur mér tækifæri til að skoða og sjá heiminn og hitta alls konar skemmtilegt og spennandi fólk. Ég elska að koma fram og það er verulega gefandi að vera listamaður sem fær að ferðast um veröld víða og koma fram og kynna og sýna list sína. Það eru ekki margir sem eru svona lánsamir," segir Detox.

### Erfið en skemmtileg vinna að taka þátt í RuPaul's

„Ég veit ekki hvar ég væri án tækifærisins sem ég fékk þegar ég tók þátt í RuPaul's Drag Race. Velgengni og vinsældir þáttarins ollu algjörum straumhvörfum í mínum ferli," segir Detox.

Hann hafði sótt um í fjölmörg skipti áður en hann loks komst inn sem þátttakandi. Í hverri þáttaröð eru um fjórtán þættir sem teknir eru upp á fimm til sex vikum.

„Þetta var mjög mikil vinna, sérstaklega þar sem maður er algerlega einangraður og fjarri öllum vinum og fjölskyldu í heilan mánuð að vinna brjálað langa vinnudaga og er látinn framkvæma alls kyns klikkaða hluti. En það var mjög skemmtilegt og mikil áskorun. Sem ég kunni vel að meta því það fékk mig til að leggja mig allan fram í að verða betri í því sem ég geri," segir Detox í samtali við Fréttablaðið.



Detox í frumsýningarpartíi fyrir RuPaul's Drag Race 2013. NORDICPHOTOS/GETTY

Þættirnir eru byggðir upp eins og fjölmargir aðrir raunveruleikaþættir þar sem þátttakendur þurfa að ljúka einhvers konar þraut og eru síðan dæmdir eftir því hvernig þeir framkvæma hana. Dómararnir í RuPaul's Drag Race eru yfirleitt ekki af verri endanum og meðal þeirra sem voru í uppáhaldi hjá Detox var hljómsveitin The Pointers Sisters og ein af aðaldómurunum, Michelle Visage.

„Michelle er alltaf í miklu uppáhaldi, hún hefur mikla ástríðu fyrir dragi og elskar allt sem því tengist, auk þess sem hún þekkir heiminn vel," segir Detox.

### Áhrif þáttanna augljós á drag-menninguna

Fyrsti þátturinn af RuPaul's Drag Race var sýndur árið 2009 og hefur orðið æ vinsælli með hverju árinu sem líður. Í dag horfir um hálf milljón á þáttinn þegar hann er sýndur og hefur þáttaröðin hlotið fjölda Emmy-verðlauna.

Detox segir að áhrifa þáttanna gæti augljóslega innan dragmenningarinnar.

„Þú getur séð áhrif Ru Paul's Drag Race á hina ýmsu dragmenningu. Sums staðar er þátturinn það eina sem fólk hefur til að læra af og líta upp til. Þannig að í minni samfélögum eru áhrif þáttanna meiri, sem er sérstaklega gaman fyrir mig. Þátturinn höfðar miklu meira til fjöldans í dag, sem er ótrúlega skemmtilegt fyrir okkur," segir Detox.

*Telurðu að vinsældir þáttanna hafi haft þau áhrif að drag-menning almennt sé viðurkennd og höfði til fólks?*

„Ég held að eftir því sem tíminn líður og fólk viðurkennir í meira mæli hinseginmenningu verði hún vinsælli og sveipuð meiri dýrðarljóma. Það verður betra fyrir okkur öll. Sérstaklega við þær pólitísku aðstæður sem við búum við í dag. Fólk leitar eftir því að flýja inn í eitthvað töfrandi og brjálað og hinseginmenning getur þannig verið flóttaleið fyrir marga," segir Detox.

> **SYSTIR MÍN SAGÐI ALLTAF: „HVAÐ ÆTLARÐU AÐ VERÐA? 30 ÁRA GÖMUL DRAGDROTTNING?"**

*Finnst þér það að einhverju leyti móðgandi, að fólk líti á þinn raunveruleika sem flóttaleið frá sínum eigin veruleika?*

„Alls ekki. Ég lít svo á að ég sé í þjónustustarfi og það sé mitt starf að skemmta og gleðja fólk. Ég nota drag sjálfur sem flóttaleið, leið til að komast undan neikvæðni heimsins og skapa eitthvað fallegt og upplífgandi fyrir fólk," segir Detox.

### Hefur unnið með Rihönnu og Keshu

Að vera þátttakandi í Ru Paul's Drag Race er þó langt frá því að vera það eina sem Detox er þekktur fyrir því hann er einnig söngvari. Söngkonurnar Rihanna og Kesha réðu hann báðar til að koma fram sem Detox í tónlistarmyndböndum sínum.

„Áður en Kesha varð eins fræg og hún er í dag fékk hún mig til að vera í tónlistarmyndbandi við lagið sitt Backstabber og við urðum mjög góðir vinir. Síðan þá hefur hún hringt í mig hvenær sem hún þarf á óðum klæðskiptingi að halda," segir Detox og skellir upp úr.

Þau hafa haldið vinskap sínum síðan þá og í febrúar á næsta ári mun Detox koma fram á skemmtisiglingu sem Kesha er að skipuleggja á milli Tampa í Flórída og Bahamaeyjanna. Þar munu fleiri þekktar dragdrottningar úr RuPaul's Drag Race koma fram, eins og Thorgy Thor, Bob the Drag Queen og fleiri.

Detox kom einnig fram í tveimur tónlistarmyndböndum fyrir söngkonuna Rihönnu, við lagið S&M og við lagið Disturbia.

„Það var auglýst eftir „avant garde" fólki og hæfileikaríku í tónlistarmyndband þannig að ég fór með nokkrum „stelpum" í áheyrnarprófið og var svo heppinn að vera valinn. Á þeim tíma hugsaði ég: Ég er búinn að meika það! Þetta er frábært! Hún var svo svöl og einbeitt. Ég er enn að bíða eftir því að hún hringi í mig og bjóði mér að vera með í næsta tónlistarmyndbandi," segir Detox og hlær.

Þó að Rihanna hafi ekki enn hringt þá þarf hann eflaust lítið að kvarta því margt er á döfinni hjá honum, og Detox, á næstunni. Hann heldur áfram að koma fram sem Detox víða um heim og á meðal næstu áfangastaða eru Sviss, Bretland og Svíþjóð áður en hann getur farið heim til sín í smá frí. Einnig er í bígerð EP-plata og hann verður listrænn stjórnandi dansteitis á Brooklyn Bowl í New York í október.

### En hvaðan kemur nafnið Detox?

Hann segir að hann hafi upprunalega komið fram undir nafninu Dita því hann hafi verið með Madonnu á heilanum þegar hún gaf út plötuna sína Erotica.

„Ég var bara fimmtán eða sextán ára og hljóp trylltur um hinsegin klúbbana í Orlando. Ég átti bara eitt par af þykkbotna skóm sem ég datt iðulega um í stigum. Þá byrjaði fólk að kalla mig Detox. Síðan flutti ég til Los Angeles og Jackie Beat fór að kalla mig Detox Icunt og hélt greinilega að það væri það sem ég kallaði mig. Ég leiðrétti það aldrei en sagði fólki bara að það mætti ráða hvað hvað það vildi kalla mig," segir Detox að lokum.

Sjá nánar á Fréttablaðið +
Lengri útgáfu má lesa á frettabladid.is.

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 11. ÁGÚST 2018



# Dragið sameinar öll listform

Neville J. Ingley kom til Íslands fyrir sex árum til að hefja nýtt líf í samfélagi þar sem kynhneigð hans væri ekki til trafala. Hann hefur getið sér gott orð sem framkomulistamaður undir drag-nafninu Deff Starr og er hluti af draglistahópnum Dragsúgi. →2

Neville J. Ingley eða Deff Starr er ein sérstæðasta dragdrottning landsins. Búningurinn er eftir hann en höfuðbúnaðurinn unninn í samvinnu við Zizka. MYND/STEFÁN

Allra meina bót!







ÚTSÖLULOK

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAG

ENN MEIRI AFSLÁTTUR

habitat TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Framhald af forsíðu ➺

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Ég er frá Mið-Englandi, litlu þorpi í Staffordshire sem var mjög sveitó og ekki mikið umburðarlyndi í gangi. Ég flutti eins fljótt og ég gat til London og kynntist fyrrverandi kærastanum mínum þar þegar ég var 22 ára. Við vorum í fjarsambandi því hann er frá Sviss og svo þegar hann fékk vinnu á Íslandi ákvað ég að flytja hingað líka og láta reyna á sambandið,“ segir Neville. „Ég hafði alltaf verið spenntur fyrir Íslandi. Ég vissi að ég vildi vinna við eitthvað skapandi og Ísland er mjög skapandi staður. Svo skipti líka máli sú staðreynd að mannréttindi samkynhneigðra eru lengra komin hér á Íslandi en víða annars staðar þannig að ég vissi að ég yrði ekki fyrir fordómum.

Í flestum öðrum löndum snýst samkynhneigð svo mikið um réttindabaráttu, sumstaðar bara fyrir því að fá að vera til, en hér finnst mér hlutirnir snúast meira um að fagna fjölbreytileikanum því svo mörgum réttindum hefur verið náð þótt auðvitað sé ýmislegt eftir. Það er líka gott að finnast maður velkominn í framandi landi. Þegar sambandinu lauk fyrir þremur og hálfu ári fannst mér ég þurfa að vera lengur á Íslandi, hér væri eitthvað sem ég ætti eftir að gera.“



Deff Starr sækir innblástur til fornra gyðja og sterkra kvenna sem eru óhræddar við að fara eigin leiðir.

## Drottning með Dragsúgi

Neville hefur einna helst vakið athygli fyrir framkomu með fjöllistahópnum Dragsúgi. „Minn fyrrverandi var einn af stofnfélögunum í Dragsúgi og þó að mig langaði mjög mikið að vera með fannst mér nóg að hafa eina drottningu á heimilinu,“ segir hann og hlær. „Ég byrjaði svo fyrir tæpum tveimur árum og núna er ég einn af virkustu meðlimunum.“

Dragsúgur er með reglulegar sýningar á Gauknum þar sem meðlimir hópsins leika á ýmsum mörkum fyrir troðfullum sal æstra aðdáenda og Neville hefur ekki látið sitt eftir liggja.

„Ég hef alltaf upplifað mig sem listamann og sem slíkur er ég alltaf að finna út hvað ég get gert og hvað ég kemst upp með. Ég hef lært textílhönnun, grafíska hönnun og skúlptúrgerð þar sem ég lærði að nota alls konar efni sem nýttist mér þegar ég fór að búa til höfuðbúnað og búninga. Ég held reyndar að allt sem ég hef lært gegnum tíðina hafi gagnast mér í draginu – þar sameinast öll listformin. Mér finnst mikilvægt að segja sögur, fyrst ég er á sviði á annað borð finnst mér mikilvægt að koma af stað samræðu við áhorfendur, ná tengslum

> **Mér finnst mikilvægt að koma af stað samræðu við áhorfendur, ná tengslum við þá, smita þá af hugmyndum, halda athygli þeirra og hreyfa við þeim.**

við þá, smita þá af hugmyndum, halda athygli þeirra og hreyfa við þeim.“

## Dauðastjarnan Deff Starr

Allir draglistamenn eiga sér sviðsnafn og Neville segir að Deff Starr nafnið hafi byrjaði sem grín. „Gógó Starr er dragmóðir mín og lærimeistari. Hún er glamúrinn uppmálaður og afar fagleg í vinnubrögðum, eiginlega allt sem ég er ekki, svo við grínuðumst með að ég myndi kalla mig Death Starr eins og í Stjörnustríði, en fyrsta sýningin sem ég tók þátt í var með vísindaskáldsöguþema. Death Starr breyttist svo í Deff Starr og hefur haldist síðan.“

Hann segir að nafnið hafi mótað



Deff Starr skammt frá Hörpu þaðan sem Gleðiganga hinsegindaga leggur upp stundvíslega klukkan tvö í dag. MYND/STEFÁN

sviðslist sína að vissu leyti. „Ég sæki mikið í vísindaskáldskap og hryllingu en líka sterkar tilfinningar enda er ég sporðdreki sem stjórnast af Plútó sem sumir kalla dauðastjörnuna. Ég dregst mjög að því myrka en trúi að það sé alltaf hægt að finna eitthvað fallegt og jákvætt. Og þetta varð eiginlega leiðarljós í atriðum Deff Starr, að fara frá myrkri og hryllingi, sorg og depurð, yfir í von og ljós. Mér finnst mikilvægt að færa áhorfendum þessa von.“

## Þriggja tíma umbreyting

Það tekur tímann sinn að koma Deff Starr á kreik. „Ég vil helst hafa um þrjá tíma til að koma mér í drag,“ segir Neville. „Ég nota meira listræna förðun en hefðbundna, kvenlega förðun og finnst gaman að leika mér með liti og form. Dragið mitt er ekki venjulegt og ekki förðunin heldur. Ef ég er að gera útlit sem ég þekki og hef gert áður getur það tekið styttri tíma en aldrei minna en klukkutíma.

Ég vil helst alltaf vera með ný atriði með Dragsúgi, eða prófa nýja búninga og förðun og það tekur tíma. Eftir að hafa gert þetta í heilt ár núna veit ég meira hvað hentar mér og er búinn að búa mér til minn stíl. Það er gott að vita hvað ég vil leggja áherslu á og hvað veitir mér innblástur.“

## Innblásinn af sterkum konum

Talandi um innblástur fyrir Deff Starr segist Neville sækja hann víða að. „Ég fæ innblástur frá fornum menningarheimum og trúarbrögðum, gyðjum og vættum. Ég fæ líka innblástur frá sterkum og sjálfstæðum baráttu- og listakonum sem ekki fara hefðbundnar leiðir að fegurð, eins og Björk, Grace Jones og fleiri og fleiri.“

Hann segir dragsenuna á Íslandi frábrugðna þeirri í öðrum löndum og meira spennandi að mörgu leyti. „Áður en Dragsúgur kom til sögunnar hafði Ísland ekki stóra dragsenu en kabarettformið var vel þekkt. Þar viltu halda áhorfendum á tánum, koma þeim á óvart eða hreyfa við þeim og ég held að þessi leikhúsbakgrunnur geri það að verkum að Íslendingar eru kröfuharðari við drag- og kabarettlistamenn en til dæmis Bandaríkjamenn. Þar er nóg að fara í flott gervi, hreyfa varirnar með lögum og dansa fallega. Sem er í fínu lagi. En Íslendingar vilja meira og það gerir það að verkum að senan hér er mjög spennandi og lifandi,“ segir hann og viðurkennir að íslenskir áhorfendur séu ekki auðveldir. „Íslendingar eru almennt ekki meðvirkir. Ef þú segir vondan brandara hér þá fer enginn að hlæja af kurteisi. Íslendingum leiðist meðalmennska og hafa ekkert pláss fyrir hana.“

## Í augnhæð við áhorfendur

Gleðiganga Hinsegin daga leggur af stað frá Hörpu klukkan tvö í dag og Deff Starr lætur hana ekki fram hjá sér fara.

„Ég verð að sjálfsögðu í gleðigöngunni með Dragsúgi. Við vorum með pallbíl í fyrra en í ár viljum við vera sýnilegri og þess vegna ætlum við að ganga á götunni til að upplifa meiri nánd við þá sem eru að fagna. Drag er mjög myndrænt listform og það er miklu betra að sýna það í augnhæð við áhorfendur.“

VILTU NÁ BETRI ÁRANGRI?



ESSENTIAL MAGNESIUM RECOVERY
ÍÞRÓTTAHÚÐVÖRURNAR GETA HJÁLPAÐ ÞÉR!

- Flýta fyrir endurheimt vöðva eftir hlaup
- Koma í veg fyrir krampa og sinadrátt
- Minnka líkur á harðsperrum
- Góðar við verkjum, eymslum og bólgum
- Virka mjög hratt

Innihalda:
Magnesíum, Arnica, Eucalyptus, Ginger, Peppermint og fleiri öflugar olíur.




Sölustaðir: Flest apótek og www.heilsanheim.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# LÍFIÐ TÓK MIKLUM BREYTINGUM

Bio Kult Candéa hylkin veita öfluga vörn gegn candida sveppnum í meltingarvegi. Unnur Gunnlaugsdóttir segir notkun hylkjanna það eina sem hafi virkað í baráttu hennar við síendurtekin meltingaróþægindi.

Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum og fékk í kjölfarið síendurtekin óþægindi. „Ég hef prófað allt til að losna við candida sveppinn, allt frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að losna við þennan ófögnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, ég var orðin mjög þunglynd,“ segir Unnur.

Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio Cult Candéa hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja candida sveppnum. Að auki get ég loksins farið í sund og nýt þess að fara í sund reglulega með börnunum mínum, þvílíkur munur.

Ég mun hiklaust halda áfram að nota Bio Kult Candéa og mæli með Bio Kult Candéa hylkjunum.“




Bio Kult Candéa hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Bio Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og grape seed extract. Það virkar sem öflug vörn gegn candida sveppnum í meltingarvegi kvenna og karla. Candida í meltingarvegi getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni candida sveppsins geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál.

Bio Kult Candéa er öflug vörn gegn candida sveppnum á viðkvæmum svæðum hjá konum.

**Bio Kult Candéa** hylkin fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



Unnur segir notkun á Bio Kult Candéa hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún er laus við síendurtekin óþægindi af candida sem hrjáðu hana áður í mörg ár.

# Heilbrigð melting með Active Liver

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur veldur miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins. Matur, sem neytt er nú á dögum, inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætiþistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósystein.



Active Liver virkar vel fyrir Jónu.

## Góður árangur

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“




Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna. Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin.

**Morgundagurinn verður betri með**

**After Party**

**Náttúruleg lausn við timburmönnum**




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract,
öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

**Virkar vel gegn þynnku**

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

**Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana**



Opel Grandland X er flaggskip Opel í flokki sportjepplinga..

# Nýr Opel Grandland X frumsýndur



Opel Grandland X er fallega hannaður jafnt að utan sem innan..

## Nýr Opel Grandland X verður frumsýndur í sýningarsal Opel, Krókhálsi 9, í dag, laugardag, frá klukkan 12 til 16.

Opel Grandland X er flaggskip Opel í flokki sportjepplinga en þar eru fyrir Opel Crossland X og Mokka X. Crossland X hefur fengið gríðarlega góðar viðtökur hér á landi en hann var frumsýndur nú í vor. Mokka X er einn mest seldi bíllinn í Evrópu í þessum flokki sem fer ört stækkandi um allan heim.

### Stærsti sportjepplingurinn frá Opel

„Grandland X er stærstur af þessum þremur bílum og kemur hingað til landsins til að byrja með í tveimur útfærslum, Enjoy og Innovation. Báðar eru ríkulega búnar en meira af staðalbúnaði er að finna í Innovation,“ segir Benedikt Eyjólfsson, forstóri Bílabúðar Benna, en nýr Opel Grandland X verður frumsýndur í dag að Krókhálsi 9.

Báðar útfærslurnar af Grandland X sem koma hingað til lands eru framhjóladrifnar með einstaklega sparneytnum, hljóðlátum, umhverfisvænum en um leið aflmiklum bensínvélum. 1,2 lítra Pure tech bensínvélin sem er í Grandland X var valin vél ársins 2018. Vélin skilar 130 hestöflum og hámarkstogið er 230 Nm. Eyðslan er aðeins 5,2 til 5,3 lítrar á hundraðið miðað við blandaðan akstur.

Nýr Grandland X er fallega hannaður bæði að innan sem utan. Opel hefur lagt mikið í hönnun á innanrými bílsins og hefur tekist vel til. Grandland X er mjög rúmgóður að innan fyrir farþega bæði frammí og afturí. Þá er farangursrými bílsins mjög rúmgott.

### Opel bílar tilbúnir fyrir mun strangari umhverfis- og mengunarstaðla

„Hugmyndafræðin við hönnun og framleiðslu á Opel bílum er fyrst og fremst að framleiða hágæða bíla fyrir almenning. Bíla sem eru ríkulega búnir, gefa lúxusbílum lítið eftir en eru á verði sem flestir ráða við sem eru á annað borð í bílahugleiðingum. Slagorð Opel, „Framtíðin er fyrir alla“, á að endurspegla þessa hugmyndafræði að miklu leyti,“ segir Benedikt.

Umhverfisvitundin er einnig allsráðandi hjá Opel. Þýski bílaframleiðandinn í Russelsheim hefur unnið af miklu kappi við að gera Opel bíla tilbúna fyrir mun

» Hugmyndafræðin við hönnun og framleiðslu á Opel bílum er fyrst og fremst að framleiða hágæða bíla fyrir almenning.

strangari umhverfis- og mengunarstaðla Euro 6D-Temp & RDE sem taka gildi í september 2019.

Opel stendur framar mörgum samkeppnisaðilum sínum hvað þetta varðar.

### Þýsk stemming og reynsluakstur í boði

„Sjón er sögu ríkari og við hvetjum alla til að mæta upp í Krókháls 9 í dag, laugardag, klukkan 12-16 og reynsluaka Opel Grandland X sem og öðrum Opel bílum. Þýsk stemming verður allsráðandi og sölumenn Opel taka vel á móti þér,“ segir Benedikt.

Sérstakt frumsýningartilboð verður í gangi en þar er um að ræða 200.000 króna afslátt af nýjum Opel Grandland X.



Grandland X er mjög rúmgóður að innan fyrir farþega bæði frammí og afturí. Þá er farangursrými sportjepplingsins mjög rúmgott.



Innanrými Opel Grandland X er vandað og fallega hannað.






















**ZIK ZAK** TÍSKUHÚS

# 20-50%

afsláttur af völdum vörum

**Ný og endurbætt** verslun í Kringlunni!













Tískuhús Zik Zak | www.zikzakverslun.is | Kringlan 551-1314 | Glerártorg 559-1314

# Efnishyggja fjölmiðla minnkar samkennd

**Rannsakendur við London School of Economics hafa komist að þeirri niðurstöðu að neysla á fjölmiðlaefni sem hampar frægð, lúxus og uppsöfnun auðs geti minnkað samkennd fólks með þeim sem eru verr staddir og dregið úr stuðningi við velferðargreiðslur til fátækra og atvinnulausra.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Rannsókn sem var unnin við London School of Economics gefur til kynna að sjónvarpsþættir og annað fjölmiðlaefni sem hampar frægð, lúxus og uppsöfnun auðs geti gert fólk líklegra til að vera á móti velferðargreiðslum og minnkað samkennd þeirra með fátækum. Rannsóknin birtist í ritrýnda sálfræðitímaritinu Journal of Media Psychology.

### Skoðuðu viðhorf og fjölmiðlaneyslu

Dr. Rodolfo Leyva rannsakaði svör 487 fullorðinna Breta á aldrinum 18-49 ára, sem voru valdir af handahófi, við vefkönnun sem var dulbúin sem próf á minni og athygli.

Þátttakendum var skipt í tvo hópa. Öðrum hópnum voru sýndar auglýsingar fyrir lúxusvörur, myndir úr slúðurblöðum af frægu fólki með dýrar vörur og blaðafyrirsagnir sem fylgdu sögum af fátæku fólki sem varð ríkt. Hinn hópurinn fékk að sjá hlutlausar myndir eins og auglýsingar fyrir neðanjarðarlestakerfið í London, landslagsmyndir og blaðafyrirsagnir um risaeðlur. Alls fékk fólk að sjá 12 myndir, hverja þeirra í fimm sekúndur.

Báðir hóparnir fengu svo spurningar sem könnuðu fyrst viðhorf þátttakenda til auðs, velgengni, ríkisaðstoðar og fátækra. Síðan voru lagðar fram spurningar sem könnuðu viðhorfin gagnvart því að ríkisvaldið hrindi í framkvæmd opinberum stefnum sem voru byggðar á raunverulegum stefnumálum sem breska ríkisstjórnin hrinti í framkvæmd til að lækka skatta, minnka útgjöld ríkisins og gera umbætur á velferðarkerfinu. Ítarlegar rannsóknir höfðu sýnt að þessar stefnur höfðu neikvæð áhrif, bæði á velferðarstofnanir og styrkþega.

Þátttakendur voru líka spurðir um hversu oft þeir horfðu á níu sjónvarpsþætti, þar á meðal The Apprentice, X-Factor, Keeping Up With the Kardashians og Made in Chelsea. Þeir voru einnig spurðir um lestrarvenjur sínar varðandi fimm slúðurblöð sem koma út daglega og flytja reglulega fréttir af ríku frægu fólki og tíu tímarit sem auglýsa lúxusvörur, eins og Vogue, Cosmopolitan, GQ og Esquire.

### Ein mínúta er nóg

Rannsakendur segja að niðurstöðurnar hafi sýnt að þeir sem horfðu reglulega á þætti eins og The Apprentice og X-Factor væru mun líklegri til að vera mjög á móti velferðargreiðslum og leggja meiri áherslu á efnishyggju en þeir sem horfðu bara á þá af og til.

Það sýnir auðvitað bara fylgni, sem getur skýrst af því að fólk sem er á móti velferðargreiðslum og hrifið af efnishyggju hafi almennt svipaðan smekk, en niðurstöðurnar sýndu líka að þeir, sem var sýnt fjölmiðlaefni sem hampaði efnishyggju, voru greinilega meira á móti velferðarkerfi og velferðaraðgerðum en þeir sem sáu hlutlaust fjölmiðlaefni.




Rannsakendur hjá LSE segja að áhersla á efnishyggju í fjölmiðlum dragi úr samkennd og stuðningi við velferðargreiðslur. NORDICPHOTOS/GETTY



Raunveruleikaþátturinn Keeping up With the Kardashians dregur áhorfendur inn í heim ríka og fræga fólksins og getur minnkað samkennd með fátækum.



Rannsakendur segja að aukin áhersla á að efnishyggja skili hamingju geri fólk sjálfmiðaðra og andfélagslegra, með slæmum afleiðingum.

> **Dr. Leyva, höfundur rannsóknarinnar, segir að niðurstöðurnar gefi til kynna að það að horfa á skilaboð fjölmiðla sem hampa efnishyggju dragi fram aukna efnishyggju og um leið andstöðu við velferðarkerfi.**

Rannsakendur segja að það gefi til kynna að það sé orsakasamband til staðar og að bara ein mínúta, með hléum, af athygli á fjölmiðlaefni sem hampar efnishyggju geti aukið andstöðu við velferðarkerfi. Þessi niðurstaða hefur vakið athygli og verður án efa umdeild.

### Minnkar samkennd með bágstöddum

Í rannsóknarskýrslunni kemur fram að það sé mikið ýtt undir efnishyggju í vestrænum fjölmiðlum og það auki neyslu, sem eykur hagvöxt. En burtséð frá efnahagslega ávinningnum hafi þessi skilaboð fjölmiðla verið tengd ýmsum vaxandi vandamálum. Sálfræðirannsóknir hafi sýnt að áherslan á efnishyggju í fjölmiðlum stuðli að brenglaðri líkamsmynd, dragi úr vellíðan barna og sé tengd aukinni streitu, kvíða og óánægju með lífið.

Dr. Leyva, höfundur rannsóknarinnar, segir að niðurstöðurnar gefi til kynna að það að horfa á skilaboð fjölmiðla sem hampa efnishyggju dragi fram aukna efnishyggju og um leið andstöðu við velferðarkerfi. Hann segir að þættir eins og The Apprentice, Keeping Up With The Kardashians og X-Factor séu stútfullir af skilaboðum sem hampa efnishyggju og draga áhorfendur inn í glamúrheim ríka og fræga fólksins. Þeir geti auðveldlega styrkt efnishyggju áhorfenda og litað viðhorf þeirra.

Dr. Leyva segir að aukin áhersla á að efnishyggja skili hamingju sé til þess fallin að gera okkur sjálfmiðaðri og andfélagslegri og þar af leiðandi höfum við minni samkennd með þeim sem eru verr staddir.

Hann segir að þessi rannsókn geti hjálpað til við að útskýra hvers vegna almenningur í Bretlandi er sífellt andsnúnari velferðarkerfi sem hjálpar fátækum og atvinnulausum, á sama tíma og bilið milli ríkra og fátækra breikkar, búsetukostnaður eykst og atvinna verður ótryggari. Þessarar sömu þróunar hefur einnig orðið mjög víða vart á Vesturlöndum og þessi sömu skilaboð eru ráðandi í fjölmiðlum á öllum Vesturlöndum.



# Orkuríkur markaðsstjóri

Við leitum að snjallri og hugmyndaríkri markaðsmanneskju, sem keyrir upp stuðið á orkumarkaði og skapar rafmögnuð tengsl á milli orkufyrirtækis og markaðsmála. Hún þarf að vera óhrædd við að fara nýjar leiðir og brenna fyrir snjöllum lausnum. Verkefnin eru fjölmörg og það eru spennandi tímar framundan. Markaðsstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

**Ef þú telur þig hafa réttu orkuna í starfið, sæktu þá um á capacent.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst.**

**Helstu verkefni**

- Yfirumsjón og stefnumótun markaðsmála
- Samskipti og miðlun, þ.á.m. við fjölmiðla
- Ábyrgð og umsjón stafrænna miðla
- Hugmyndavinna, verkefnastjórnun og vöruþróun
- Önnur snjöll og spennandi verkefni

**Menntun og hæfni**

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála
# Laus störf hjá Motormax

Motormax, nýtt afl á íslenskum bílamarkaði, leitar að góðum starfsmönnum í fjölbreytt og spennandi störf.
Við erum bílatengt þjónustufyrirtæki með auka- og varahluti fyrir alla bíla.
Á næstunni opnum við einnig bón- og þvottastöð ásamt smurstöð í Vatnagörðum 12.

## Smurþjónusta

Starfssvið:
- Smurþjónusta bifreiða – Allar gerðir
- Ásetning dráttarbeisla
- Viðhald á kerrum

Hæfniskröfur:
- Próf í bifvélavirkjun og/eða starfsreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil þjónustulund

Vinnutími er 8:00-17:00 og 12:00-16.00 á laugardögum. (smurstöð opin á laugardögum)

## Móttaka og verkstjórn

Starfssvið:
- Móttaka viðskiptavina
- Dagleg verkstjórn
- Verkbókanir og reikningagerð

Hæfniskröfur:
- Próf í bifvélavirkjun æskilegt
- Starfsreynsla og góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni

Vinnutími er 7:45 -17:00 / 9:00 - 18:00

## Þrif og bón

Starfssvið:
- Þrif á bílum viðskiptavina Motormax

Hæfniskröfur:
- Vandvirkni og stundvísi
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími er 08:00 - 18:00

Sendið umsókn ásamt ferilskrá á atvinna@motormax.is fyrir 20. ágúst 2018
Nánari upplýsingar veitir Ingi Þór Harðarson ingi@motormax.is

Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040
www.motormax.is

MotorMax

**Sunnuhlíð**
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

*Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.*



# Aðhlynning

## Óskað er eftir góðu og áhugasömu starfsfólki í aðhlynningu

Okkur hér á Sunnuhlíð vantar gott fólk til starfa. Við leitum að einstaklingum sem eru tilbúnir að vinna með öldruðum íbúum hér á heimilinu. Starfið krefst þess að þú sért jákvæður, góðhjartaður og skilningsríkur einstaklingur sem hefur gaman að samneyti við fólk. Í boði eru vaktir frá 50% - 80% og góð aðlögun er í boði.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Sunnuhlíðar: **sunnuhlid.is.** Nánari upplýsingar veitir **Svanlaug Guðnadóttir** framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma **864-4184**

Kópavogsbraut 1C • 200 Kópavogur • Sími 560 4100 • Fax 560 4175

# SKRIFSTOFA ALÞINGIS AUGLÝSIR

Til þess að efla löggjafar-, fjárstjórnar- og eftirlitshlutverk Alþingis auglýsir skrifstofa þingsins þrjú störf laus til umsóknar. Auglýst er eftir hagfræðingi á nefndasvið og tveimur lögfræðingum, öðrum á nefndasvið og hinum á lagaskrifstofu. Um ný stöðugildi er að ræða og því tækifæri fyrir kraftmikla sérfræðinga til að móta ný störf og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í lifandi umhverfi.

ALÞINGI

## LÖGFRÆÐINGUR Á LAGASKRIFSTOFU

Lögfræðingur á lagaskrifstofu mun sinna verkefnum á sviði lögfræði fyrir forseta Alþingis, forsætisnefnd og yfirstjórn þingsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Úrlausn sérhæfðra verkefna á sviði lögfræði fyrir forseta, forsætisnefnd og yfirstjórn skrifstofu þingsins.
- Stuðningur við aðrar starfseiningar skrifstofunnar til stuðnings í einstökum málum.
- Ráðgjöf um lagasetningu sem varðar starfsemi Alþingis og stofnanir þess.
- Umsjón með hagsmunaskráningu alþingismanna.
- Ráðgjöf og aðstoð við landskjörstjórn í störfum hennar.
- Rannsóknir á sviði stjórnskipunarréttar, einkum hvað varðar starfsemi þjóðþinga.

**Nánari upplýsingar veitir** Þórhallur Vilhjálmsson, sími: 563-0500, netfang: thorhallurv@althingi.is

## HAGFRÆÐINGUR Á NEFNDASVIÐI

Hagfræðingur á nefndasviði mun m.a. sinna nýjum verkefnum í samræmi við breyttar áherslur með tilkomu laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Fagleg aðstoð við fastanefndir þingsins, m.a. við eftirlitshlutverk þeirra, greiningar, samantektir, tölfræðilega vinnslu gagna og úrvinnslu.
- Aðstoð við þingnefndir við mat á stefnumörkun stjórnvalda og þróun útgjalda í einstökum málaflokkum.
- Úrvinnsla og tölfræðigreining innlendra og alþjóðlegra gagna.
- Mat á stefnumörkun fjármálaáætlunar og einstakra frumvarpa.
- Aðstoð við kostnaðarmat á breytingartillögum nefnda og frumvörpum.
- Gerð ýmiss konar samantekta, t.a.m. um þróun útgjalda, tekna og ársverka.

**Nánari upplýsingar veitir** Hildur Eva Sigurðardóttir, sími: 563-0500, netfang: hildureva@althingi.is

## LÖGFRÆÐINGUR Á NEFNDASVIÐI

Lögfræðingur á nefndasviði mun sinna verkefnum í tengslum við eftirlitshlutverk stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og annarra fastanefnda þingsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Fagleg aðstoð við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og aðstoð við aðrar fastanefndir þingsins við að rækja eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdarvaldinu.
- Fagleg rýni og greining á skýrslum Ríkisendurskoðunar.
- Lögfræðileg ráðgjöf.
- Gerð og yfirferð lagafrumvarpa og annarra þingmála.

**Nánari upplýsingar veita** Hildur Eva Sigurðardóttir, sími: 563-0500, netfang: hildureva@althingi.is, og Elín Valdís Þorsteinsdóttir, sími 563-0500, netfang: elinvaldis@althingi.is

**Lagaskrifstofa Alþingis** sinnir verkefnum fyrir forseta, forsætisnefnd og yfirstjórn skrifstofu Alþingis. Hún er jafnframt öðrum starfseiningum til ráðgjafar auk þess sem skrifstofan sinnir verkefnum tengdum alþingismönnum og kosningum.

**Nefndasvið Alþingis** sinnir sérfræðiaðstoð og -þjónustu við þingnefndir og þingmenn. Meginmarkmið starfs sviðsins er að tryggja gæði lagasetningar. Fastanefndir Alþingis undirbúa alla löggjöf en sinna auk þess eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu. Sérfræðingar nefndasviðs eru um 30 og starfa þeir fyrir nefndir Alþingis, aðstoða þingmenn við gerð þingmannamála og sjá um útgáfu þingskjala.

– – –

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi forseta Alþingis og Félags starfsmanna Alþingis. Nánari upplýsingar um störfin og hæfnikröfur þeirra er að finna á Starfatorgi og þar er jafnframt sótt um hvert starf. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt prófskírteini og kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir um starfið gilda í sex mánuði frá auglýsingu þessari.

Skrifstofa Alþingis hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall er 100%.

GILDI SKRIFSTOFU ALÞINGIS ERU: ÞJÓNUSTULUND - FAGMENNSKA - SAMVINNA

**Umsóknarfrestur er til og með 20.08.2018**

Reykjavíkurborg

BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS

## Borgarbókasafnið | Verkefnastjóri stafrænnar þróunar

### Viltu taka þátt í að móta stafræna framtíð nýja bókasafnsins?

**Inngangur:**
Laus er til umsóknar 100% staða verkefnastjóra stafrænnar þróunar hjá Borgarbókasafninu.
Borgarbókasafnið hefur markað sér metnaðarfulla framtíðarsýn og miklar breytingar eru í farvatninu, jafnt í miðlun sem og þjónustu við gesti.
Verkefnastjóri heyrir undir þróunar- og þjónustudeild og vinnur þvert á allar starfsstöðvar Borgarbókasafnsins og hefur frumkvæði að og umsjón með þróun stafrænnar þjónustu hjá safninu
Verkefnastjóri tekur virkan þátt í framkvæmd og þróun verkefna er tengjast stefnumótun Borgarbókasafnsins og því breytingaferli sem almenningsbókasöfn ganga nú í gegnum.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
Verkefnastjóri leiðir alla vinnu við stafræna þróun og nýsköpun á sviði þróunar og þjónustu, bæði við viðskiptavini og samstarfsaðila.

Hann stýrir þeim fjölmörgu þróunarverkefnum sem ætlað er að umbylta þjónustu í takti við breyttar áskoranir á starfssviði safnsins.

Verkefnin eru fjölbreytt en eiga það sammerkt að styðja við og þróa nýjar áherslur með hliðsjón af samfélagslegum breytingum og tæknilegum framförum í stafrænni miðlun og rafrænni þjónustu með áherslu á upplifun notenda.

**Hæfniskröfur:**
- háskólapróf á meistarastigi sem nýtist í starfi
- að lágmarki 3ja ára reynsla af verkefnastjórnun
- að kunna að vinna með eða þekkja til notendamiðaðrar hönnunnar (design thinking)
- áhugi á stafrænni framþróun og hæfni til að setja sig inn í nýja tækni
- gott vald á upplýsingatækni og vefmiðlun, skilningur á gagnagrunnum og vefumsjónarkerfum
- metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni, hugmyndaauðgi og sjálfstæði í starfi
- færni og geta til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum
- færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki
- íslensku- og enskukunnátta sem nýtist í starfi og geta til að tjá sig í ræðu og riti, kunnátta í dönsku er kostur

Næsti yfirmaður er deildarstjóri þróunar- og þjónustu. Launakjör eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. október 2018.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir deildarstjóri, netfang: gudrun.lilja.gunnlaugsdottir@reykjavik.is, s. 698 2466.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjendur gera grein fyrir hæfni sinni í starfið.
**Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst 2018.** Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

HEILSUGÆSLAN



## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins - hreyfistjóri

Hreyfistjóri óskast í hlutastarf á tvær heilsugæslustöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
Um er að ræða ótímabundið 30% starf sem skiptist þannig eftir starfsstöðvum:

Heilsugæslan Sólvangi 15% starf
Heilsugæslan Garðabæ 15% starf

Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf 15. september nk. eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst.**

*Helstu verkefni og ábyrgð*

Hreyfistjóri tekur á móti skjólstæðingum sem hafa fengið uppáskrifaðan hreyfiseðil frá heilbrigðisstarfsmanni. Hann framkvæmir viðeigandi mælingar, setur upp hreyfiáætlun í samráði við skjólstæðing og fylgir henni eftir. Hreyfistjóri tekur saman greinargerð og kemur henni til annarra meðferðaraðila þegar tiltekinn tími er liðinn frá því að meðferð hófst og við lok hennar.

*Hæfnikröfur*

- Löggilt sjúkraþjálfarapróf
- Þriggja ára starfsreynsla sem sjúkraþjálfari
- Þekking á áhugahvetjandi samtalstækni
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku og enskukunnátta

*Nánari upplýsingar*

Heiða S. Davíðsdóttir, svæðisstjóri
Heilsugæslunni Sólvangi - 513 6200
heida.davidsdottir@heilsugaeslan.is

Ásmundur Jónasson, svæðisstjóri
Heilsugæslunni Garðabæ - 513 5500
asmundur.jonasson@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

*Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun*

## Bakarí / Kaffihús

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:30 -15:00.

Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

Uppl. sendist á : **sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**BLÁMAR LEITAR AÐ JÁKVÆÐUM, ÖFLUGUM OG DRÍFANDI STARFSMANNI Í SÖLU Á ÍSLENSKUM SJÁVARAFURÐUM Á ERLENDA NEYTENDAMARKAÐI.**

Mikil tækifæri eru á neytendamarkaði fyrir sölu á íslenskum sjávarafurðum og er Blámar komið vel af stað í þeirri vegferð. Viðkomandi þarf einnig að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða sölu líkt og reikningagerð, tollskjalagerð sem og aðra pappírsvinnu.

**Hæfniskröfur:**
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Þekking á stafrænni markaðssetningu og samfélagsmiðlum
- Mjög góð samskiptahæfni
- Jákvæður og drífandi
- Þekking á InDesign eða öðru sambærilegu forriti er kostur

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á blamar@blamar.is

BLÁMAR

BLÁMAR • ICELAND • WWW.BLAMAR.IS

FORELDRAHÚS

ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA

## SÁLFRÆÐING

Í 60% STARFSHLUTFALL

### HÆFNISKRÖFUR

- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Reynsla af því að starfa með börnum og unglingum með hegðunar- og/eða vímuefnavanda og foreldrum þeirra.
- Þekking í fjölskyldumeðferð.
- Áhugi á að takast á við fjölbreytt verkefni og þróunarvinnu.

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

Foreldrahús er rekið af foreldrasamtökunum Vímulaus æska sem var formlega stofnuð 1986.
Í Foreldrahúsi er starfrækt ráðgjöf fyrir fjölskyldur í vanda, námskeið og fræðsla.
Starfið felst í viðtölum, ráðgjöf og þátttöku í stuðningsmeðferð yfir unglinga.

Umsóknir skulu sendar í tölvupósti til samstakanna: foreldrahus@foreldrahus.is. Með umsókn á að fylgja greinagóð ferilskrá um fyrri störf og menntun.

**Umsóknarfrestur til 14. September**

Fyrir frekari upplýsinga um samtökin má sjá www.foreldrahus.is eða í síma 511-6160

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Framhaldsskólakennari í tölvunar-/upplýsingafræðum

Við Menntaskólann í Kópavogi er laust til umsóknar 100% starf framhaldsskólakennara í tölvunar-/upplýsingafræðum. Umsækjendur þurfa að hafa háskólamenntun í tölvum/upplýsingafræðum og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Mikilvægt er að hafa færni til að kenna forritun, skipulag gagnasafna og fyrirspurnarmálið SQL auk staðgóðrar þekkingar á Moodle.

**Umsóknarfrestur er til 27. ágúst.**

Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini og yfirlit um fyrri störf. Umsókn skal senda til skólameistara á tölvupóstfangið margret.fridriksdottir@mk.is

Nánari upplýsingar um starfið og launakjör veitir skólameistari eða aðstoðarskólameistari í síma 5944000.

BRAMMER

*Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðarrekstarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæðavörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki.*

*Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, verslun og söluskrifstofu í Hafnarfirði og skrifstofu í Kópavogi.*

*Brammer er ört stækkandi fyrirtæki á Íslandi með um 35 starfsmenn hérlendis.*

## Hefur þú þekkingu á glussakerfum?

**Brammer Ísland leitar að starfsmanni í útibú okkar í Hafnarfirði. Um er að ræða söluskrifstofu, vöruhús og verslun með sölu á iðnaðar- og rekstrarvörum ásamt öryggis- og vinnufatnaði.**

**Helstu verkefni:**

- Sala og afgreiðsla á vökvabúnaði, verkfærum, rekstrarvörum, öryggis- og vinnufatnaði og fleiru.
- Halda uppi framúrskarandi þjónustustigi í verslun
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Svörun fyrirspurna
- Kemur að innkaupum og vali á söluvarningi fyrir verslunina í samráði við útibússtjóra.
- Þátttaka í öðrum tilfallandi verkefnum

**Hæfniskröfur:**

- Iðnmenntun eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla í sambærilegu starfi eða í iðngrein
- Skilyrði að viðkomandi hafi þekkingu á vökvabúnaði og vökvakerfum
- Áhugi á sölumennsku
- Rík þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott frumkvæði
- Hæfileikar til að geta unnið undir álagi
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptafærni á íslensku og ensku

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Edilon Hreinsson, útibússtjóri, í síma 864 6284.**
**Áhugasamir umsækjendur sæki um starfið á www.alfred.is, fyrir 20. ágúst 2018.**

Alfreð




**Viðskiptabanki Íslandsbanka**

# Forstöðumaður Lánastýringar

**Viðskiptabanki Íslandsbanka þjónar stórum og vaxandi hópi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi í gegnum útibúanet bankans um allt land. Lánastýring er deild innan Viðskiptabanka sem ber ábyrgð á útlánaferli sviðsins með ráðgjöf og greiningu. Við leitum að metnaðarfullum stjórnanda sem hefur áhuga og þekkingu á lánamálum. Forstöðumaður heyrir undir framkvæmdastjóra Viðskiptabanka.**

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg stjórnun, stefnumótun og markmiðasetning
- Að móta og leiða sterka liðsheild
- Vakta, mæla og meta gæði útlánasafns
- Umsjón og ábyrgð á reglum, ferlum og verklagi
- Töluleg greining og skýrslugerð
- Stuðningur og fræðsla

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Starfsreynsla hjá fjármálafyrirtæki
- Stefnumiðuð hugsun og samskiptahæfni
- Drifkraftur og rík þjónustulund

**Umsóknir óskast fylltar út á islandsbanki.is/storf.**
**Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst.**

Nánari upplýsingar veita:
Una Steinsdóttir, framkvæmdastj. Viðskiptabanka: 844 2880 – una.steinsdottir@islandsbanki.is
Sigrún Ólafsdóttir, ráðningarstjóri: 844 4172 – sigrun.olafs@islandsbanki.is



# ÖFLUGUR VERKEFNASTJÓRI

**Köfunarþjónustan óskar eftir öflugum verkefnastjóra í fjölbreytt og lifandi starf.**
Við erum stærsta atvinnukafaraþjónusta landsins með mikla reynslu og þekkingu. Einnig veitum við margs konar þjónustu varðandi rannsóknir á botni sjávar svo sem fjölgeislamælingar og kjarnaborun. Þar að auki sinnum við alls konar sérhæfðri verktöku sem krefst þekkingar, útsjónarsemi og áræðni. Fyrirtækið flytur í nýjar bækistöðvar á næstunni, sérstaklega hannaðar fyrir starfssemina.

**STARFSSVIÐ/ÁBYRGÐ**
- Verkefnaöflun og sölustjórn
- Tilboðsgerð og verðútreikningar
- Útfærsla verka í samráði við starfsmenn og verkkaupa
- Verkstjórn ákveðinna verka
- Verkefnaþróun og nýjungar

**HÆFNISKRÖFUR**
- Mikil verkþekking og reynsla
- Gott tengslanet, þegar kemur að verkefnaöflun
- Kostur að hafa tölvukunnáttu í DK, Excel og Word
- Góð enskukunnátta

**EIGINLEIKAR**
- Sölumennskuhæfileikar
- Frumkvæði og útsjónarsemi
- Skipulagshæfileikar
- Ákveðni og sjálfstæði
- Jákvæðni og hæfileiki til að vinna í hópi

Áhugasamir sendi ferilskrá og meðmæli á **hallgrimur@diving.is**. Varðandi frekari upplýsingar, vinsamlega hafa samband við Hallgrím Ingólfsson á hallgrimur@diving.is eða í síma +354-893-8303. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.
**Góð laun fyrir réttan aðila.**

**www.kafari.is**

KÖFUNAR ÞJÓNUSTAN EHF
Héðinsgata 1-3 | 105 Reykjavík | Sími 863 5699 | diving@diving.is

## Au-pair óskast

Íslensk fjölskylda með þrjú börn (7 til 14 ára) á Washington DC svæðinu í Bandaríkjunum óskar eftir au-pair sem hafið getur störf í september.

**Áhugasamir sendið póst á aupairwas@outlook.com**

ÞÚSUND FJALIR EHF

## FYRIRTÆKIÐ ÞÚSUND FJALIR EHF. ÓSKAR LIÐSVEISLU Í AÐ MANNA EFTIRFARANDI STÖRF.

- **Vana húsasmiði** - vinnan er afar fjölbreytt og krefjandi á tímum; reynsla og lipurð í samskiptum nauðsynleg.
- **Nema í húsamálun** - vinnan er fjölbreytt og lærdómsrík fyrir nema sem ynni undir handleiðslu málarameistara
- **Nema í múrverk** - fjölbreytt vinna við viðgerðir, flísalögn, flotun o.fl.; unnið undir handleiðslu tveggja múrarameistara
- **Starfsmann í þurrkdeild** - starfið felur í sér utanumhald á þurrk-tæknideild fyrirtækisins; sinna þurrkferli eftir vatnstjón, lifandi og fjölbreytt starf.

Þúsund Fjalir er rótgróið fyrirtæki í byggingargeiranum sem þjónustar stofnanir og stór fyrirtæki í viðhaldi og viðgerðum fasteigna. Samfelldur vöxtur hefur verið á umgjörð fyrirtækisins sem speglast e.t.v. best í ánægju verkkaupa þess. Stærum við okkur af samheldni og góðum starfsanda innan hópsins. Sökum þess að starfsmenn eiga í daglegum samskiptum við viðskiptavini, og vinna náið með þeim að úrlausnum verkefna, gerum við þá kröfu að allir okkar starfsmenn séu íslenskumælandi.

**Áhugasamir sendi ferilsskrá á retturmadur@gmail.com eða hringi í Björgvin 8977983 / Alex 7722301**

# ANNATA LEITAR AÐ ÖFLUGU FÓLKI

FRAMUNDAN ERU MÖRG NÝ OG SPENNANDI VERKEFNI OG LEITUM VIÐ ÞVÍ AÐ METNAÐARGJÖRNU FÓLKI TIL STARFA Í ALÞJÓÐLEGU OG SKEMMTILEGU STARFSUMHVERFI.

**RÁÐGJAFI - MICROSOFT DYNAMICS 365 FOR CUSTOMER ENGAGEMENT/CRM**
Við leitum að skapandi og kraftmiklum einstaklingum til að vinna með viðskiptavinum okkar hér á landi og erlendis í framsæknum og spennandi verkefnum með áherslu á bestun sölu-, þjónustu- og markaðsferla. Verkefnin felast í ferlagreiningu, aðlögunum og þjálfun notenda. Haldgóð reynsla af notkun eða innleiðingu viðskiptahugbúnaðar er skilyrði.

**VERKEFNASTJÓRI**
Við leitum að verkefnastjórum til að stýra verkefnum fyrir viðskiptavini okkar hér á landi og erlendis í Microsoft Dynamics 365. Verkefnin lúta einnig að greiningu á ferlum, skjölun og ráðgjöf til viðskiptavina. Þekking og reynsla af ferlum tengdum innkaupum, vöruhúsum og birgðum er góður kostur.

**FORRITARI**
Við leitum að úrræðagóðum og vandvirkum einstaklingum til að vinna með viðskiptavinum okkar hér á landi og erlendis í innleiðingum á Microsoft Dynamics 365 lausnum. Verkefnin felast í þróun, aðlögunum, úrvinnslu gagna og samþættingum við önnur kerfi. Þekking og reynsla af forritun í Microsoft viðskiptahugbúnaði er mikill kostur en góð almenn forritunarreynsla í .NET, JavaScript, HTML og vefþjónustum er einnig vel metin.

**RÁÐGJAFI - MICROSOFT DYNAMICS 365 FOR FINANCE & OPERATIONS/AX**
Við leitum að skapandi og kraftmiklum einstaklingum til að vinna með viðskiptavinum okkar hér á landi og erlendis í framsæknum og spennandi verkefnum. Verkefnin felast í ferlagreiningu, aðlögunum og þjálfun notenda. Haldgóð þekking á ferlum tengdum viðskiptavinum, lánadrottnum, birgðum og fjárhag sem og notkun eða innleiðingu viðskiptahugbúnaðar er skilyrði.

---

Annata er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsstöðvar í 15 löndum víðsvegar um heiminn. Fyrirtækið var stofnað 2001 og hefur frá stofnun lagt áherslur á þróun, ráðgjöf og þjónustu byggðum á Micrsoft Dynamics 365 viðskiptalausnum. Fyrirtækið er alfarið í eigu lykilstarfsmanna.

**Umsóknarfrestur er til 31. ágúst nk.**

Frekari upplýsingar veitir **Sigrún Kvaran (smk@annata.is)**, framkvæmdastjóri Annata, Íslandi.
Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Annata.

*http://www.annata.is/um-annata/storf-i-bodi/*

annata

Framúrskarandi fyrirtæki

2018/2019 INNERCIRCLE *for Microsoft Dynamics*

Gold Microsoft Partner
Microsoft

## Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa í Árbæjarapótek

Um er að ræða fullt starf frá kl. 9-18 virka daga.
Reynsla æskileg.
Umsækjendur hafi samband í síma 567-4200 (Kristján) eða með tölvupósti í arbapotek@internet.is

---

**Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað**

## Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað auglýsir eftir verkefnastjóra matreiðslu.

Leitum að matreiðslumeistara með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi til að sinna verkefnastjórn og kennslu við matreiðslusvið skólans.
Umsækjendur þurfa að búa yfir frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, góðri samskiptahæfni og hafa áhuga að vinna með ungu fólki.
Tímabundin ráðning fram að áramótum með möguleika á framtíðarstarfi.

**Umsóknarfrestur er til 20. júlí 2018.**
Nánari upplýsingar veitir Bryndís Fiona Ford, skólameistari, í síma 471 1761.
Umsóknir skal senda á netfangið bryndis@hushall.is
Heimasíða skólans **www.hushall.is**

---

**STUÐLAR**
MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Fossaleynir 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík
www.studlar.is

## Staða sálfræðings við meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga að Stuðlum er laus til umsóknar

Laust er til umsóknar starf sálfræðings á Stuðlum. Starfshlutfall er 100%. Stuðlar starfa á grundvelli barnaverndarlaga og reglugerðar um Meðferðarstöð ríkisins. Stuðlar sinna unglingum á aldrinum 12-18 ára með hegðunarerfiðleika, þ.m.t. vímuefnavanda.

**Starfssvið**
Meðal verkefna sálfræðings er:
- Greining og meðferð unglinga og vinna með fjölskyldum þeirra.
- Gerð og framkvæmd meðferðaráætlana.
- Ráðgjöf og stuðningur við barnaverndarnefndir, skóla sem og samvinna við ýmsar aðrar stofnanir.
- Ráðgjöf og handleiðsla við starfsfólk Stuðla sem og við aðrar meðferðarstofnanir.
- Þátttaka í almennri stefnumótun.
- Þátttaka í ART (agression replacement training) og notkun áhugahvetjandi samtals (motivational interviewing).

**Persónulegir eiginleikar**
- Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samstarfshæfni og jákvæð viðhorf til skjólstæðinga.

**Hæfnikröfur:**
- Réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Þekking og reynsla á meðferð og greiningu unglinga er æskileg.
- Þekking og færni í hugrænni atferlismeðferð, fjölskyldumeðferð, atferlismótun og félagsnámskenningum.
- Frumkvæði í starfi og skipulagshæfileikar.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi.

**Nánari upplýsingar veitir Funi Sigurðsson, forstöðumaður Stuðla í síma 530-8800 eða á netfanginu funi@bvs.is.**

Við úrvinnslu umsókna gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins við Sálfræðingafélag Íslands. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst 2018** og þarf umsækjandi helst að geta hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Auglýsingin gildir í 6 mánuði frá birtingu.

---

**Reykjavíkurborg**
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

## Starf sérfræðings mannauðs- og launakerfis í Kjaradeild

*Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á launa- og mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá kjaradeild starfa 29 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.*

Óskað er eftir töluglöggum einstaklingi til starfa við greiningu og umsjón á launa- og mannauðskerfi Reykjavíkurborgar. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með SAP mannauðs- og launakerfi auk undirkerfa og krefst vinnan skipulagshæfni, nákvæmni og þekkingar á stórum fjárhagsupplýsingakerfum.

**Helstu verkefni:**
- Þróun, viðhald, eftirlit og bilanagreining mannauðs- og launakerfa
- Greining og úrvinnsla á launa- og mannauðsgögnum
- Skýrslu- og upplýsingagjöf til innri og ytri aðila
- Innsetning og viðhald launaforsendna
- Aðstoð við notendur

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á hugbúnaðarprófunum
- Þekking og reynsla af stórum fjárhagsupplýsingakerfum
- Reynsla af SAP æskileg
- Reynsla af framsetningu á mannauðs- og launaupplýsingum er kostur
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Starfið var auglýst þann 23. júní 2018. Framlengdur umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst 2018.**

Nánari upplýsingar veitir Harpa Ólafsdóttir, deildarstjóri kjaradeildar í netfangi harpa.olafsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

## Sveitarstjóri í spennandi starfsumhverfi

**Sveitarfélagið Skagaströnd auglýsir lausa til umsóknar stöðu sveitarstjóra**

**Sveitarstjóri** hefur umsjón með daglegum rekstri sveitarfélagsins og ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar, hann hefur yfirumsjón með fjármálum, bókhaldi og áætlanagerð jafnframt því að hafa yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins, sem og starfsmannamálum. Sveitarstjóri starfar náið með sveitarstjórn, hann annast samskipti og upplýsingamiðlun við samstarfsaðila auk þess að annast undirbúning og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar. Starfið er afar fjölbreytt en sveitarstjóri er jafnframt hafnarstjóri Skagastrandarhafnar og er að auki framkvæmdastjóri Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

**Leitað** er að sjálfstæðum einstaklingi með leiðtogahæfni og frumkvæði til framkvæmda auk hæfni í mannlegum samskiptum.

Hæfnikröfur eru
- Menntun, sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking og reynsla á sviði fjármála
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði
- Gott almennt talnalæsi og meðferð talna
- Kunnátta á notkun helstu tölvukerfa.

**Umsóknarfrestur** er til og með 27. ágúst nk., gengið verður frá ráðningu fljótlega.

**Sveitarfélagið Skagaströnd er afar blómlegt sveitarfélag þar sem öll nauðsynleg þjónusta og nútíma þægindi eru til staðar, einnig gott tómstundar- og félagslíf í barnvænu umhverfi. Aðstoðað verður við útvegun húsnæðis er þörf verður á. Sjá nánar www.skagastrond.is .**

**Guðný Harðardóttir veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 588-3031 frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár og meðfylgjandi gögn til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst með tilkynningu um þátttöku.**

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

**STRÁ**

# Sölufulltrúi veitingahúsa

**Mekka Wines & Spirits, var stofnað árið 1995 og er ein stærsta áfengisheildverslun landsins. Fyrirtækið flytur inn fjölmörg af þekktustu áfengisvörumerkjum heims og leitar nú að metnaðarfullum og lífsglöðum samstarfsmanni.**

**Helstu verkefni:**
- Dagleg samskipti við viðskiptavini
- Byggja upp og efla viðskiptasambönd
- Tilboðsgerð og frágangur sölusamninga
- Vörukynningar

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla og/eða menntun sem nýtist í starfið
- Þekking á áfengismarkaði og léttvínum sérstaklega er kostur
- Söluhæfileikar og sannfæringamáttur
- Þjónustulund
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Drifkraftur og metnaður til að ná markmiðum

**Við bjóðum samkeppnishæf og árangurstengd laun.**
**Frábæra vinnuaðstöðu, hvetjandi vinnuumhverfi og skemmtilegan starfsanda.**

*Áhugasamir sendi inn umsókn (ásamt mynd) með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi, merkt „sölufulltrúi 2018“ á umsokn@mekka.is.*
*Nánari upplýsingar um fyrirtækið og vörubreiddina er að finna á www.mekka.is.*
*Fyrirspurnum um starfið verður ekki svarað í síma.*
**Umsóknarfrestur er til og með mánudagsins 20. ágúst 2018**

Mekka Wines&Spirits



# Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?

N1 óskar eftir að ráða kraftmikla og áreiðanlega **VAKTSTJÓRA** til starfa á þjónustustöðvar sínar víðsvegar um landið.

**Helstu verkefni**
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Verkstjórn á vakt
- Vaktauppgjör
- Áfylling og þrif
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Samskiptafærni
- Rík þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- 20 ára eða eldri

**Leitum einnig að kraftmiklum starfsmönnum í almenna afgreiðslu.**

Þjónustustöðvar N1 eru líflegir vinnustaðir sem iða af mannlífi frá morgni til kvölds. Við erum með vel staðsettar þjónustustöðvar og verslanir ásamt fyrsta flokks bílaþjónustu og öflugri fyrirtækjaþjónustu sem gerir N1 að sterkri heild.

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hópi. Reynsla af störfum í verslun og þjónustu er kostur.

Kynntu þér málið og sæktu um á **www.n1.is** – merkt framtíðarstörf.

Framúrskarandi fyrirtæki · JAFNLAUNAVOTTUN VR

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

N1

# Pípulagningameistari / - Sveinn

Óskum eftir dugmikklum pípara til starfa.
Frekari upplýsingar í síma: 697 8910 / 694 9922

**H45 verktakar ehf**

H45 EHF

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu hagmála og fjárlaga

Velferðarráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings á skrifstofu hagmála og fjárlaga.

**Starfssvið**
- Upplýsingaöflun og framsetning tölfræðilegra upplýsinga.
- Greining gagna sem nýtast m.a. við stefnumótun á málefnasviðum ráðuneytisins.
- Uppsetning mælaborða og skýrslna í Power BI til birtingar í ráðuneytinu eða á ytri vef.
- Aðkoma að stefnumótun og skipulagi gagnamála.
- Kostnaðargreining og gerð og umsjón reiknilíkana.
- Þátttaka í stefnumótun í málaflokkum ráðuneytisins í samstarfi við fagskrifstofur og stofnanir þess.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í hagfræði, tölfræði, tölvunarfræði, raunvísindum, verkfræði eða önnur sambærileg menntun. Framhaldsmenntun er kostur.
- Færni í meðferð, greiningu og úrvinnslu tölulegra gagna.
- Reynsla af kostnaðargreiningu og gerð reiknilíkana í Excel er kostur.
- Áhugi og þekking á viðskiptagreindarhugbúnaði og birtingu tölulegra gagna á myndrænan hátt.
- Reynsla af vinnslu gagna í Power BI eða öðrum viðskiptagreindarhugbúnaði er kostur.
- Þekking á DAX-forritunarmálinu (eða sambærilegu) er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan og agaðan hátt.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti og hæfni til að miðla upplýsingum á skýran hátt.
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli er kostur.
- Þekking og reynsla af teymisvinnu og verkefnisstjórnun er kostur.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi. Nánari upplýsingar veita Ólafur Darri Andrason skrifstofustjóri, olafur.darri@vel.is, og Dagný Brynjólfsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra, dagny.brynjolfsdottir@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og starfsheiti skulu berast velferðarráðuneytinu, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík eða á netfangið: **postur@vel.is** eigi síðar en **27. ágúst nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 10. ágúst 2017.*

JAFNLAUNAVOTTUN 2017 - 2020

**Vísir hf. óskar eftir að ráða vélavörð á Jóhönnu Gísladóttur GK-1076.**

Jóhanna er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856-5780 eða á heimasíðu Vísir **www.visirhf.is.**

VÍSIR




## ÚLFSEY – HVOLSVÖLLUR - DREYFBÝLI

**BÓKIÐ SKOÐUN**

Einbýli 91.4fm á einstaklega fallegum stað á suðurlandi. Útsýni til fjalla og Vestmannaeyja. Tvö svefnherbergi, fataherbergi, opið eldhús og stofa, hiti í gólfum. Heitur rafmagnspottur og sólskáli með rennihurðum. Húsinu fylgja 3.7 hektarar. Frábær eign fyrir þá sem vilja njóta náttúrunnar og t.d.hestafólk. **V. 28.7.M**

**Nánari upplýsingar veitir**



**NADIA KATRÍN BANINE**
Löggiltur fast.
nadia@landmark.is
sími 692 5002

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - HLÍÐARSMÁRI 2 - LANDMARK.IS

## Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ auglýsir eftir sálfræðingi

FMOS Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

**Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ óskar eftir að ráða sálfræðing í 50% starf.**

Skólinn hefur áhuga á að bæta þjónustu við nemendur til að stuðla að meiri vellíðan og betri árangri. Starfið er nýtt og mun viðkomandi starfsmaður byggja það upp og þróa í samstarfi við stjórnendur.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með starfsleyfi sálfræðings sem hefur áhuga á að byggja upp sálfræðiþjónustu fyrir nemendur innan skólans. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa mikla samskiptafærni.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi og leggur áherslu á að vera í góðum tengslum við umhverfi sitt, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ. Skólinn er framhaldsskóli með áfangasniði þar sem í boði eru stúdentsbrautir, framhaldsskólabrautir og sérnámsbraut. Helstu áherslupunktar í kennsluháttum skólans eru fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarnám.

**Ráðið verður í stöðuna frá 10. september 2018.**
Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Guðbjörgu Aðalbergsdóttur skólameistara í netfangið gudbjorg@fmos.is eða Guðrúnu Guðjónsdóttur aðstoðarskólameistara í netfangið gudrun@fmos.is.
Einnig er hægt að senda umsóknir í pósti: Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Háholti 35, 270 Mosfellsbær.
Vakin er athygli umsækjenda á að samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en af ráðningu getur orðið.

**Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 27. ágúst 2018.**
Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir skólameistari í netfangi gudbjorg@fmos.is eða í síma 864-9729 og aðstoðarskólameistari í netfangi gudrun@fmos.is eða í síma 845-8829. Á vef skólans **www.fmos.is** má einnig finna ýmsar upplýsingar um skólann.

*Skólameistari*



# ÉG VINN MIKILVÆGASTA STARF Í HEIMI

„Starfið er fyrst og fremst skemmtilegt út af börnunum. Það er yndislegt að vinna með þessum snillingum sem gefa mér svo mikið. Að undirbúa börn fyrir framtíðina er það mikilvægasta í heimi. Þau eru mínir bestu vinnufélagar. Þetta er uppáhalds vinnustaðurinn minn og hér hef ég eignast fullt af góðum vinum.“

Kristófer Nökkvi Sigurðsson
Forstöðumaður frístundaheimilisins Draumalandið

## LANGAR ÞIG AÐ VINNA MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS?

**Skóla- og frístundasvið óskar eftir fólki til að vinna með börnum og unglingum. Í boði eru fjölbreytt störf í öllum hverfum borgarinnar.**

Undir skóla- og frístundasvið heyra:

- LEIKSKÓLAR
- GRUNNSKÓLAR
- FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR

Nánari upplýsingar á
**www.reykjavik.is/laus-storf/sfs**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

**Reykjavíkurborg**
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

## Starf við launavinnslu í Kjaradeild

*Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á launa- og mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá kjaradeild starfa 29 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.*

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með mannauðs- og launakerfi SAP og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

**Helstu verkefni:**
- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Eftirlit með rafrænni skráningu
- Eftirlit með réttri framkvæmd kjarasamninga
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverukerfa

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst 2018.**

Nánari upplýsingar veitir Harpa Ólafsdóttir, deildarstjóri kjaradeildar í netfangi harpa.olafsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Jói Fel
BAKARÍ

## Vanur bókari óskast í 50% starf.

Hjá Jóa Fel óskar eftir vönum bókara í 50% starf.
Um er að ræða fjárhags- viðskiptamann- og lánadrottnabókhald ásamt launavinnslum.
Afstemmingar og undirbúningur bókhalds til endurskoðanda.
Æskilegt er að umsækjandi sé viðurkenndur bókari með góða þekkingu og reynslu.
Þekking á DK hugbúnaði væri kostur.

**Umsóknir sendist á atvinna@frettabladid.is merkt „Bókari“ fyrir 20. ágúst.**

Holtagarðar - Smáralind - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is



# Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Hrafnistuheimilanna

Hrafnistuheimilin óska eftir framkvæmdastjóra rekstrarsviðs til að stýra rekstrarsviði Hrafnistuheimilanna en rekstrarsvið er annað af tveimur stoðsviðum fyrirtækisins. Hitt stoðsviðið er heilbrigðissvið en hlutverk stoðsviða er að samræma, samþætta og þjónusta starfsemi heimilanna sem Hrafnista starfrækir.

Staða framkvæmdastjóra rekstrarsviðs heyrir beint undir forstjóra og verður framkvæmdastjóri rekstrarsviðs einn af lykilstjórnendum Hrafnistuheimilanna. Leitað er að kraftmiklum, metnaðargjörnum og reyndum aðila sem hefur brennandi áhuga á að vera hluti af sterkri liðsheild við áframhaldandi uppbyggingu á öflugri og markvissri þjónustu við aldraða.

**Starfssvið og ábyrgð framkvæmdastjóra rekstrarsviðs:**
- Yfirumsjón með fjármálum og rekstri, þar á meðal rekstraráætlanir og uppgjör
- Yfirumsjón með kostnaðargreiningum og lykiltölum í rekstri ásamt eftirfylgni
- Yfirumsjón með mannauðsmálum, launaútreikningum og bókhaldi
- Yfirumsjón með rekstrar- og þjónustusamningum.
- Þátttaka í stefnumótun og markmiðasetningu
- Stýrir daglegu starfi rekstrarsviðs og deilda þess
- Vinnur í nánum tengslum við stjórnendur Hrafnistuheimilanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Háskólagráða í viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Yfirgripsmikil reynsla af fjármálastjórnun og rekstri, helst frá stórum fyrirtækjum eða stofnunum
- Jákvætt lífsviðhorf, stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni
- Reynsla og þekking af kjaraumhverfi er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst.**
Umsækjendur eru beðnir að skila ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfni til að gegna stöðunni á: **fastradningar.is**

Nánari upplýsingar veitir Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistuheimilanna: petur.magnusson@hrafnista.is

Hrafnista rekur sex öldrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Hjá Hrafnistu starfa um tólf hundruð manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Stöðugildi eru um 650 talsins. Ársvelta heimilanna er tæpir átta milljarðar króna.

das
HRAFNISTA

*Hrafnista Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur | Garðabær | Reykjanesbær*

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fræðslu- og frístundaþjónusta**
» Skólastjóri - Tónlistarskóli Hafnarfjarðar
» Daggæslu- og innritunarfulltrúi

**Grunnskólar**
» Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
» Kennsla í náttúru- og stærðfræði - Hraunvallaskóli
» Nýbúakennsla - Hraunvallaskóli
» Deildarstjóri UT - Hvaleyrarskóli
» Frístundaleiðbeinandi í Holtasel - Hvaleyrarskóli
» Sérkennari í afleysingar - Hvaleyrarskóli
» Stuðningsfulltrúi í Holtasel - Hvaleyrarskóli
» Frístundaleiðbeinandi - Lækjarskóli
» Ensku- og dönskukennari - Setbergsskóli
» Frístundaleiðbeinandi í Krakkaberg - Setbergsskóli
» Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg - Setbergsskóli
» Skólaliði - Setbergsskóli
» Umsjónarkennari í miðdeild - Setbergsskóli
» Dans- eða leiklistarkennari - Skarðshlíðarskóli
» Frístundaleiðb. í Skarðssel - Skarðshíðarskóli
» Náms- og starfsráðgjafi - Skarðshlíðarskóli
» Stuðningsfulltrúi í Skarðssel - Skarðshlíðarskóli
» Frístundaleiðbeinandi í Hraunið - Víðistaðaskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Víðistaðaskóli
» Frístundaleiðbeinandi í Selið - Öldutúnsskóli

**Málefni fatlaðs fólks**
» Afleysing - Lækur, athvarf fyrir geðfatlaða
» Framtíðarstarf á heimili fatlaðs fólks
» Framtíðarstarf á Svöluhrauni
» Stuðningsfulltrúi - Frístundaklúbburinn Kletturinn
» 80% starf á heimili fatlaðs fólks í Smárahvammi

**Leikskólar**
» Leikskólakennari - Hlíðarberg
» Þroskaþjálfi - Hlíðarberg
» Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Hvammur
» Leikskólakennari - Hvammur - skilastaða
» Sérkennari - Hvammur
» Leikskólakennari - Hörðuvellir
» Þroskaþjálfi - Hörðuvellir
» Leikskólakennarar - Norðurberg
» Leikskólakennari - Smáralundur
» Leikskólakennari á ungbarnadeild - Stekkjarás
» Leikskólakennari - Víðivellir
» Þroskaþjálfi - Víðivellir

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

Norræna húsið

**Hefur þú brennandi áhuga á börnum og barnamenningu?**

## Norræna húsið auglýsir eftir bókasafns- og upplýsingafræðingi

Bókasafn Norræna hússins er einstakt almenningsbókasafn með safnefni á sjö tungumálum, barnabókasafn og artótek með norrænum grafíkverkum. Bókasafnið hóf starfsemi árið 1969, ári eftir að húsið var vígt. Sérstaða safnsins er að þar er eingöngu að finna bókmenntir á norðurlandamálunum eftir norræna höfunda en þó ekki á íslensku nema þýðingar yfir á annað norðurlandamál. Í safninu eru skáldsögur og fræðibækur fyrir börn og fullorðna, tímarit, dagblöð, hljóðbækur og rafbækur. Bókasafnið vinnur náið með verkefnastjórum Norræna hússins og skipuleggur bókmenntaviðburði eins og Höfundakvöld og Sögustundir.

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði, BA, MA, scient. í upplýsingafræði eða sambærileg menntun
- Framúrskarandi kunnátta í sænsku, dönsku eða norsku ásamt kunnáttu í ensku og íslensku ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking og innsýn í barnabókmenntir og barnamenningu
- Hafa reynslu og ánægju af að vinna með börnum og unglingum
- Takir frumkvæði og komir hugmyndum þínum í framkvæmd
- Frábær samskipta – og samstarfshæfni
- Skráningarheimild í Gegnir.is er kostur
- Þekking á stafrænum miðlum og gagnagrunnum og færni til að nýta þá í starfi

**Helstu verkefni**

- Yfirumsjón með barnastarfi safnsins
- Vera í forsvari viðburða tengdum börnum og unglingum, allt frá vikulegum sögustundum til stórra alþjóðlegra viðburða
- Móttaka skólahópa og yfirumsjón með skipulögðum heimsóknum í Norræna húsið
- Ásamt öðru starfsfólki safnsins að skrá í Gegnir.is nýtt barnaefni á öllum norrænu tungumálunum
- Að fylgjast með og sjá til þess að barnadeild safnsins, Barnahellirinn, sé ávallt í stakk búinn að taka á móti litlum og stórum gestum
- Almenn bókasafnsstörf eins og útlán og önnur þjónusta

**Við bjóðum**

Fjölbreytt og áhugavert starf á metnaðarfullum vinnustað með góðum starfsanda. Ásamt samstarfsfólki verður þú hluti hóps sem einbeitir sér að því að kynna og koma á framfæri norrænum bókmenntum og menningu ásamt því að varða leið safnsins inn í stafræna framtíð. Starfið er sveigjanlegt og skapandi þar sem við vinnum sjálfstætt sem og í hóp og höfum möguleika á að bæta og efla þekkingu okkar og kunnáttu.

**Starfshlutfall er 80%. Umsóknarfrestur er til 27. ágúst og skal sækja um starfið á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar www.norden.org**

Með umsókninni skal fylgja starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn skal vera á dönsku, sænsku eða norsku. Ráðið er í starfið til fjögurra ára með möguleika á framlengingu á samningi önnur fjögur ár skv. reglum Norrænu ráðherranefndarinnar.

**Upplýsingar um starfið veita Erling Kjærbo erling@nordichouse.is og Þórunn Stefánsdóttir thorunnst@nordichouse.is**

**Nánari upplýsingar um húsið er að finna á www.norraenahusid.is**

*Norræna húsið var opnað 1968 og er menningarstofnun sem rekin er af Norrænu ráðherranefndinni. Markmið Norræna hússins er að hlúa að og styrkja menningartengsl milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Frá upphafi hefur Norræna húsið markað sér sérstöðu í íslensku menningarlífi, oft með því að hafa frumkvæði að og skipuleggja margvísleg menningarviðburði og sýningar. Árlega koma um 100.000 gestir í húsið sem er eitt af meistaraverkum finnska arkitektsins Alvars Aalto. Í ár fagnar Norræna húsið 50 ára starfsafmæli.*

# Yfirvaktstjóri við Salalaug

Salalaug er staðsett við Versali í salahverfi Kópavogs. Sundlaugin var formlega opnuð á sumardaginn fyrsta árið 2005. Þar eru sundlaugar úti og inni ásamt heitum pottum, gufubaði og rennibraut. Hjá lauginni starfa rúmlega tuttugu manns, við þjónustustörf, þrif og öryggisgæslu.

**Nánar um starfið**
Yfirvaktstjóri er undirmaður forstöðumanns sundlaugar og er jafnframt staðgengill forstöðumanns. Yfirvaktstjóri gengur vaktir og sér um ýmis rekstrartengd mál svo sem pantanir, mönnun á vaktir o.s.frv. Yfirvaktstjóri er yfirmaður almennra starfsmanna á sinni vakt. Um framtíðarstarf er að ræða í 100% starfshlutfalli.

**Menntunar og hæfniskröfur**
Gerð er krafa um eftirfarandi hæfni:

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Ríka þjónustulund og lausnarmiðaða hugsun.
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð.

Menntun:

- Æskilegt er að umsækjandi hafi lokið námi sem nýtist í starfi.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt samningi Starfsmannafélags Kópavogs og Launanefndar sveitafélaga.

### Friggjarbrunnur 17
113 Reykjavík

Mjög falleg 242,6 fm parhús á 3 hæðum
með innbyggðum bílskúr
Húsin eru fullkláruð að innan sem utan
Lóð gróffjöfnuð að hluta
Möguleiki á aukaíbúð í kjallara
með sérinngangi

Verð: **89,5 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s. 780 2700** **Helgi Jónsson** löggiltur fasteignasali



### Klettatröð 6
262 Ásbrú

Steinsteypt hús byggt árið 1990 á Ásbrúarsvæðinu 2548 fm. Húsið stendur á 1678 fm malbikaðri leigulóð. Búið er að teikna upp 14 herbergi ásamt salernum, sturtum og sameiginlegri aðstöðu. Eignin er laus til afhendingar. Góð eining til útleigu á herb. þar sem vöntun er mikil á svæðinu.

Verð: **45,0 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s. 899 5856** **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali



### Brunnstígur
230 Hafnarfjörður

Mjög sjarmerandi 164,5 fm einbýlishús á
þremur hæðum á þessum fallega stað í
lítlilli botnlangagötu
Fallegur suður garður með miklu útsýni
Vel staðsett eign í göngufæri við miðbæ
Hafnarfjarðar, Hellisgerði og Víðistaðatún

Verð: **61,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s. 780 2700** **Helgi Jónsson** löggiltur fasteignasali



### Brattholt 6A
270 Mosfellsbær

Fallegt endaraðhús á tveimur hæðum
Fjölskylduvænt hverfi
Stór afgirtur sólpallur í suður og einnig pallur til norðurs
Eigin er skráð 131,5 fm samkvæmt FMR
Einstakt tækifæri til að eignast notalegt sérbýli **Laus strax**

Verð: **57,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958** **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



### Þrastarlundur 9
210 Garðabær

Vel skipulagt einbýlishús á frábærum stað
Eignin er alls um 250 fm með stórri sólstofu
Góð stofu og eldhúsrými, 5-6 svefnherbergi
Tvöfaldur góður bílskúr og einstakur garður
Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni

Verð: **89,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s. 899 1178** **Atli S. Sigvarðsson** löggiltur fasteignasali



### Barðaströnd
170 Seltjarnarnes

Mjög fallegt og mikið endurnýjað 199,6 fm
einbýlishús ásamt 26,7 fm bílskúr,
samtals : 226,3 fm
Eignin skiptist í : forstofu, hol, stofu, eldhús,
borðstofu, tv stofu, 2 baðherbergi, 4 herbergi
og hjónaherbergi með fataherbergi

Verð: **128,5 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s. 780 2700** **Helgi Jónsson** löggiltur fasteignasali



### Fannafold 119
112 Reykjavík

Einbýlishús á einni hæð, 4 svefnherbergi
Heitur pottur
Rúmgott þvottahús
Bílskúr

Verð: **79,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s. 775 1515** **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali



### Ægisgata 5
101 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð íbúð á 2. hæð
í húsi byggðu 2005 við Ægisgötu 5
2ja herbergja 65,8 fm
Lyftuhús
Góð staðsetning þar sem stutt
er í alla helstu þjónustu og
iðandi mannlíf miðbæjarins

Verð: **39,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s. 899 5856** **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali



### Bakkastígur 10
735 Reykjanesbær

901,2 fm atvinnuhúsnæði á góðum
stað í Reykjanesbæ
Góð aðkoma
Möguleiki á að leigja út mörg
mismunandi iðnaðarbil sem gætu
hentað undir ýmsa atvinnustarfsemi

Verð: **75,0 millj.**

Nánari upplýsingar:
**s. 778 7272** **Axel Axelsson** löggiltur fasteignasali

**569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**s. 695 5520** **Jón Rafn Valdimars**

SPÁNAREIGNIR




## GLÆSILEGAR NÝJAR ÍBÚÐIR Á SPÁNI
## FRÁBÆR STAÐSETNING – FÍN VERÐ



- Lyftuhús
- Flottur sundlaugargarður
- Stór stofa/borðstofa/eldhús
- 2-3 svefnherbergi 2 baðherbergi
- Rétt hjá La Zenia Boulevard
- Fjölmargir golfvellir í næsta nágrenni
- Stutt á strönd
- Jarðhæð með sér garði
- Miðhæðir með stórum svölum
- Efsta hæð með stórum svölum og sér þaksvölum







**Verð frá 157.000 Evrum + kostn. (Ikr. 19.600.000 + kostn.)**

VIÐ HÖFUM SELT FASTEIGNIR Á SPÁNI SÍÐAN 2001.
ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ OKKUR.

Aðalheiður Karlsdóttir
löggiltur fasteignasali
adalheidur@spanareignir.is
sími: 893 2495
Ármúli 4-6, Reykjavík



www.spanareignir.is

# Sérfræðingar í ráðningum





lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

www.stra.is

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



| Þórunn | Hannes | Stefán | Kristján | Sveinn | Ólafur | Hrafn | Bjarni | Þorsteinn | Helga | Vernharð | Lára | Harpa | Gunnar | Arna | Magnús | Halldór |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI |

**BÓKIÐ SKOÐUN**



## Skeiðarás 8

10 GARÐABÆR

STÆRÐ: 201,5 fm | IÐNAÐUR | HERB: 5

Snyrtilegt ný málað, mikið endurnýjað húsnæði. Skiptist í 151,1fm sal, með innkeyrsluhurð með gluggum í enda rýmis. Á milligólfi er skrifstofa og starfsmannaaðstaða sem er 50,4fm. Malbikuð lóð og hiti í plani fyrir framan.

*Heyrumst*
**Halldór ❯ 618 9999** **43.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**SÝNUM SAMDÆGURS**



## Tangabryggja 18-22

110 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 91,9-115,8fm FJÖLDI | HERB: 3-5

Glæsilegar íbúðir, afhendast með gólfefnum á öllum rýmum og stæði í bílageymslu. Húsið er klætt að utan með ál- og tréklæðningum sem tryggir lágmarks viðhald. Vandaðar innréttingar.

*Heyrumst*
**Halldór ❯ 618 9999** **54.9-57.9M KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS ❯ 13. ágúst 17:00 – 17:30**





## Andarhvarf 6a

203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 247,4 fm | PARHÚS | HERB: 6

Flott parhús á 2.hæðum með aukaíbúð á jarðhæð. Glæsilegt útsýni yfir Elliðavatn. Bílskúr á efri hæð. Fjögur svefnherbergi. Flísar og parket á gólfum. Garður gróinn.

*Heyrumst*
**Bjarni ❯ 662 6163** **97.500.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS ❯ 13. ágúst 17:30 – 18:00**





## Tjarnarból 17

170 SELTJARNARNES

STÆRÐ: 180 fm | SÉRHÆÐ | HERB: 5

Mikið uppgerð efri hæð með sérinngangi og bílskúr í þríbýlishúsi. Gott skipulag. Parket, flísar, innréttingar í eldhúsi og baði endurnýjað, ásamt hluta af vatns- og rafmagnslögnum.

*Heyrumst*
**Hannes ❯ 699 5008** **79.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS ❯ 14. ágúst 17:30 – 18:00**





## Aratún 7

210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 74,9fm | EINBÝLI | HERB: 6

Einbýlishús á einni hæð teiknað af Kjartani Sveinssyni. Afgirtur garður með ca 70 fm timburverönd og skjólveggjum í suðvestur. Fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, tvær stofur ásamt sjónvarpsrými.

*Heyrumst*
**Hannes ❯ 699 5008** **74.900.000 KR**
Löggiltur fasteignsali

**OPIÐ HÚS ❯ 13. ágúst 17:30 – 18:00**





## Austurströnd 8

170 SELTJARNARNES

STÆRÐ: 123,4 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4-5

Stórkostlegt útsýni ! góð íbúð á 8 hæð í lyftuhúsi með bílastæði í kjallara, þrjú svefnherbergi, stór stofa og stórar svalir. Íbúðin er stærri að gólffleti þar sem hluti íbúðar er undir súð.

*Heyrumst*
**Kristján ❯ 696 1122** **66.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS ❯ 13. ágúst 18:30 – 19:00**





## Hraunbær 109A

110 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 61,7 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 5

Mjög falleg og vel skipulögð tveggja herbergja íbúð með sérinngangi.

*Heyrumst*
**Gunnar ❯ 699 3702** **32.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS ❯ 12. ágúst 14:00 – 14:30**





## Laxatunga 179-185

270 MOSFELLSBÆR

STÆRÐ: 203,4 fm | RAÐHÚS | HERB: 4

**LIND** fasteignasala og **Jón G. Sandholt jr.** kynna í einkasölu virkilega falleg raðhús í Laxatungu 179-185.
Samkvæmt Fasteignamati ríkisins eru raðhúsin í heild sinni 203,4 m2. þar af 36,9 m2 bílskúr.

Myndavélakerfi frá VÖRN fylgir raðhúsinu en tvær myndavélar eru sitthvoru megin við húsin. Myndavélakerfi: HD-SDI dome-myndavél er sitthvoru megin við húsin og er þessi myndavél með aðdráttalinsu, styður 30 ramma á sek. í fullum HD gæðum (1080p) ásamt fleiri eiginleikum.
Myndgæðin keyrast í gegnum Coax-kapal í fullu HD gæðum. Möguleiki að tengja tæki við net og stjórna því yfir internet, síma, iPad og tölvu.

*Heyrumst*
**Jón ❯ 777 2288** **79.9-82.9M KR**
Í námi til lögg.fasteignasala

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**



# Skógarás 3

## Indriðastaðir í Skorradal





Tvær íbúðir undir sama þaki !
Glæsilegt 120 fm heilsárshús
21 fm bátaskýli niður við vatn
7 svefnherbergi með gestahúsi
Heitt og kalt vatn, heitur pottur
Rúmlega 5000 fm eignarland

**Tilvalið fyrir stórfjölskyldu eða fyrirtæki**

Verð : **42,0 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson,** lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

**MIKLABORG** **Með þér alla leið**

**569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

# Jörð á höfuðborgarsvæðinu

**Til sölu er jörðin Óskot í Mosfellssbæ ef viðunandi tilboð fæst.**

**Jörðin sem er 132,8 ha. að stærð er á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og liggur að Hafravatni, Langavatni og Úlfarsá. Óskot er í ca. 2 km. fjarlægð frá hringtorgi á Hólmsheiðarvegi í Úlfarsárdal og ca. 15 km. frá Lækjartorgi.**

**Jörðin býður upp á ýmsa möguleika og er t.d. tilvalin langtíma-fjárfesting.**

**Sjá má myndir og nánari upplýsingar um eignina á heimasíðu fasteignasölunnar: www.fasteignsnae.is**

**Fasteignasala Snæfellsness**
**Pétur Kristinsson, lögmaður og löggiltur fasteigna- og skipasali.**
**Sími 438-1199, netfang pk@simnet.is**
**Heimasíða: www.fasteignsnae.is**

# ráðum
ráðningarstofa

## Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna.
Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

# heimili
fasteignasala
– á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali



**Ragnar Þorgeirsson**
S: 774-7373

## Skógarvegur 12 – 3ja herb.




**Opið hús á morgun sunnudag frá kl. 17:00 - 18:00.** Sérlega falleg 3ja herbergja íbúð í nýlegu viðhaldsléttu húsi í Fossvoginum. Hjónasvíta og rúmgott gesta/barnaherbergi. Stofa og eldhús í björtu opnu rými, suðursvalir. Húsið er lyftuhús og stæði í bílageymslu fylgir. Laus fljótlega. **Verð 67,7 millj.**
**Frekari upplýsingar veitir Ragnar, ragnar@heimili.is s: 774-7373**

**530 6500** Grensáveg 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

# TIL SÖLU FALLEGT GISTIHEIMILI Í GLÆSILEGU HÚSI Á BESTA STAÐ Í REYKJAVÍK



- **GISTIHEIMILIÐ ER REKIÐ UNDIR NAFNINU "THOR GUESTHOUSE" OG ER ÞAÐ STAÐSETT VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG 16.**
- **GISTIHEIMILIÐ ER Á 4. OG 5. HÆÐ HÚSSINS AUK ÞESS SEM STUDIÓÍBÚÐ ER Í TURNHERBERGI HÚSSINS, SAMTALS 392 FM AÐ STÆRÐ.**
- **ÞETTA ER FALLEGT OG MIKIÐ ENDURNÝJAÐ GISTIHEIMILI Í GÓÐUM REKSTRI SEM VERT ER AÐ SKOÐA.**
- **EINSTAKT ÚTSÝNI YFIR REYKJAVÍK OG NÁGRENNI.**

**Upplýsingar veitir Snorri Björn Sturluson fasteignasali / lögmaður í síma 699-4407 eða snorri@domusnova.is**

DOMUSNOVA
Fasteignasala
Sími 527 1717 - www.domusnova.is


BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!
FRÉTTABLAÐIÐ
Erum í þessu saman
Milljarða króna samfélag fútúrista í Lóni
ÚTSALA
• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.
• Opnar blað dagsins.
• Lest þegar þér hentar!
Sæktu Fréttablaðsappið frítt!
Download on the App Store
GET IT ON Google Play

# Snjallir réttir um helgina

**Helgin er loksins runnin upp og þá vilja flestir fá sér eitthvað gott að borða. Grillmatur er vinsæll og hér eru nokkrar hugmyndir að snjöllum réttum sem gaman gæti verið að bjóða gestum upp á.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þessir réttir eru svolítið hver úr sinni áttinni en eiga það þó allir sameiginlegt að vera sumarlegir og góðir. Það er alltaf skemmtilegt að prófa eitthvað nýtt.

## Mexíkóhamborgari með nachos

Hvernig væri að breyta aðeins til og útbúa hamborgara með mexíkósku ívafi? Það er gert með því að nota taco-krydd og nachos. Hamborgarinn er borinn fram með tómötum og lárperumauki. Uppskriftin miðast við fjóra.

**400 g nautahakk**
**1 poki taco-krydd**
**100 g rifinn ostur**
**1 msk. smjör til að steikja upp úr ef ekki er grill**

**Heimagert nachos**
**3 litlar hveititortillur**
**½ msk. olía**
**¼ tsk. salt**
**1 tsk. paprikuduft**
**Lárperumauk**
**1 lárpera**
**¼ tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**Smávegis límónusafi**

**Meðlæti**
**Maísbaunir**
**Sýrður rjómi**
**Tómatar**
**Hamborgarabrauð**

Til að gera tortilla-nachos: Klippið hverja tortillaköku í jafnstóra þríhyrninga. Raðið á bökunarplötu, vætið örlítið með olíu og kryddið með salti og paprikudufti. Bakið neðarlega í ofni við 160°C í 10 mínútur. Kælið.

Lárperan þarf að vera mjúk svo hægt sé að stappa hana. Bætið límónusafa saman við og bragðbætið með salti og pipar.

Hrærið taco-kryddblöndunni saman við nautahakkið. Blandið rifnum osti saman við og mótið fjóra hamborgara. Steikið hamborgarana á pönnu með bræddu smjöri eða grillið þá á útigrilli í 4-5 mínútur á hvorri hlið. Hitið brauðin augnablik á grillinu eða í ofni.



Grillað nautakjöt á teini.

Setjið lárperumaukið undir hamborgarann, síðan tómat og nachos yfir. Þá er þess getið í uppskriftinni að gott sé að mauka maísbaunir úr dós í matvinnsluvél saman við fjórar matskeiðar af sýrðum rjóma og bera fram með réttinum. Það má líka hafa beikon á borgaranum, allt eftir smekk.

## Sesarsalat með kjúkling

Sesarsalat er heimsþekkt og löngu orðið klassískt. Það er salatsósan sem skiptir öllu máli í þessu salati og hana þarf að gera eftir uppskriftinni. Hvort sem þér finnst ansjósur góðar eða vondar eru þær nauðsynlegar í sósuna. Uppskriftin miðast við fjóra. Það er hægt að hægt að hafa sesarsalat með eða án kjúklings. Hér er uppskrift þar sem kjúklingurinn er með.

**4 brauðsneiðar**
**2 msk. olía**
**2 kjúklingabringur**
**¼ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**
**150 g beikon**
**1 haus romano- eða jöklasalat**
**50 g parmesanostur**

**Dressing**
**2 eggjarauður**



Mjög góður hamborgari með taco-kryddi.

**1 tsk. Dijon-sinnep**
**3 mjög smátt skornar ansjósur**
**1 hvítlauksrif, pressað**
**Safi úr hálfri sítrónu**
**1½ dl olía**
**30 g parmesan**
**¼ tsk. salt**
**¼ tsk. cayenne-pipar**

Gerið dressinguna fyrst. Hrærið saman eggjarauðum, sinnepi, ansjósum, sítrónusafa og hvítlauk. Hellið olíunni varlega í mjórri bunu yfir og hrærið saman þannig að úr verði þykkari sósa, líkt og majónes. Bætið þá við einni lúku af rifnum parmesanosti og bragðbætið með salti og cayenne-pipar.

Hitið ofninn í 220°C. Skerið brauðið í teninga og setjið á bökunarpappír á bökunarplötu. Dreifið olíu yfir. Bakið í ofni í 15 mínútur og kælið síðan.

Kryddið bringurnar með salti og pipar. Steikið þær á pönnu í tvær mínútur á hvorri hlið eða setjið á útigrill. Setjið lok á pönnuna og steikið áfram í fjórar mínútur eða þar til bringurnar eru fullsteiktar. (Ef bringurnar eru grillaðar úti ættu þær að vera í um það bil sex mínútur á hvorri hlið). Takið bringurnar af pönnunni og steikið beikonið þar til það verður stökkt. Leggið steiktar beikonsneiðar á eldhúspappír.

Rífið salatið í grófa bita og leggið í stóra skál. Dreifið dressingunni yfir og hrærið allt saman. Dreifið brauðteningunum yfir, því næst parmesanosti, kjúklingabringunum sem hafa verið skornar í þunnar sneiðar og loks beikoninu. Gott er að setja nýmalaðan pipar yfir salatið.

## Nautagrillspjót með jógúrtsósu

Í þessari uppskrift er notað gott nautakjöt sem er skorið í þykka bita sem settir eru á grillspjót. Þetta er mjög góð uppskrift fyrir helgina og uppskriftin dugar fyrir fjóra.

**800 g gott nautakjöt**
**Salt**

**Grillsósa**
**1 dl tómatsósa**
**½ dl vatn**
**2 msk. rauðvínsedik**
**1 msk. instant kaffi**
**1 tsk. cayenne-pipar**
**1 tsk. kóríander, þurrkað**
**2 hvítlauksrif**
**4 msk. sólblómaolía**
**½ tsk. sykur**
**½ tsk. salt**
**½ tsk. nýmalaður pipar**

**Jógúrt- og baunaídýfa**
**1 dós hvítar baunir (butterbeans)**
**½ smátt skorinn laukur**
**2 msk. sítrónusafi**
**1 hvítlauksrif**
**1msk. ferskt minta, smátt skorin**
**100 g grísk jógúrt**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. nýmalaður pipar**

Gerið grillsósuna fyrst. Blandið öllu saman og smakkið til með sykri, salti og pipar.

Skolið baunirnar undir rennandi vatni og þerrið. Setjið í matvinnsluvél ásamt öllu öðru sem talið er upp í uppskriftinni. Bragðbætið með salti og pipar.

Skerið kjötið í 4 cm bita. Saltið. Leggið tréspjót í bleyti. Setjið um það bil 200 g af kjöti á hvert spjót. Hafið örlítið bil á milli bitanna svo hitinn komist í gegn.

Grillið bitana í um það bil 20 mínútur og snúið reglulega. Berið fram með grillsósunni og bauna- og jógúrtídýfu. Það má líka pensla kjötið með grillsósunni meðan það er á grillinu en takið þá frá sósu til að hafa sem meðlæti.

**Viltu verða rekstrarfulltrúi?**
**Nýtt tækifæri fyrir þig!**
Hagnýt viðskipta- og fjármálagreinabraut

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

- Er langt síðan þú varst í skóla?
- Hefur þig lengi langað að drífa þig í nám en ekki þorað?
- Áttu slæmar minningar frá fyrri skólagöngu?

Vel menntaðir og áhugasamir kennarar, góð aðstaða, mikil reynsla og afslappað andrúmsloft. Þessi braut veitir mörg tækifæri á vinnumarkaði og til frekara náms. Hagnýt viðskipta- og fjármálagreinabraut er þriggja anna braut með tengingu við vinnustaði. Aðaláhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar. Í lok námsins fá nemendur diploma sem rekstrarfulltrúi. Kennsla hefst í ágúst 2018.

Nánari upplýsingar gefur Inga Karlsdóttir, fagstjóri í síma 594 4000/8244114 eða inga.karlsdottir@mk.is

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Til sölu










Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð.

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Verönd er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
- með þér alla leið -

Falleg plaköt í miklu úrvali – www.sker.is




## Bílar & Farartæki

BÍLABORG



FORD Transit Comfort, nýr bíll, dísel, 6 gírar, 18 manna. Verð 4.990.000 + vsk. Rnr.110988. Bíllinn er á staðnum.



FORD Transit L3H1 Double cab, nýr bíll, dísel, 6 gírar, 7 manna. Verð 3.990.000 + vsk. Rnr.111185. Bíllinn er á staðnum.



FORD Transit Custom, nýr bíll, dísel, sjálfskiptur, 9 manna. Verð 4.830.000 + vsk. Rnr.111196. Bíllinn er á staðnum.



FORD Transit Custom, Nýr bíll, dísel, 6 gírar, 9 manna. Verð 4.024.000. Rnr.111090. Bíllinn er á staðnum.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

SUZUKI



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Benz GLA 220 D 4 Matik. Ek:13 þ. km, cc slagrými, 177 hö. Eins og nýr. Uppl. Þorsteinn s:898-1107



Toyota Auris 2010 ek. 123þús, góður bíll. sjálfsk. bensin. Verð 1.490þús Uppl. í s. 777 5066 eða gudjonr2@internet.is



M-Benz, E-220. Diesel. Fyrst skr. 07/13. Mjög fallegur bíll. Ek. 53þús 170 hö. Vel útbúinn, m.a. stór eldsneytistankur, bakkmyndavél. Ásett 4.250 þús. Uppl. í s: 8963394

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

Subaru Impressa árg. '08-'13, bensín sjálfsk. góður bíll. Uppl. í s. 777 5066 eða gudjonr2@internet.is

## Fellihýsi



**FLOTT FELLIHÝSI**
Fleetwood Americana Santa Fe árgerð 2007, með fortjaldi, markhýsu, tv og fl. Verð 890þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is



Til sölu skúta Maxi 84 28 fet 2,95m breið volvo vél,ný segl ofl ofl vel búinn bátur með öllu. Ath öll skipti og einnig til í að selja 50% með traustum með eig. Verð 3,7m Uppl Hörður 846-7668 hordur@internet.is

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar




**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir




## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Alhliða fræsing á gólfum,ekkert ryk og hágæða vinna. Uppl. á steinbrot@steinbrot.is eða í s:777-2242 eða 771-2242

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**HITAVEITU-SKELJAR**



**HEITIRPOTTAR.IS**
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

**GLUGGA GERÐIN**

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**
Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 3/9, 1/10, 29/10, 26/11 - 2019: 7/1, 4/2, 4/3, 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7: 4weeks/4 vikur x 5 days/5 daga. 2-6 students/ nem. Morn/Aftern/Evenings. Morgna/Síðd/Kvöld. Skráning: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/fullordinsfraedslan. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

## Til sölu





**IÐNAÐARHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Vagnhöfði 17
115-120 m² með millilofti, allt nýuppgert
Örfá bil eftir
s. 776 8484 – siggahrund@gmail.com

# Lóð og hús



**Húseining hefur fengið leyfi til að kynna lausar lóðir í hinum ýmsu bæjarfélögum sem henta vela okkar húsum.**

Þetta er nýr kostur á íslenskum markaði og hafa viðskiptavinir Húseiningu fagnað þessari nýjung. Þær lóðir sem viðskiptavinum bíðst ma sjá í tenglum á vef okkar. Viðskiptavinurinn getur valið þá lóð sem hentar honum ásamt því að velja þá hústegund sem hentar.

Ákveðnar takmarkanir þarf að hafa í huga þegar slíkur heildarpakki er valin, þ.e. lóð hús þegar kemur að því að velja hús á lóðina þar sem deiliskipulag tiltekur hvaða hvaðir fylgja húsagerðinni, þegar kemur að stærð og hæð hússins.

**Kíkið á vef okkar: www.huseining.is og sjáið lóðaframboðið!**


SMART - einbýli


KLASSIK - einbýli


SÓL - sumarhús


KÓSÝ - smáhýsi

## Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með vönduðu og hagstæðu húsi frá Húseiningu.

Húseining framleiðir smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Húseining býður upp á gott úrval af húsagerðum, þar sem allir eiga að geta fundið heimili sem hentar. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Twin Wall

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

## Þjónusta


**Vírushreinsun og stýriskerfis-hreinsun**

*Fljót og góð þjónusta*



tölvuvinir.is
tölvuverkstæði
Hafðu samband Sími: 445 0100
Langholtsvegur 126 104 Rvk.





Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

HAGVANGUR

www.hagvangur.is


## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**FOR RENT - TIL LEIGU**
Til leigu í efra Breiðholti 2ja herb íbúð.
**uppl. s 895 9376**
**eða á antonben@simnet.is**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir mönnum í húsaviðgerðir, helst með reynslu. Íslenskumælandi. Uppl. í síma 616 1569.

Vantar þig skemmtilega vinnu? Þá hef ég vinnu fyrir þig. Um er að ræða vaktavinnu vantar í allar stöður.Unnið er eftir N.P.A hugmyndafræðinni. Hafðu samband maggaer1910@gmail.com og gerum eitthvað gaman saman

Heimaás

**KRANAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða kranamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

**SMIÐUR/UPPMÆLING**

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu (greitt samkv.mælingartaxta) og nema á samning í húsasmiði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Smiðir óskast. Óska eftir að ráða smiði í innréttingavinnu, viðhald og nýsmiði. Góð og mikil vinna framundan. Uppl í síma 8240232 ssvanursig@hotmail.com

Szukamy stolarzy Chcemy zatrudnic stolarzy do wykanczania wnetrz, konserwacji oraz nowego budownictwa. Zapewniamy duzo ciekawej pracy. 8240232 ssvanursig@hotmail.com

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST**
Stundvís, heilsuhraustur starfskraftur óskast, til ýmissa starfa í matvöruverslun.Einnig við kjötborð. Íslenskukunnátta skilyrði.
Bílfróf æskilegt.
**Upplýsingar í síma 553-8844**
**Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60.**

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**


Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

Hægt að panta tíma á hofdabon.is

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

HÖFÐABÓN

Vinnum palla og öll gólfefni landsins þegar gæðin skipta máli förum hvert á land sem er

Fallegt gólf

Þjónusta frá 1984

Allar frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Geirsson í síma: 898 1107 eða hjá: golfslipun@simnet.is - www.falleggolf.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**viftur.is**

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

íshúsið



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is


EINSTAKUR BAKPOKI
FYRIR SKÓLANN OG FERÐALAGIÐ
The North Face Borealis bakpoki 12.990 kr.
Þægilegt fóðrað burðarkerfi með loftun og PE stuðningi
Stórt aðalrými með fóðruðum vasa fyrir fartölvu
Hliðarhólf fyrir vatnsbrúsa
Góð mittisól sem má fela
Góður vasi fyrir aukahluti efst á pokanum
Auka hólf með fjölda vasa fyrir penna, síma og aðra aukahluti
Teygju geymsla fyrir íþróttaföt
THE NORTH FACE
BOREALIS CLASSIC
NEVER STOP EXPLORING
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is



„Ég er að verða sjötug, en sé enga ástæðu til að hætta.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Hef aldrei komið út úr skápnum

Andrea Jónsdóttir mætir vitanlega í gleðigönguna og segir viðtökur við henni endurspegla fordómaleysi þjóðarinnar. Hún lifir í núinu og segist ekki vilja verða ung aftur.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Andrea Jónsdóttir hefur stundum verið kölluð rokkamma Íslands. Hún er þjóðþekktur útvarpsmaður, sér um þættina Popppressan á Rás 2 og er plötusnúður á skemmtistaðnum Dillon um helgar.

Andrea fékk Hina íslensku fálkaorðu hinn 17. júní síðastliðinn. „Ég varð mjög hissa þegar Örnólfur Thorsson forsetaritari hringdi í mig og tilkynnti mér þetta. Ég sagði: Ertu ekki að grínast? Ég mætti svo galvösk á Bessastaði með dóttur mína og börnin hennar þrjú, Þórunni systurdóttur mína og Gumma vin okkar. Það var frábært fólk, góður og blandaður hópur, sem fékk orðuna, þar á meðal Árni Björnsson þjóðháttafræðingur, sem kenndi mér íslensku í MR, en þar byrjaði ég árið 1965. Nú lentum við Árni hlið við hlið á Bessastöðum og þá sagði hann, sem mér þótti skemmtilegt: Þetta áttum við eftir að gera saman.“

Andrea segist síst hafa átt von á því að fá fálkaorðuna: „Ég lofa þér að ég hef aldrei stefnt að því. En mér finnst þetta mikill heiður og viðurkenning á popptónlist. Dægurtónlist þótti ekki merkilegur pappír í gamla daga. Ætli það séu nema tuttugu ár síðan fólk hætti að spyrja mig hvort ég væri ekki að vaxa upp úr þessu. En ég hef líklega fengið fálkaorðuna af því að ég óx ekki upp úr þessu.“

Andrea ólst upp á Selfossi ásamt tveimur systrum, eldri og yngri, og hálfbróður sem er elstur. Faðir hennar var mjólkurbílstjóri í marga áratugi og móðirin vann við verslunarstörf og var auk þess hin fullkomna húsmóðir að sögn Andreu. Hún segist snemma hafa fengið mikinn áhuga á tónlist. „Útvarpið var alltaf opið í gamla daga og þá var bara ein stöð, gamla Gufan, og allir hlustuðu á allt. Líka bændaþáttinn. Spjallað við bændur held ég að hann hafi heitið. Þegar ég var fjögurra ára fóru foreldrar mínir í ferðalag í Strandasýsluna með okkur systurnar ásamt fleiri Selfyssingum. Í rútunni var strákur þremur árum eldri en ég og hann sagði mér áratugum seinna að hann hefði hlustað á mig syngja í sífellu: Ég vildi ég væri hænuhanagrey.

Þegar ég varð eldri heillaðist ég gjörsamlega af Bítlunum, eins og heimsbyggðin öll. Það eru ekki allir sem átta sig á því að Bítlarnir voru svo miklu meira en bara tónlist. Bítlarnir breyttu heiminum. Þeim og popphreyfingunni sem kom í kjölfarið fylgdi miklu meira frelsi en áður hafði tíðkast og fólk hætti að bugta sig og beygja fyrir yfirvaldi. Ég varð yfir mig hrifin af Bítlunum, las textana og velti þeim fyrir mér. Frábær enskulærdómur.“

Spurð hvort hún eigi sér uppáhalds Bítil segir hún: „Það var eiginlega amma mín sem valdi fyrir mig árið 1965 eða 1966. Þá sá hún mynd af George í blaði á eldhúsborðinu hjá mömmu og sagði við hana: Þessi stúlka er lík henni Andreu.“ Ég varð upp með mér af samlíkingunni og ákvað að eignast uppáhalds Bítil eins og flestir aðrir. Annars elska ég alla Bítlana. Besta hljómsveit í heimi. Þeir eru frumkvöðlar á svo margan hátt.“

**Engin ástæða til að hætta**

Andrea fór snemma í hlutverk plötusnúðs þótt ekki fengi hún borgað fyrir þá vinnu. „Á unglingsárum fengum við systurnar plötuspilara sem pabbi lét kaupa í Noregi og hátalarinn var í lokinu og það var hægt að ferðast með hann. Ég fór iðulega með plötuspilarann og nokkrar plötur í partí og setti á fóninn, strax þá komin í hlutverk plötusnúðs. Ég las mikið af tónlistarblöðum og tímaritum og kynnti mér þennan kúltúr. Fylgdist afskaplega vel með.

Seinna, 1971 minnir mig, vann ég fyrst hjá útvarpinu við gerð tónlistarþátta, sem er svosem eins og að vera plötusnúður, fyrir utan talið. Fimmtug datt ég svo óvænt inn í nýtt djobb þegar ég varð plötusnúður á Dillon. Það byrjaði sem sjálfboðastarf því að enginn á barnum nennti að skipta um diska í spilaranum. Ég hef verið þar síðan, árið í ár er nítjánda árið mitt. Þetta er skemmtilegt starf og ég hef ánægju af því að fara út og hitta fólk. Einstaka sinnum geta gestir í Dillon verið með leiðindi. Mjög sjaldan samt. Það fer aðallega í taugarnar á mér þegar fólk kemur og gagnrýnir lag sem er í gangi en hefur svo enga tillögu um annað. Ef viðkomandi kvartar ítrekað set ég fótinn í hann, það er ýti honum frá með fætinum. Ég sit uppi á hillu við spileríið. Svo fæ ég smá samviskubit eftir á. Ég er að verða sjötug, en sé enga ástæðu til að hætta. Það er frábært að fá vinnu við að sinna áhugamáli sínu. Mér finnst tónlist vera tvennt: list og sagnfræði. Og tíska. Ekki má gleyma henni. Þessi tónlistarheimur er minn lífsstíll.“

> ÉG ER VINSTRI SINNUÐ JAFNAÐARKONA. MISSKIPTING AUÐS ER GLÆPUR OG EKKERT ANNAÐ. BARÁTTAN SNÝST UM RÉTTLÁTA SKIPTINGU ÞESSA AUÐS.

*Hvað með áfengi og fíkniefni, hefurðu einhverja slæma reynslu af slíku?*

„Ég er afskaplega lélegur dópisti og svo hef ég aldrei reykt. Ég segi stundum í gamni að ég vinni við að drekka. Það þýðir samt ekkert að vera á skallanum, af því að sem plötusnúður þarf maður að hafa margt í huga í einu, t.d. finna lögin, muna á hvaða geisladiskum þau eru og vera fljótur að skipta og tala við fólk á meðan. Ég er enn að nota geisladiska sem þykir mjög gamaldags. Það er sem sagt eins gott að vera sæmilega skýr í kollinum. Í gegnum tíðina hef ég stundum drukkið of mikið en maður lærir að finna jafnvægi í þessu með aldrinum. Ég hef lært að drekka mjög hægt.“

**Árin á Þjóðviljanum**

Andrea hefur ekki eingöngu unnið við tónlist. Hún vann í rúman áratug sem prófarkalesari á Þjóðviljanum. „Ég hef ákaflega gaman af málfræði og setningafræði og þess vegna fannst mér alveg sérstaklega gaman að vinna við prófarkalestur á Þjóðviljanum. Ég hefði kannski átt að verða kennari, sem ég var reyndar um tíma þegar ég kenndi ensku, dönsku og félagsfræði við Iðnskólann á Selfossi. Ég byrjaði á Þjóðviljanum árið 1972, var að leysa Elías Mar af. Það urðu straumhvörf í lífi mínu eiginlega út af tilviljun. Svavar Gestsson, sem var ritstjóri, var giftur frænku minni, henni Nínu. Hann vissi að ég var góð í íslensku og hóaði í mig. Síðan kom í ljós að það þurfti tvo prófarkalesara og þá var ég fastráðin. Seinna vantaði einhvern til að skrifa um tónlist og ég fór að gera það meðfram,“ segir hún.

Aðspurð hvort hún, sem hefur skrifað svo marga pistla um tónlist, hafi skrifað skáldskap, segir hún: „Ég var eitthvað að fikta við það mjög ung. Ég er of nákvæm til að geta orðið rithöfundur en ég get skrifað frásagnir. Ég er mjög vandvirk í sambandi við það sem ég skrifa og læt frá mér.“

Andrea segist hafa unnið með mörgum minnisstæðum einstaklingum á Þjóðviljanum og minnist rithöfundarins og vinar síns Elíasar Mars með mikilli hlýju. „Hann kenndi mér og var afskaplega góður við mig. Það var mjög gaman að tala við hann um gamla daga og bækur og rithöfunda því hann þekkti svo marga. Hann var líka forvitinn um nútímann og þar gat ég laumað ýmsu að honum. Hann bjó einn og svo varð það að venju að hann borðaði hjá okkur á aðfangadag. Við borðuðum hangikjöt þegar ég eldaði, því að það er svo auðvelt á annasömum degi að elda það, sýður sig sjálft, og ég er reyndar góð í að búa til jafninginn, hvítu sósuna, sem er ómissandi með. En þáverandi sambýliskona mín, hún Lára, eldaði fínustu steikur. Og allir fengu möndlu í sinni jólagrautarskál, sem stundum var ís.

Það ríkti mjög mikið frelsi á Þjóð-

**ÞÁTTURINN VAR TEKINN UPP FYRIR FRAM, EN ÞEGAR UPPTÖKUNNI VAR LOKIÐ SAGÐI ÉG ÁRNA AÐ ÉG HEFÐI ALDREI SAGT FORELDRUM MÍNUM AÐ ÉG VÆRI SAMKYNHNEIGÐ, EN ÉG HÉLDI AÐ ÞEIR VISSU ÞAÐ.**



**„Sjálf hef ég aldrei ætlað að verða neitt sérstakt og held því bara áfram," segir Andrea.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

viljanum og fólk kom með börn sín í vinnuna ef það fékk ekki pössun, en slíkt tíðkaðist ekki á mörgum öðrum vinnustöðum í þá daga. Þetta var sérstakt samfélag og þarna var mjög samheldinn hópur sem skemmti sér oft saman utan vinnu. Þarna voru ýmsir ritstjórar og fréttastjórar, allt frábært fólk, til dæmis Kjartan Ólafsson, Árni Bergmann, Einar Karl Haraldsson, Össur Skarphéðinsson, Vilborg heitin Harðardóttir, mamma hans Marðar Árnasonar sem líka var blaðamaður á Þjóðviljanum, Svavar Gestsson, og svo hinn umdeildi maður Ólafur Ragnar Grímsson. Það kemur sumum kannski á óvart, en það var mjög gott að vinna með honum. Þá voru reglulegir fundir í mötuneytinu með öllu starfsfólki blaðsins og Ólafur Ragnar var mjög góður fundarstjóri sem sá um að allir fengju að tala, ekki bara sjálfumglaðir blaðamenn. Ég man að Einar Olgeirsson kom stundum í heimsókn. Það var eins og hann væri með geislabaug, það var svo bjart yfir honum. Hann var ákaflega ljúfur maður.

Það má líka segja að þetta hafi verið mitt umhverfi því pabbi var á tímabili umboðsmaður Þjóðviljans á Selfossi. Hann vildi samt aldrei láta okkur systurnar bera blaðið út. Ég hefði alveg verið til í það, því að Þjóðviljinn borgaði best allra blaða fyrir útburð og rukkun. En pabbi vildi fá aðra í það. Hann hefur ekki viljað láta það sjást eða berast út að dætur hans væru að græða á því að hann væri umboðsmaður blaðsins."

Spurð um pólitískar skoðanir sínar segir Andrea: „Á Selfossi var talað um pabba minn, sem fæddist árið 1919, sem kommúnista, eins og það hét þá. Hann var vinstrisinnaður félagshyggjumaður, eins og ég. Ég er vinstri sinnuð jafnaðarkona. Misskipting auðs er glæpur og ekkert annað. Baráttan snýst um réttláta skiptingu þessa auðs."

### Erfitt að vera ungur

Andrea, sem verður sjötug á næsta ári, hefur engar áhyggjur af að eldast. „Þegar ég var krakki fengum við systurnar oft sameiginlegar jólagjafir. Einu sinni fengum við spurningaspil og ein spurning þar hefur mér alltaf þótt svo frábær: Hvað er það sem allir vilja verða en enginn vera? Svarið er: Gamall.

Mér finnst mjög eðlilegt að eldast. Mér finnst líka gaman að vera til. Ég hef engan áhuga á því að verða aftur tvítug eða þrítug eða fertug, ég myndi ekki nenna því. Það getur verið mjög erfitt að vera ungur en maður áttar sig kannski ekki á því meðan maður er það.

Líkaminn er bara hjúpur og þótt hjúpurinn eldist þá er maðurinn sama manneskjan í huganum. Ég er ekkert að hanga fyrir fram spegil, ég sé hvernig ég er inni í mér. Maður þroskast og breytist með árunum, en er samt alltaf sama manneskjan. Sjálf hef ég aldrei ætlað að verða neitt sérstakt og held því bara áfram."

*Hefurðu átt slæm tímabil í lífinu?*

„Margir eiga líklega slæm tímabil í lífi sínu en ég er svo heppin að hafa ekki lent alvarlega í því. Ég átti baslár í sambandi við að borga af íbúðinni minni og hef oft verið á brúninni fjárhagslega en hef reynt að passa mig á því að fara ekki fram af henni. Ég held reyndar að það hafi verið auðveldara að semja um skuldir áður en þessi ósiðlegu innheimtufyrirtæki komu til sögunnar. Ég hef aldrei tekið saman hvað ég skulda mikið, svona til að halda sönsum, en ég veit að það minnkar alltaf.

Fyrir þremur árum byrjaði ég að taka úr lífeyrissjóði og þá loksins skapaðist frelsi til að þurfa ekki að velta fyrir sér hverri krónu. Ég tala ekki illa um lífeyrissjóðina, þeir eru frábær hugmynd. Ég get hins vegar talað illa um yfirbygginguna og ofurlaun þeirra sem eru yfir þeim."

### Lifir í núinu

*Þú virkar sem mjög róleg manneskja, hefurðu mikið jafnaðargeð?*

„Já, en ég get orðið snöggreið og ég er langrækin, samt ekki yfir hverju sem er. Ef mér finnst ég ekki geta treyst fólki lengur þá er það bara þannig. Ég reyni samt að láta það ekki bitna á viðkomandi og tala við hann þótt ég treysti honum ekki eins og áður."

Spurð hvort hún hafi einhvern tímann glímt við þunglyndi eða depurð segir hún: „Þunglyndi er í föðurættinni og ég á það til en ekki hræðilega. Það brýst fram í framkvæmdaleysi og því að nenna ekki að svara í símann eða fara til dyra. Um leið veit ég að lífið heldur áfram og að þessi þungi er bara inni í mér. Stundum er þetta bara andleg þreyta. Ég hef alltaf unnið á fjölmennum stöðum og stundum þegar ég kem heim vil ég vera ein. Ég held að það sé mjög eðlilegt.

Við förum öll upp og niður í andlegri líðan. Öll með geðhvarfasýki í misjöfnum skömmtum. Það er ekkert óeðlilegt við það. En sum okkar þurfa hjálp ef sveiflurnar verða of miklar."

*Nú þegar þú ert að eldast, horfirðu þá stundum til baka og gerir upp hluti úr fortíðinni?*

„Ég lifi í núinu. Mér finnst fyndið allt þetta núvitundartal upp á síðkastið, eins og núvitund sé eitthvað nýtt. Mér finnst hún alltaf hafa verið til. Ég held einmitt að fólk hafi lifað af vegna þess að það var með núvitund. Það er ekki hollt fyrir sálina að hafa áhyggjur af framtíðinni. Ég er ekki forlagatrúar, en mér finnst að eitt taki við af öðru í lífinu án þess að maður þurfi mikið að vera að skipuleggja það.

Ég held að maður byrji að líta til baka þegar foreldrar manns deyja. Ég var reyndar orðin fimmtug þegar pabbi dó og það var nokkur aðdragandi að því, og svo þegar mamma dó fimm árum seinna þá var eins og það kæmi gat í mig. Nú er ég orðin fullorðna manneskjan og ber ábyrgð á öllu, börnum og barnabörnunum. Ekki hægt lengur að hringja í þau spyrja um álit á hinu og þessu. Þau voru að vísu mjög afskiptalaus. Algjört sómafólk."

### Ekki blaðskellandi í einkalífinu

Andrea á eina dóttur, Laufeyju. „Hún fæddist árið 1974, þá var ég 25 ára. Ég á hana með vini mínum frá Selfossi, Labba í Mánum. Við vorum svo sem ekkert saman en okkur hefur alltaf samið vel og hann er hinn fínasti afi. Mér finnst að enginn eigi að eiga barn fyrr en að minnsta kosti þrítugur, maður hefur varla vit til þess fyrr. Það sem hjálpaði mér var að Laufey var afskaplega þæg, ég hef aldrei hitt þægara barn. Það er merkilegt að fylgjast með ungbarni, manni finnst eins og það sé óskrifað blað, en svo kemur karakterinn smám saman í ljós. Það er mjög spennandi að fylgjast með því. Ég eignaðist líka uppeldisson árið 1985, hann Áka, sem var eins fjörugur og Laufey var róleg. Áki er doktor í sjávarlíffræði og Laufey stjórnmálafræðingur. Laufey á þrjú börn, Mayu Andreu, Töru og Aran. Ég er forrík.

Ef fólk getur ekki eignast börn af einhverjum ástæðum þá á það ekki að hika við að ættleiða þau. Maður elskar börnin alveg jafn mikið þótt maður hafi ekki fætt þau sjálfur."

Andrea, sem er samkynhneigð er spurð hvenær hún hafi gert sér grein fyrir því.

**ÞUNGLYNDI ER Í FÖÐURÆTTINNI OG ÉG Á ÞAÐ TIL EN EKKI HRÆÐILEGA. ÞAÐ BRÝST FRAM Í FRAMKVÆMDALEYSI OG ÞVÍ AÐ NENNA EKKI AÐ SVARA Í SÍMANN EÐA FARA TIL DYRA.**

„Ég vissi það eiginlega alla tíð en var ekkert að tala um það. Þetta er svo langt síðan og þá var ekkert talað um kynlíf yfirhöfuð, hvers kyns sem það var. Ég hef til dæmis aldrei komið út úr skápnum. Ég sagði vinum mínum frá því og var bara ég sjálf. Ég er líka róleg týpa þannig að ég er ekki blaðskellandi í einkalífinu frekar en öðru."

*Hvernig tóku foreldrar þínir því að þú værir samkynhneigð?*

„Ég var einhvern tíma í viðtalsþætti hjá Árna Þórarinssyni á Rás 2. Ég man ekki hvenær það var, kannski fyrir 30 árum. Í huga mínum rennur tíminn alltaf saman og lífið er eins og fljót sem rennur áfram. Í þættinum spurði Árni út í kynhneigð mína og ég svaraði honum í rólegheitum. Þátturinn var tekinn upp fyrir fram, en þegar upptökunni var lokið sagði ég Árna að ég hefði aldrei sagt foreldrum mínum að ég væri samkynhneigð, en ég héldi að þeir vissu það. Ég sagðist verða að hringja í þau og bað hann að senda þáttinn ekki út fyrr en ég væri búin að því. Ég hringdi í þau en þau svöruðu ekki og þá hringdi ég í systur mína á Selfossi og sagði: Heldurðu að þau viti ekki örugglega að ég er samkynhneigð? Hún sagði: Æ, ég skal bara fara og tala við þau. Hún fór og sagði þeim þetta og þá sagði pabbi: Hún má vera það sem hún vill, þetta er hennar líf. Auðvitað vissu þau þetta. Þeim fannst ekkert athugavert við samkynhneigt fólk en voru af þeirri kynslóð sem vildi ekki endilega vera mikið að tala um kynhneigð fólks."

*Núna býrð þú ein, hefurðu átt stóra ást í lífinu?*

„Já, já."

*Eina stóra?*

„Ég veit ekki hvort ég ætti að vera að telja þær. Mér finnst það svo dónalegt!"

*Af hverju entust sambönd þín ekki?*

„Hlutir entust í einhvern tíma. Þótt ég sé geðgóð þá er ég einfari í mér og það er erfitt fyrir viðkomandi. Mér finnst best að búa ein. Ég er samt alls ekki ein því barnabörnin eru mikið hjá mér. Miðbarnabarnið vill endilega að ég fái mér kött af því ég sé alltaf ein. Ég hef verið með ketti sem voru skildir eftir hjá mér en eftir að sá síðasti dó hef ég ákveðið að þeir verða ekki fleiri."

### Fordómaleysi þjóðarinnar

Gleðigangan er í dag, laugardag, og Andrea hefur fyrir venju að fara þangað. „Ég var þar til dæmis einu sinni í flottri, pólitískri göngu með Páli Óskari okkar. Kannski er ég bara sveitaleg, en mér fannst langskemmtilegast þegar gangan fór niður Laugaveginn. Gangan er samt alltaf glæsileg. Það er frábært hvað Íslendingar hafa tekið þessu vel. Viðtökurnar endurspegla fordómaleysi þjóðarinnar.

Sumum finnst erfitt þegar einhver þeim nákominn kemur út úr skápnum og þá þarf að gefa þeim smátíma til að ná áttum. Sumir eru reyndar algjörir þverhausar og skammast sín fyrir það að barnið þeirra sé samkynhneigt. Það er akkúrat ekkert til að skammast sín fyrir. Maður á að vera glaður ef barnið manns er ánægt."








María Lovísa á vinnustofu sinni. Hún er byrjuð að leggja drög að haustlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Dálítið leikhús

**María Lovísa Ragnarsdóttir** fatahönnuður söðlaði um og lokaði verslun sinni í Reykjavík og flutti í úthverfi Selfoss. Þar unir hún vel við sitt í sveitasælu og tekur á móti viðskiptavinum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Fyrir einu og hálfu ári lokaði María Lovísa Ragnarsdóttir fataverslun sinni neðarlega á Skólavörðustíg og flutti í Tjarnarbyggð í úthverfi Selfoss. Þar hannar hún nú föt sín á vinnustofu sinni, auk þess sem hún rekur gistiheimili á sama stað.

María Lovísa hefur lengi átt dyggan hóp viðskiptavina og verslunin á Skólavörðustíg virtist ganga vel, en skyndilega varð breyting á. „Lokun gatna í miðbænum varð til þess að íslensku konurnar hættu að koma þangað. Mínir viðskiptavinir eru frá fertugu og upp úr. Eldri dömurnar eru vanar að geta keyrt í bæinn og lagt bíl nálægt þeim verslunum sem þær ætla að sækja. Á sumrin var Skólavörðustígnum lokað og sett stærðar skilti upp eftir allri götu þannig að ekki sást í búðina. Það var eins og tívolí væri í miðjum bæ,“ segir María Lovísa. Hún segir að erlendum viðskiptavinum hafi einnig fækkað vegna styrkingar krónunnar. Við þetta bættist að hún bjó á Selfossi og keyrði nær daglega til vinnu í Reykjavík. „Ég var orðin þreytt á þessum keyrslum, sérstaklega á veturna, og þegar kúnnarnir hættu að koma í jafn miklum mæli og áður ákvað ég að loka búðinni. Það eru mjög margir eigendur hönnunarverslana flúnir úr miðbænum og hafa komið sér fyrir í Síðumúla og Ármúla. Miðbærinn er farinn að samanstanda aðallega af túristabúðum, hótelum og veitingastöðum.“

## Líður vel í sveitasælu

María Lovísa segist hafa nóg að gera á Selfossi, sérstaklega eftir að rekstur gistiheimilisins fór í gang. „Ég hóf reksturinn fyrir einum og hálfum mánuði og pantanir eru ágætar en ég vil hafa þær fleiri. Þetta kemur allt saman, fyrsta árið fer í að koma sér í gang.“ Hún segir dásamlegt að búa og starfa í sveitasælu. Þar heldur hún hesta, en reiðvegir eru í hverfinu. „Undanfarið hef ég ekki getað sinnt hestamennskunni eins og ég vildi vegna anna. Það er óskaplega gaman að vera í hestamennsku og hestarnir hafa allir sinn karakter. Sá elsti er mikill herra og velur sér stundir til að koma til mín, en svo er hryssa, nafna mín María, og hún er alltaf að dilla sér utan í mann.“



## Viljugir viðskiptavinir

Á vinnustofu sinni hannar María Lovísa föt á sína föstu viðskiptavini. Tveir þeirra komu frá Reykjavík meðan blaðamaður var á staðnum og fleiri voru á leiðinni. „Ég er mjög ánægð með hvað viðskiptavinir mínir eru viljugir að koma við hjá mér,“ segir hún. Sérhannaðar peysur hennar eru síðan til sölu í nokkrum verslunum í Reykjavík og njóta sérstakra vinsælda meðal útlendinga.

María Lovísa hefur starfað við hönnun í áratugi. „Ég útskrifaðist úr hönnunarskóla í Danmörku árið 1980 og byrjaði að vinna við hönnun hér heima hjá fyrirtæki árið 1981 og vann mikið með ull. Draumurinn var að stofna mína eigin búð og það gerði ég árið 1982. Þessi bransi er erfiður og ég sé hönnuði byrja og hætta. Það er ekki hlaupið að því að vera í þessum bransa. Ég er alveg hissa hvað ég hef enst,“ segir hún. Nú er hún að huga að haustlínunni og þar verða glæsilegar svartar kápur áberandi.

## Alltaf klassísk efni

Fötin sem María Lovísa hannar eru klassísk og það er erfitt að sjá þau fara úr tísku. „Svart og hvítt eru eiginlega mínir litir. Svo kaupi ég alltaf klassísk efni. Ég fer svolítið eftir tískustraumum og svo hef ég minn smekk sem kúnnarnir eru hrifnir af og þeir eru búnir að vera tryggir í gegnum árin,“ segir hún. „Ég var einu sinni beðin um að lýsa minni eigin hönnun en ég gat það ekki. Þá sagði viðkomandi kona: „Það er dálítið leikhús í þinni hönnun.“ Það er alveg rétt, hönnun mín er einmitt dálítið leikhús.“

# ego dekor

# ÚTSALAN ER HAFIN

## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm
~~Verð: 169.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 127.425,-



CANNON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 284X190/165cm
~~Verð: 279.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 223.200,-



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-



CLEO TUNGUSÓFI
Stærð: 278X172cm
~~Verð: 229.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 183.200,-



HRINGBORÐ – Hvítt háglans
Stærð: 120X120cm
~~Verð: 59.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 47.920,-



NOTTINGHAM BORÐ
Gegnheill Acacia viður
Stærð: 200X100cm
~~Verð: 158.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 94.800,-



LOGAN STÓLL
~~Verð: 19.500,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 15.600,-



HUGO STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.320,-



MORRIS STÓLL
~~Verð: 19.700,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 16.745,-



METAL BAKKABORÐ - 2 stk í setti
~~Verð: 27.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.500,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is





Philip Reeve og eiginkonu hans hafði lengi langað að koma til Íslands. Þau létu verða af því í sumar og voru ekki svikin enda upplifði rithöfundurinn æskudraumaland sitt

# Hugurinn fór á flug í íslensku landslagi

Enski rithöfundurinn Philip Reeve stendur á barmi heimsfrægðar þar sem stórmynd byggð á Mortal Engines er væntanleg. Hera Hilmarsdóttir fer með eitt aðalhlutverkanna og Reeve lýsir henni sem „frábærri“ og „mjög einbeittri“ leikkonu í einkaviðtali við Fréttablaðið.

Rithöfundurinn Philip Reeve er fæddur í Brighton á Englandi 1966. Hann er eins enskur og hugsast getur, hæglátur og hógvær en léttur og afslappaður eins og rauðu Converse-strigaskórnir sem hann skartar þegar hann tekur á móti blaðamanni.

Hann er á heimleið, ásamt eiginkonu og syni, eftir vikudvöl á Íslandi og óhætt er að segja að hann hafi hrifist af landinu sem reyndist þegar á hólminn var komið vera hans æskudraumaland.

„Konan mín er ljósmyndari og hana hefur mjög lengi langað að koma til Íslands. Hún hefur mjög gaman af því að taka landslagsmyndir og núna höfðum við loksins tíma og peninga til þess að láta verða af þessu,“ segir Reeve og hlær.

„Við erum búin að keyra um landið og ég held að hún hafi náð ansi góðum myndum. Við komum við á öllum helstu stöðunum og vorum alltaf að stoppa við staði sem vöktu athygli okkar.“

Reeve segist sem barn hafa teiknað og skrifað mikið þannig að krókurinn beygðist snemma. „Þetta var það sem mér fannst skemmtilegast að gera.“ Hann hóf feril sinn sem myndskreytir en endaði með að setja alla sína orku í leik að orðum og hugmyndum.

„Það er svo í gegnum myndskreytingarnar sem ég lærði inn á bókaútgáfubransann og freistaði þess að hasla mér völl þar.“ Reeve fékkst einnig við kvikmyndagerð þegar hann var yngri og segir skrif sín þannig óhjákvæmilega vera mjög myndræn.

Textinn sprettur oftar en ekki upp úr myndum í höfði hans og „svo er ég alltaf að klippa og endurklippa í huganum þegar ég skrifa bækur“.

**Ekkert Harry Potter-ævintýri**

Mortal Engines-bókaflokkurinn telur fjórar bækur. Sú fyrsta kom út 2001 og núna, sautján árum síðar, er hún að verða að kvikmynd sem allt bendir til að muni verða einn helsti smellur þessa árs.

Leikstjórinn Peter Jackson, sem gerði garðinn frægan með myndabálkunum um Hringadróttins sögu og Hobbitann framleiðir myndina og gangi allt eftir mun hann án efa kvikmynda hinar bækurnar þrjár, enda nánast búinn að sérhæfa sig í að koma löngum fantasíubókmenntum á filmu.

„Ég var lengi að skrifa Mortal Engines og það tók langan tíma að fá hana útgefna. Í raun eru 25 ár síðan ég byrjaði að vinna með þessa hugmynd.“

*Og gekk sem sagt frekar illa að fá útgefendur til þess að veðja á hana?*

„Já og nei. Ég skrifaði hana fyrst sem vísindaskáldskap fyrir fullorðna og sendi handritið á nokkra útgefendur en enginn þeirra sýndi nokkurn áhuga. Þá stytti ég hana, endurskrifaði og sendi á barnabókaútgefanda sem samþykkti hana eiginlega um leið. Þannig að þannig lagað var mjög auðvelt að fá hana útgefna en ég eyddi miklum tíma í að finna henni réttan farveg.“

Bókin náði nægum vinsældum til þess að Reeve gat alfarið helgað sig ritstörfum og skrifað framhaldsbækurnar þrjár. „Þetta var enginn smellur á borð við Harry Potter en gerði mér kleift að gerast rithöfundur í fullu starfi og ég hef verið það allar götur síðan.“

**Hollywood tekur við sér**

*Og síðan bankar bara Hollywood upp á?*

„Já, og það gerðist hægt. Þetta er svo flókið ferli. Peter Jackson tryggði sér kvikmyndaréttinn fyrir eitthvað um tíu árum síðan og síðan gerðist ekki neitt. Ég heyrði ekkert í tíu ár og hélt að þetta hefði bara gleymst. Eins og gerist með margar bækur sem aldrei verða að kvikmynd.

Ég hef selt kvikmyndaréttinn á fleiri bókum og venjulega gerist ekkert meira eftir það. Ég taldi að þessu væri eins farið með Mortal Engines en síðan hafði Jackson samband fyrir nokkrum árum og sagðist vera að fara með þetta í framleiðslu.“

Ekkert bendir til annars en að Jackson og leikstjórinn hans, Christian Rivers, séu við það að töfra fram stórbrotna ævintýramynd sem mun nánast örugglega slá í gegn á heimsvísu. *Hefur þetta breytt einhverju fyrir þig hingað til?*

„Í rauninni ekki. Ég hef bara haldið áfram eins og venjulega. Ég hef enga beina aðkomu að þessu verkefni og þeir gera þetta bara á sinn hátt. Þannig lagað hefur þetta ekki haft nokkur einustu áhrif á líf mitt. En ég geri ráð fyrir að það komi að því eftir að myndin kemur út,“ segir Reeve kíminn.

*Spennan í kringum myndina er orðin töluverð og stigmagnast eftir því sem frumsýningin færist nær og fleiri sýnishorn úr henni birtast.*

„Ó, það er gott.“

*Verðurðu ekkert var við þetta?*

„Kannski upp að vissu marki en ég hef dálítið dregið mig út úr þessum samfélagsmiðlaheimi vegna þess að þetta er að verða frekar mikið og margt sem fólk vill fá að vita. Sem er í grunninn ósköp ánægjulegt en þetta getur orðið svolítið yfirþyrmandi og truflandi.“

**Betra en hann þorði að vona**

Reeve fylgdist með tökum á myndinni á Nýja-Sjálandi síðasta sumar og lét í kjölfarið hafa eftir sér að honum hefði þótt mikið til leikaranna koma og að „flest leit meira eða minna út eins og ég hafði séð það fyrir mér, fyrir utan þá hluta sem litu jafnvel betur út“.

*Er samt ekki undarlegt að sjá hugmyndir þínar raungerast svona?*

„Jú, það er undarleg lífsreynsla en þetta var frábært og heillandi hvernig hugað er að hverju einasta smáatriði. Maður kemst upp með að vera miklu óljósari í skáldskapnum. Eða maður neyðist eiginlega til þess, annars yrðu bækurnar alveg skelfilega langar.“

*Veistu hvað vakti áhuga Jacksons á því að kvikmynda Mortal Engines?*

„Ég hef hitt hann nokkrum sinnum og við höfum rætt þetta aðeins og ég held að það sem hafi helst heillað hann sé þessi möguleiki á því að skapa nýjan heim. Eins og hann gerði auðvitað með The Lord of the Rings-myndunum.

Ég held að hjá honum liggi aðdráttaraflið í því að byggja upp frá grunni heim sem er frábrugðinn okkar eigin en samt svipaður að ein-

**Í fjarlægri framtíð eru borgir orðnar hreyfanlegar og berjast um lífsafkomu í hröðum heimi á hjólum. Þegar London eltir uppi lítinn smábæ er ungum sagnfræðinema, Tom, fleygt út í auðnina. Þar kynnist hann hættulegri flóttakonu, Hester Shaw, en óvænt og nánast þvingað bandalag þeirra gæti breytt framtíðinni. Mortal Engines kemur út í íslenskri þýðingu um mánaðamótin.**





í íslenskri náttúru. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**ÉG HELD AÐ HERA VERÐI FRÁBÆR. HÚN ER MJÖG ÖFLUG LEIKKONA OG VAR OFBOÐSLEGA EINBEITT VIÐ TÖKURNAR SEM VORU MARGAR HVERJAR ERFIÐAR OG TÓKU Á.**

hverju leyti. Ég held að það sé málið en get auðvitað ekki talað fyrir Peter Jackson.“

**Hera er frábær**

Hera Hilmarsdóttir leikur eitt aðalhlutverkanna, uppreisnarsegginn og flóttakonuna Hester Shaw. Reeve hreifst mjög af því sem hann sá til Heru við tökur á myndinni.

„Hún er frábær,“ segir Reeve og telur fullkomlega eðlilegt að Íslendingar fylgist spenntir með hvernig henni og myndinni reiðir af. „Hún er náttúrlega ekki mín Hester, heldur Hester Peters Jackson og Christians Rivers. En það sem ég sá til hennar að störfum var frábært. Hún er mjög öflug leikkona og var ofboðslega einbeitt við tökurnar sem voru margar hverjar erfiðar og tóku á.“

**Ísland virkjaði ímyndunaraflið**

Fjórða og síðasta Mortal Engines-bókin, A Darkling Plain, kom út 2006 og Reeve segir að fyrir honum sé sögunni lokið þegar hann er spurður hvort hann muni jafnvel taka upp þráðinn og spinna söguna áfram ef vinsældir Mortal Engines verða jafn miklar og útlit er fyrir.

„Ég er nú ekki mikið fyrir að fara til baka en ferðalagið um Ísland og þetta stóra og mikilfenglega landslag fékk mig til þess að leiða hugann að þessu. Fyrir mér hverfist sagan ekki síst um stórbrotið landslag.

Ég held að í grunninn sé ég gramur landslagsmálari og ef ég væri nógu góður þá væri ég að mála fjöll og firnindi. En í staðinn skrifa ég bara um þetta og neyðist til að spinna sögur í þessu landslagi svo fólk vilji lesa bækurnar.

Kannski verður eitthvað meira úr þessu en í augnablikinu á ég síður von á því.“

*En Ísland hefur sem sagt örvað ímyndunaraflið?*

„Já, algjörlega. The Lord of the Rings-bækurnar eru það fyrsta sem heillaði mig gersamlega í æsku og nú geri ég mér grein fyrir því að þær bækur Tolkiens eru á vissan hátt um Ísland,“ segir Reeve og veðrast nokkuð upp. Á sinn yfirvegaða hátt. „Ég held að skálduð sýn hans á Ísland birtist í þessum bókum. Landslagið hérna er einfaldlega hinn fullkomni Miðgarður. Þetta er ótrúlegt! Um daginn ókum við frá austurströndinni í norður og þegar við komum yfir eina hæðina blasti Mordor bókstaflega við okkur.

Þetta var stórkostlegt og ég hugsaði bara með mér „ég þekki þetta landslag“, þessa dökku, drungalegu eyðimörk þar sem eldfjall gnæfir yfir í fjarska.

Nokkrum dögum seinna komum við í Skagafjörð og á sléttur Róhans. Þetta er búið að vera stórkostlegt. Að ganga stöðugt inn í landslag sem ég þekki úr bóklestri æsku minnar. Ég held að þetta hafi ekki getað annað en kveikt hjá mér hugmyndir að sögum.“



**Hera Hilmarsdóttir leikur Hester Shaw í Mortal Engines. Reeve hreifst mjög af einbeitingu hennar og efast ekki um að hún verði frábær í myndinni.**






Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Einarsson**
flugumferðarstjóri
Espigerði 4, Reykjavík,

lést laugardaginn 4. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 15. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess.

**Una Ásgeirsdóttir**
**María Marta Einarsdóttir**
**Kristín Einarsdóttir**
**Jón Ásgeir Einarsson** **Sólveig Gyða Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

**Stefanía Guðmundsdóttir**
Fífuhvammi 35,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ miðvikudaginn 1. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ eru færðar þakkir fyrir góða umönnun.

**Guðbjörg Edda Guðmundsdóttir**
**Finnbogi Geir Guðmundsson**
**Laufey Ósk Guðmundsdóttir** **Jóhann Davíðsson**
**Jón Már Guðmundsson** **Julieta Arante**
**og systkinabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**Þorbjörg Laxdal Marinósdóttir**
Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 3. ágúst sl. Útför fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

**Halldór Hreinsson** **Arndís Frederiksen**
**Guðbjörg Hreinsdóttir** **Juan Guerrero**
**Hildur Sif Hreinsdóttir** **Svavar Björgvinsson**
**Sigfríður L. Marinósdóttir**
**Grétar L. Marinósson**
**Karl L. Marinósson**
**og barnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA









Sverrir Einarsson | Margrét Á. Guðjónsd. | Kristín Ingólfsdóttir | Hannes Ó. Sampsted

**Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is**
**Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.**

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Halldóra Geirharðsdóttir kveðst margt hafa lært á fyrri hluta vegferðarinnar sem geri dagana léttari.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Stefni að því að verða 98

## Halldóra Geirharðsdóttir leikkona, leikstjóri og brátt prófessor verður fimmtug á morgun og seinni hálfleikurinn hefst þá formlega. Hún er þegar búin að fagna tímamótunum.

Það er geggjað að verða fimmtug. Ég stefni að því að verða 98 ára og fer því bara að byrja seinni helminginn," segir Halldóra Geirharðsdóttir leikkona, sem á hálfrar aldar afmæli á morgun. Hún telur að það sé hvort tveggja í senn þyngra og léttara að vera manneskja í seinni hálfleik. Þyngra af því að þá sé fólk áhyggjufyllra en á ungdómsárum. „Ég dvaldi einu sinni í þrjá og hálfan mánuð í Frönsku Pólýnesíu og var mikið að snorkla. Þegar vika var eftir komst ég að því að múrenur eru rosalega hættulegar. Múrenur líkjast álum en líka steinbítum og ef þær bíta mann geta þær dregið mann inn í holu. Ég var svo glöð yfir að ég vissi þetta ekki fyrr en undir lokin."

*En að hvaða leyti er léttara að vera roskin manneskja en ung?*

„Þá áttar maður sig á að maður má ekki stela ferðalaginu af öðru fólki og skipta sér of mikið af, heldur sleppa tökunum."

Halldóra kveðst margt hafa lært á fyrri hluta vegferðarinnar sem geri dagana léttari. „Ég er búin að fara í gegnum fern tólf spora samtök, leika í Jesú litla, ganga í gegnum allar dauðasyndirnar hans Dantes, Guð blessi Ísland og Kona fer í stríð. – Já, Kona fer í stríð er tímamótamynd í mínu lífi. Hún er á fjórðu sýningarviku í Frakklandi og er enn í Háskólabíói, ég mæli með henni fyrir alla, upp úr og niður úr og þverpólitískt." Bætir svo við: „Þess vegna er ég auðvitað í þessu viðtali til að auglýsa myndina, allir í bíó, áfram íslensk kvikmyndagerð!"

Tímamótin eru fleiri hjá Halldóru um þessar mundir því hún er að hefja kennslu við Listaháskólann og setjast á skrifstofu í fyrsta skipti á ævinni. „Ég hlakka rosalega til að breyta um starfsvettvang," segir hún spennt. „Sjá hvort ég geti miðlað einhverju og hjálpað ungu fólki að finna sinn farveg og breyta heiminum."

Hún kveðst búin að halda upp á afmælið. „Ég er rosalegt afmælisbarn og gæti ekki farið fram hjá þessum tímamótum án þess að gera eitthvað úr þeim. Veit samt ekkert hvað ég geri á morgun, afmælisdaginn sjálfan – en það verður eitthvað." **gun@frettabladid.is**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Magnea Ólöf Finnbogadóttir**
Droplaugarstöðum,
áður Langagerði 50, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 9. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 14. ágúst kl. 15.00.

**Runólfur Þorláksson** **Anna Grímsdóttir**
**Sigríður Þorláksdóttir** **Guðjón M. Jónsson**
**Finnbogi Þorláksson** **Katrín Eiðsdóttir**
**Agnar Þorláksson** **Kristín Rut Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hallgrímur Guðjónsson**
fyrrv. bóndi, Hvammi, Vatnsdal,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 14. ágúst kl. 13.00.

**Ingibjörg Rósa Hallgrímsdóttir** **Gísli Ragnar Gíslason**
**Þuríður Kr. Hallgrímsdóttir** **Finnbogi Kjartansson**
**Margrét Hallgrímsdóttir** **Gunnar Jónsson**
**Hafsteinn Gunnarsson** **Ásta Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, fóstri, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Árnason**
rithöfundur og þýðandi,
Grundarstíg 12, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 28. júlí, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 16. ágúst kl. 13.

**Árni Kristjánsson**
**Þórarinn Kristjánsson**
**Alda Arnardóttir**
**Eyjólfur Kjalar Emilsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ingólfur G. Sigurðsson**

varð bráðkvaddur að heimili sínu þann 6. ágúst sl. eftir langa og farsæla ævi. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 17. ágúst kl. 15.00.

**Theodóra Thorlacius**
**Jórunn Thorlacius Sigurðardóttir**
**Sigurður Ingólfsson**
**Þórarinn Ingólfsson**
**Oddur Ingólfsson**
**Hildur Ingólfsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg mamma okkar,
tengdamamma, amma,
systir og mágkona,

**Kristín Guðmundsdóttir**
Laut 16, Grindavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 2. ágúst. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, fimmtudaginn 16. ágúst kl. 14. Opnaður hefur verið styrktarreikningur til stuðnings sonum Kristínar. Kt. 260291-2119, rnr. 0143-05-10051.

**Heiðar Már Hilmarsson**
**Heimir Daði Hilmarsson** **Sara Stefánsdóttir,**
**Aron Daði Heimisson** **Emilía Diljá Heimisdóttir,**
**Margrét Guðmundsdóttir** **Jón Guðmundsson,**
**Hermann Þ. Guðmundsson** **Kristín Edda Ragnarsdóttir**



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir,
afi, sonur og bróðir,

**Einar Rósinkar Óskarsson**
frá Ísafirði,

sem varð bráðkvaddur á Dynjanda í Leirufirði 5. ágúst, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 18. ágúst kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarfélag Ísafjarðar.

**Hanna Rósa Einarsdóttir**
**Engilráð Ósk Einarsdóttir** **Jónas Þorkelsson**
**Eydís Eva Einarsdóttir**
**Gunnþóra Rós, Óskar Guðmundur og Eva Þórkatla**
**Lydía Rósa Sigurlaugsdóttir, Albert og Lydía Ósk**
**Óskarsbörn**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Þorbjörg Bjarney Ólafsdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, áður að Hólabergi 22, þriðjudaginn 7. ágúst sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 15. ágúst kl. 13.00.

**Bjarni Guðbergur Sigurðsson** **Arna Hulda Jensdóttir**
**Guðrún Ólöf Sigurðardóttir** **Halldór Karl Hermannsson**
**Magnfríður Sigríður Sigurðardóttir** **Ólafur Ólafsson**
**Guðni Birgir Sigurðsson** **Hjördís Bech Ásgeirsdóttir**
**Sigurður Kristinn Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn og besti
vinur, elskulegur faðir, tengdafaðir
og kærleiksríki afi,

**Helgi Frímann Jónsson**
stýrimaður,

lést þann 5. ágúst.
Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju
þann 14. ágúst kl. 13.00.

**Fríða Friðgeirsdóttir**
**Eiríkur Aron Ingólfsson**
**Eyrún Ósp Ingólfsdóttir** **Orri Jóhannsson**
**Kristín Ruth Helgadóttir** **Jóhann Dalberg Sandridge**
**Jón Valur Helgason** **Eimana Farhad**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi Þröstur Valdimarsson**
læknir og prófessor emeritus,

sem lést á heimili sínu aðfaranótt 6. ágúst sl., verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 17. ágúst nk. kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á líknarfélög.

**Guðrún Agnarsdóttir**
**Ásgeir Rúnar Helgason**
**Valdimar Helgason** **Helena Jóhannsdóttir**
**Birna Huld Helgadóttir** **Timothy S.P. Moore**
**Agnar Sturla Helgason** **Anna Rún Atladóttir**
**Kristján Orri Helgason** **Ingibjörg J. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri faðir,
tengdafaðir og tengdasonur,

**Stefán Stefánsson**
rafeindavirki,
Hraunbæ 88,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild LSH í Kópavogi 8. ágúst sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Stefanía Lind Stefánsdóttir Waage** **Bjarki Stefánsson**
**Stefán Valur Stefánsson**
**Ásdís Halldóra Lind Stefánsdóttir**
**Helena Ásdís Brynjólfsdóttir**



Elsku systir mín og frænka okkar,

**Erla Bjarnadóttir**
Borgarholtsbraut 45, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 26. júlí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Auður Bjarnadóttir**
**Anna Gunnarsdóttir** **Jón Þór Hjaltason**
**Bjarni Gunnarsson** **Kristín Björk Hjaltadóttir**
**Gunnar Bergmann Gunnarsson** **Agla Hreiðarsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ágústa Úlfarsdóttir Edwald**

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 6. ágúst. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 13.00.

**Jón Haukur Edwald** **Álfheiður Magnúsdóttir**
**Birgir Edwald** **Ragnheiður Óskarsdóttir**
**Helga Edwald**
**Eggert Edwald** **Jacqueline McGreal**
**Kristín Edwald**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug
við andlát og útför elskulegrar
unnustu minnar, móður minnar,
dóttur og systur,

**Þórönnu Gunnarsdóttur**

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Námssjóð dóttur hennar, Evu Marýjar Rúnarsdóttur, kt. 011296-2389, reikn. 0545-14-409200.

**Jónbjörn Breiðfjörð Edduson**
**Eva Marý Rúnarsdóttir**
**Gunnar Jónsson** **Karólína K. Jósepsdóttir**
**Margrét Kristín Gunnarsdóttir**
**og fjölskylda.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Eiríkur Hilmarsson**
framkvæmdastjóri Vísindagarða
Háskóla Íslands,

lést á heimili sínu 8. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

**Aðalheiður Héðinsdóttir**
**Andrea Eiríksdóttir** **Hafþór Ægir Sigurjónsson**
**Héðinn Eiríksson** **Kristrún Aradóttir**
**Bergþóra Eiríksdóttir**
**og barnabörn.**



Látin er

**Greta Jónasdóttir**
Brúsastöðum,
Þingvallasveit.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
þriðjudaginn 14. ágúst kl. 13.

**Ragnar L. Jónsson**
**Gerður Kristinsdóttir** **Guðmundur Óskar Björgvinsson**
**Hrönn Kristinsdóttir** **Hermann Magnús Sigríðarson**
**Sigfús Kristinsson** **Hildur Friðþjófsdóttir**
**Birgir Ragnarsson**
**Kristrún Ragnarsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn
og faðir okkar,

**Paul Richard Fawcett Sr.**
(Dick)

lést 5. ágúst.

**Birna Óskarsdóttir Fawcett**
**Þórunn Fawcett**
**Ósk Fawcett**
**Paul R. Fawcett Jr.**

PO Box 732, Flowery Branch, Georgia 30542, USA.



Systir mín,

**Áslaug Ásmundsdóttir**
Árskógum 8,

lést á Dvalarheimilinu Grund fimmtudaginn 2. ágúst. Útför hennar verður frá Seljakirkju fimmtudaginn 16. ágúst klukkan 15.

**Tryggvi Ásmundsson**



Við þökkum alla þá hlýju og samúð sem þið sýnduð okkur við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sigmars Jónssonar**
stórkaupmanns.

Sérstakar þakkir færum við líknardeild Landspítalans fyrir einstaka umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldu,**
**Hlíf Jóhannsdóttir**



Hjartans þökk fyrir samúð
og vinarhug við andlát
og útför eiginmanns míns,
föður, tengdaföður og afa,

**Filippusar Björgvinssonar**
Sólheimum 25, Reykjavík.

**Sjöfn Árnadóttir**
**Selma Filippusdóttir**
**Björgvin Filippusson** **Kolbrún J. Gunnarsdóttir**
**og afabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ragnheiðar Jónsdóttur**
sjúkraliða,
f. 10.04. 1928 – d. 29.07. 2018.

**Þuríður Backman** **Björn Kristleifsson**
**Jón Rúnar Backman** **Þóra Elín Guðjónsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og bróðir,

**Guðmundur Ingi Benediktsson**
fyrrv. stýrimaður og bílstjóri,
Sólvangsvegi 1,

er látinn.
Útför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Svala og Linda Guðmundsdætur**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Þórarins Friðjónssonar**
Sólheimum 23.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns fyrir einstaka umönnun.

**Ólöf Jónsdóttir og fjölskylda.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| K | | T | | G | | F | O | R | S | K | R | Á | | B | | Á | | H | |
| L | A | U | N | A | H | Á | | | | Ú | | B | A | R | E | F | L | I | Ð |
| Ó | | N | | L | | F | A | G | U | R | E | Y | | Ú | | E | | T | |
| K | Ú | G | I | L | D | A | | A | | D | | R | Ú | T | U | R | N | A | R |
| I | | U | | R | | R | Æ | N | F | A | N | G | | A | | Ð | | S | |
| N | Á | M | S | Á | R | I | | G | | N | | I | L | L | F | I | S | K | I |
| D | | Á | | S | I | Ð | S | A | M | A | R | | Í | | | N | | Ú | |
| A | L | L | T | A | F | | | N | | | A | | F | Ó | T | A | T | R | É |
| | O | | R | | S | Í | L | A | M | Á | F | A | R | | V | | R | | |
| Í | S | K | A | M | B | | Y | | O | | H | | Æ | Ð | I | B | U | N | A |
| | T | | N | | E | | F | A | R | M | E | N | N | | S | | K | | F |
| H | A | N | S | A | R | Ó | S | | Ð | | I | | A | F | T | E | K | U | R |
| | F | | M | | | | E | I | T | I | L | S | | | A | | U | | É |
| S | U | M | A | R | T | Í | Ð | | Ó | | A | | S | K | R | Á | M | I | Ð |
| | L | | N | | | | L | | L | Á | R | B | E | R | | F | | | |
| P | L | Ö | N | T | U | S | A | L | A | R | | Á | K | A | F | A | S | T | A |
| A | | N | | J | | K | | Ý | | V | É | L | I | N | | L | | A | |
| S | Æ | D | J | Ö | F | U | L | S | | I | | K | | K | A | L | Í | F | I |
| T | | U | | R | | T | | T | Í | S | K | U | N | A | | I | | S | |
| A | F | M | Y | N | D | U | Ð | U | | S | | R | | R | I | Ð | L | I | Ð |

Lausnarorð síðustu viku var

**SÚKKULAÐIKAKA**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| F | Y | R | I | R | S | L | Á | T | T | | S | | R | | O | | M | | A |
| A | | A | | | K | | L | | A | R | M | B | A | N | D | S | I | N | S |
| N | A | F | N | G | J | A | F | A | R | | Á | | G | | D | | S | | A |
| G | | S | | | Á | | S | | F | I | M | L | E | I | K | A | M | Ó | T |
| A | S | P | A | R | L | U | N | D | I | | Æ | | L | | L | | I | | Í |
| V | | E | | | F | | E | | N | Ú | L | L | F | L | O | O | K | K | M |
| I | N | N | L | E | I | Ð | S | L | U | | I | | Í | | F | | I | | A |
| S | | N | | | Ð | | I | | M | E | Ð | A | L | K | A | R | L | A | |
| T | J | A | L | D | I | R | Ð | U | | Y | | L | | I | | Ó | | R | |
| | Á | | Y | | | É | | R | Á | Ð | A | G | Ó | Ð | | T | | Ð | |
| G | R | Æ | N | M | E | T | I | Ð | | I | | E | | A | Ð | G | E | R | Ð |
| | N | | G | | | T | | A | N | D | A | B | Ú | S | | R | | Æ | |
| H | A | F | R | É | T | T | U | R | | A | | R | | K | R | Ó | K | N | AG |
| | M | | Ó | | | R | | M | E | L | T | U | N | A | | I | | Ð | |
| H | A | U | S | T | T | Ú | R | A | | | O | | | R | E | N | G | I | N |
| | N | | A | | | U | | N | J | Ö | R | V | A | Ð | I | | Í | | Æ |
| I | N | N | R | E | I | Ð | I | N | A | | V | | S | | M | U | N | U | M |
| | | Ó | | I | | | K | | K | V | E | I | K | T | I | | N | | A |
| S | Ö | T | T | N | Æ | M | T | | O | | L | | A | | N | Ý | T | I | R |
| | | A | | N | | | A | F | B | Ö | T | U | N | I | N | | I | | A |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist örnefni á Vesturlandi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „04. ágúst“.




## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Samfeðra** eftir **Steinunni Helgadóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Greta Benjamínsdóttir, Akureyri**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**4** Punkta hjá sér aur, fyrirfram (7)
**10** Borga stór fyrir að fá vel borgað? (7)
**11** Takið lurkinn og bætið þessa búllu (8)
**12** Fimm fundu fjársjóð á þessum huggulega hólma (7)
**14** Baulu bústna skal meta til réttra eininga (7)
**15** Sukkspírur varða ákveðnar leiðir (8)
**16** Í gær fann ég ormagras í ruglinu (7)
**17** Tökupúki á busavetri (7)
**19** Ætli reið veiði vondan fisk? (8)
**21** Eins velja þær trú, enda stilltar mjög (8)
**23** Snoða! segi ég í hvert sinn (6)
**26** Leggja eik við fætur ræðara (7)
**29** Sía má fas ef vargar vilja (9)
**32** Læt frosinn hrygg fyrir glerbursta (6)
**33** Frábært ef friðlaus má renna (7)
**35** Enn færa sæfarar byrði mína (7)
**36** Gef ringluðum róna hass og blóm (8)
**37** Fjarlægir það sem þú neitar (7)
**38** Einhvervneginn leiðir leisti til líffæris (6)
**39** Einhverjar segja bliðviðri algeng núna (8)
**40** Færa banka til bókar ef þið meiðið ykkur (7)
**43** Stuttur og klæðlaus á kryddjurt (6)
**46** Verslunarmenn leita blómaskemmu (11)
**51** Tel Áka svelta á við harðasta meinlætamann (8)
**53** Bilgjörn eru hof ef gangvirkið bregst (5)
**54** Um rán andskota á flaki djúpfisks (9)
**55** Afi frá Kíl er léttruglaður fulltrúi almættisins (6)
**56** Stína ku eltast við nýjasta nýtt (7)
**57** Af öllu sem skapað er og skælt (9)
**58** Færið þetta stigagengi úr lagi! (6)

**LÓÐRÉTT**

**1** Að finna þetta sauðfjársalerni krefst kænsku (8)
**2** Lengd og breidd vöðva ræður litlu um táknkerfi manna (8)
**3** Hvein þá í mér: „Hlaupa milli vessa-æða!“
**4** Ekki hafa mörg lagt leið sína á þetta svæði (7)
**5** Danskur kúr leggst vel í asíubúana (7)
**6** Trausti á skýli (6)
**7** Bryggja kallar á ruddalegt orðfæri (6)
**8** Les það í blæinn að reisan er mín (8)
**9** Kyndi kofa eftir dembu (8)
**13** Ráfa um gang og annan (7)
**18** Runni ber ávöxt (7)
**20** Önd mun rýja þá sem lifa (7)
**22** Efni í skart læknar það sem tölvur spilla (9)
**24** Vergjörn fær sjokk af þykku hári (9)
**25** Hitti miðil sem áður var kona (9)
**27** Óliver dansar til að gleyma (7)
**28** Reynum við fraukur á flutningabílum (7)
**30** Dópkemba falsar svona ávísanir (8)
**31** Aflar vopna fyrir dráp drullusokka (8)
**34** Tók þessa ákvörðun er hún sagði upp (5)
**40** Þessi ruglaðist og stal eski (4)
**41** Ranka við mér innan um KR-inga og sjúkar sálir (7)
**42** Hvíla sig við fossinn eftir lostið (7)
**44** Sannfærðist snemma um að þessi kæmi á hverju vori (6)
**45** Þetta kvæði heitir Hrafnshreiður (6)
**46** Krullaðar hveitilengjur fást á Stapa (5)
**47** Með draugum og brengluðum Baunum (5)
**48** Ha, komu landnámshænurnar úr polli á Vatnsnesi? (5)
**49** Fleygðu því sem þau drápu (5)
**50** Segðu mér hvernig þau gerðu þig föla (5)
**52** Held ég stafi orðin svo ég hiksti ekki á þeim (5)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 3 | | | 8 | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 5 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 5 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 4 | 5 | | 1 | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | 8 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | 6 | | 8 |
| 3 | | 9 | 6 | 7 | | 5 | 8 | 1 |
| | | | 3 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 2 | 8 | | | | 7 | | 4 |
| | | | 4 | 5 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 3 | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | | | | | 5 |
| | 5 | | 7 | 8 | | | 2 | |
| 6 | 1 | | | | | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| 2 | | 9 | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 3 | | 9 | 5 | | |
| | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

## Skák Gunnar Björnsson



Áskell Örn Kárason (2.217) átti leik gegn alþjóðlega meistaranum Leon Lederman (2.245) á EM öldunga í Drammen.

**Hvítur á leik**

**22. Re4! Be6** (22.… fxe4 23. Hf7) **23. Bxe6 Rgxe6 24. Rd6 Hed8 25. g4!** og stöðuyfirburðir hvíts dugðu til sigurs. Áskell hefur staðið sig afskaplega vel á mótinu sem lýkur á morgun. Sigurlaug R. Friðþjófsdóttir og Jóhannes Björn Lúðvíksson taka einnig þátt. **www.skak.is:** Íslendingar erlendis.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### SLEMMA ERFIÐ Í SÖGNUM

Í sumar hefur svokallað „sumarbridge“ á vegum Bridgesambands Íslands verið ákaflega vinsælt. Spilað er í húsnæði BSÍ í sumar að Síðumúla 37 öll mánudags- og miðvikudagskvöld. Aðsókn hefur verið mikil, sérstaklega á miðvikudagskvöldum. Miðvikudagskvöldið 8. ágúst mættu 33 pör til leiks og Stefán Stefánsson og Vignir Hauksson urðu hlutskarpastir með 62,6% skor. Í fyrstu umferð kom þetta spil fyrir. AV eiga borðleggjandi spaða- og tígulslemmu í spilinu, án svíningar. Flestir myndu búast við því að mörg pör í AV myndu ná annarri hvorri slemmunni. Reyndin var hins vegar önnur. Þetta var spil númer 1 þetta kvöld, norður var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ 753
♥ K984
♦ 109
♣ 10987

**Vestur**
♠ AK10982
♥ 72
♦ ÁD2
♣ 62

**Austur**
♠ DG4
♥ 10
♦ K86543
♣ ÁK5

**Suður**
♠ 6
♥ ÁDG653
♦ G7
♣ DG43

Nánast öll pör í AV spiluðu 4 eða 5 ♠ og aðeins tvö pör annan samning. Annað paranna spilaði 5 ♦ og fékk hreinan botn fyrir það. Eitt par (Sigurður Steingrímsson og Hjálmar S. Pálsson) náði 6 ♠ og þáði fyrir það hreinan topp. Spilið virðist vera mjög erfitt í sögnum. Í flestum tilfellum opnar austur á 1 ♦ og suður kemur inn á hjarta. Vestur á góð spil en er eðlilega hræddur við hjartað með tvö lítil spil í þeim lit. Lykillinn til að ná slemmu er að austur styðji við spaðann og gefi upp stuttlit í hjartanu. Pörin í AV virðast ekki hafa verið að ná því og því misstu nánast allir af hálfslemmunni (í spaða eða tígli).

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
**65" LG sjónvörp frá 139.995**
**Þvottavélar frá 29.995**
**Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr afslætti**
**Matvinnsluvélar með allt að 50% afslætti**
**55" sjónvörp frá 49.995**
**Whirlpool ofnar með allt að 50% afslætti**
**Sous Vide tæki frá 9.995**
**Spansuðu helluborð frá 26.995**
**LG tvöfalldir stál kæliskápar frá 149.995**
**Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ ALLA HELGINA!**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA
FRÁ 10-18, LAUGARDAGA 11-16
OG SUNNUDAG 13-17.

**Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

LG CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON BEKO scan domestic wilfa
Melissa Ariete elna VESTFROST Robot MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO OBH NORDICA

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 313

Það var fallegur sólskinsdagur og Konráð og félagar ákváðu að fara í fjallgöngu. Þótt það væri gott veður og útsýnið yndislegt, voru þau ósköp glöð að komast ofan af fjallinu enda orðinn ansi þreytt eftir gönguna.

En hvað er nú þetta?

Það eru 6 atriði á efri myndinni sem vantar á þá neðri.

Týndist eitthvað í þessari fjallgöngu?





**Getur þú fundið hvaða 6 atriði það eru?**

## Lestrarhestur vikunnar Snædís Erla 8 ára

**Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar?** Ævintýrabækur

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Hulduheimar 1. Hún er um 3 vinkonur sem fundu kistu á flóamarkaði og þegar þær opnuðu hana birtust litlir álfar. Þær fóru svo með álfunum í Hulduheima til að hjálpa til við að leysa vandamál.

**Hvaða bók ætlarðu að lesa næst?** Hulduheimar 2, er byrjuð á henni.

**Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún?** Hún myndi fjalla um litla apann minn sem heitir Apaskinn. Hann á heima í frumskógi og er einn af því að hann á enga fjölskyldu. Svo finnur hann fjölskyldu (mína fjölskyldu) og fær að búa hjá henni.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Ég held að það hafi verið Bangsímon.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Ég fer stundum á bókasafnið.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Frjálsar íþróttir, fimleikar og fótbolti.

**Í hvaða skóla ertu?** Kelduskóla – Vík.




Snædís Erla í glaðlegu umhverfi bókasafnsins í Spönginni.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.



Rakel Sif langar að verða ljósmóðir eða skólastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Skemmtilegast að leika í Kjarnaskógi

Rakel Sif Grétarsdóttir ætlar að búa til leynistað við bústaðinn hjá ömmu sinni og afa og gróðursetja tré. Þar getur hún haft það kósí.

Rakel Sif er níu ára gömul og á heima í Reykjavík. **Hún er fyrst spurð hvað henni finnist mest gaman að gera dagsdaglega.** Mér finnst gaman að fara út að hjóla, fara í sund og lesa.

**Áttu einhver önnur sérstök áhugamál?** Aðaláhugamálin mín eru að dansa ballett og að spila á píanó. Ég er að æfa hvort tveggja.

**Hvernig fötum finnst þér best að vera í?** Mér finnst best að vera í jogging-buxum og þægilegum bol.

**Hvernig tónlist líkar þér best?** Mér líkar við popptónlist og róleg lög.

**Hefur þú gert eitthvað skemmtilegt í sumarfríinu?** Já, ég fór til Akureyrar í sumar og þar var skemmtilegast að leika í Kjarnaskógi.

**Áttu þér einhvern uppáhaldsstað á landinu?** Mér líður best heima hjá mér en uppáhaldsstaðurinn minn þar fyrir utan er Akureyri.

**Spekúlerar þú eitthvað í gróðri, getur þú til dæmis nefnt einhver blóm sem þú þekkir?** Ekki oft en ég ætla að búa til leynistað við bústaðinn hjá ömmu og afa og gróðursetja tré þar sem ég get farið til að lesa bók og hafa það kósí.

**Áttu þér uppáhaldslag og kannski tónlistarmann eða -konu?** Uppáhaldslagið mitt er Rockabye Baby og uppáhaldstónlistarkonan mín er Anne-Marie.

**Hvað langar þig mest til að verða í framtíðinni?** Mig langar að verða ljósmóðir eða skólastjóri.

THE FINEST QUALITY
THE Herschel SUPPLY CO. BRAND
TRADE MARK

## Herschel  bakpokarnir hafa slegið í gegn

**Herschel Supply Co** er kanadískt vörumerki og framleiðir vandaða bakpoka, töskur, veski og fylgihluti.
Herschel hannar gæðavörur þar sem næmt auga fyrir smáatriðum og fjölbreytt litaval mætast
þannig að hver og einn geti fundið tösku við sitt hæfi.









galleri sautján
Kringlan | Smáralind

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Suðaustanátt í dag, strekkingur syðst og rigning öðru hvoru suðvestan til, en annars bjart með köflum og milt veður.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 20° | Oslo 18° | Stokkhólmur 22° | Gautaborg 19° | Helsinki 22° | Þórshöfn 10° | Nuuk 8° |
| London 21° | Amsterdam 18° | Paris 22° | Berlin 22° | Madrid 31° | Brussel 21° | Róm 35° |
| Boston 21° | New York 23° | Orlando 25° | Moskva 27° | Singapúr 28° | Tókýó 26° | Sydney 14° |



Jafnvægi og vellíðan fyrir konur

Sól, slökun, jóga, heilsurækt og hollur matur?
Of gott til að vera satt?
Viltu komast nær markmiðum þínum um bætta heilsu og betri líðan?

Mundo býður nú upp á alhliða heilsuferð fyrir konur til Spánar í haust, 7. – 11. október.

Námskeiðsstjórar: Ásthildur Huber ljósmóðir og næringarráðgjafi og Sylvía Sigurðardóttir einkaþjálfari og ferðamálafræðingur

Nánari upplýsingar hjá dagrun@mundo.is

MUNDO www.mundo.is

MARKAÐURINN

Vettvangur viðskiptafrétta

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↖6 | 12° ↖7 | 12° ↖5 | 12° ←7 | 11° ↘4 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 14° ↘4 | 13° ←3 | 12° ←3 | 11° ↖2 | 7° ↙8 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 14° ↓3 | 14° ↓2 | 13° ↓2 | 10° ↖6 | 8° ↓4 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↑7 | 14° ↑6 | 12° ↖5 | 9° ↖7 | 8° ↓4 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ←8 | 12° ←7 | 12° ←9 | 10° ←7 | 11° ↓3 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# KRÓNAN

**Svarið við erfiðustu spurningu dagsins?**

**... asískur sinnepslax**



Þú finnur uppskriftina hér:
**kronan.is/korteri4**

KORTER Í 4

Yellow mustard
**199** kr. stk.

Salthnetur
**199** kr. pk.

Ferskt kóríander
**299** kr. pk.

Ferskur grænn aspas
**799** kr. pk.

Laxaflak beinhreinsað
**2499** kr. kg

La Choy sojasósa
**449** kr. stk.

Matur fyrir fjóra = 2.445 kr.
**986** kr. á mann*

*Miðað við 200 g af laxi á mann



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Tilvistarleg spennusaga

**Nýjasta skáldsaga Guðmundar Steingrímssonar heitir Heimsendir og er samtímaævintýri. Er að skrifa bók þar sem stjórnmálamaður leysir morðgátu.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Heimsendir er ný skáldsaga eftir Guðmund Steingrímsson. Þetta er önnur skáldsaga hans, sú fyrri, Áhrif mín á mannkynssöguna, kom út 2003. Það hafa því liðið fimmtán ár milli þessara tveggja bóka. Höfundurinn er fyrst spurður af hverju þessi tími hafi orðið svo langur.

„Þetta er saga sem ég byrjaði á strax árið 2004 og lét gerast það ár og breytti því ekki þegar ég fór að ljúka við hana," segir Guðmundur. „Sagan lá lengi hjá mér og þegar ég fór á þing þá var hún lítið meira en skjal í tölvunni minni sem ég opnaði stundum. Svo kom að því að ég ákvað að klára hana og komst að því að tíminn hafði unnið með henni. Það var allt öðru vísi ferli að skrifa þessa skáldsögu en þá fyrri og tók miklu lengri tíma, en það varð líka að vera þannig. Ég verð ekki svona lengi að skrifa næstu bók.

Þegar fyrsta skáldsagan mín fór í prentun 2003 þá var ég á nálum og var hjá forlaginu með lífið í lúkunum að gera breytingar á síðustu stundu. Lokabreytingar sem ég gerði á þessari skáldsögu tók ég síðan út, sem mér finnst benda til að hún hafi verið komin í ágætt jafnvægi. Mér finnst ég vera eins konar erindreki þessarar bókar, frekar en höfundur hennar. Það er eins og hún hafi skrifaði sig hægt og rólega í gegnum mig, öll þessi ár."

**Viðureignin við leiðindin**

*Hvernig myndirðu lýsa umfjöllunarefni bókarinnar?*

„Hún fjallar um ungan blaðamann, Leif, sem árið 2004 ákveður að njóta lífsins með Unni, kærustu sinni, og fara til Bandaríkjanna. Þetta á að vera lífsnautnaferð þar sem á að elta drauminn en allt fer á annan veg. Bókin fjallar um drauminn, frelsið og viðureignina við leiðindin í lífinu.

Tilveran finnst mér eilíft undrunarefni og maður endar alltaf einhvers staðar. Á dögunum var ég allt í einu kominn á seglbretti í Skerjafirði þar sem ég missti stjórn á brettinu og synti í land. Ég hló og hugsaði: Þegar ég vaknaði í morgun ætlaði ég ekki að vera hérna. Mér finnst þetta oft vera svona, í stóru jafnt sem smáu. Það er eins og tilveran taki mann í munninn, velti manni um og skyrpi manni svo út einhvers staðar. Núna er ég útgefandi útivistartímarits með Róberti Marshall á skrifstofu á Klapparstíg. Fyrir ekki svo löngu síðan var ég alþingismaður. Ég held að galdurinn við að lifa lífinu og njóta þess sé að taka hinni óvæntu hlið tilvistarinnar fagnandi og með ákveðinni aðlögunarhæfni.

Í inngangskafla bókarinnar, sem ég skrifaði undir lokin, er aðalpersónan að reyna að átta sig á því hvað hún hefur skrifað. Alveg eins og ég sjálfur er ekki nákvæmlega viss um hvað bókin fjallar, þá er aðalpersónan það ekki heldur. Hún fjallar á einhvern hátt um frelsi og það að vera til og hvernig draumurinn getur falið í sér fallið. Þetta er tilvistarleg spennusaga.

Bókin er fyrstu persónu frásögn og allt sem gerist þar eru hlutir sem ég hef séð eða heyrt af. Að því leyti er þetta stúdía í því hvað lífið getur verið ótrúlegt. Þetta er líka samtímaævintýri: Ungur maður fer út í heim og berst við dreka."

*Aðalpersónan heitir Leifur Eiríksson, það er varla tilviljun?*

„Það er engin tilviljun. Leifur ætlaði til Grænlands að heimsækja pabba sinn en endaði með því að finna Ameríku og vissi ekki hvernig hann ætti að bregðast við því og fór þaðan."

**Raunverulegar tilfinningar**

*Á bókarkápu er Leifi lýst sem rótlausum blaðamanni. Þú þekkir blaðamennsku af eigin raun, varstu rótlaus?*

„Það er óhætt að segja að ég hafi verið það á þeim tíma. Mér finnst gaman þegar fólk sem les söguna heldur allt fram í miðja bók að þetta sé sjálfsævisaga. Tilfinningarnar sem ég er að fjalla um og krauma þarna undir niðri eru allar raunverulegar og eiga sér stað í eigin sálarlífi. Á þann hátt er maður alltaf að fjalla um sjálfan sig. Karakterarnir eru svo sambland af einhverju úr veruleikanum. Sjálfum finnst mér ég þekkja þá og gæti allt eins átt von á að mæta þeim á förnum vegi."

*Má flokka bókina sem skemmtisögu?*

„Hún er það, en ekki bara það. Nú eru að leka til mín vitnisburðir frá fólki sem hefur verið að lesa bókina. Mér finnst mjög gaman að heyra tvennt, að fólk hafi ekki getað lagt hana frá sér heldur lesið í einum rykk og þótt hún spennandi, og að það hlær upphátt. Ég vil skrifa skemmtilegar bækur."

**Stjórnmálamaður leysir morðgátu**

*Það er ólíklegt að þetta verði síðasta skáldsaga þín. Heldurðu að þú eigir eftir að skrifa skáldsögu sem þú byggir á reynslu þinni af stjórnmálum?*

„Ég er með hugmyndir að fjórum til fimm bókum sem mig langar mjög mikið til að skrifa. Eina bók langar mig til að skrifa um mig, reynslu mína af stjórnmálum og viðhorf mitt til þeirra. Skjalið „Bók um stjórnmál" er til í tölvunni minni. Heimur stjórnmálanna er gríðarlega forvitnilegur og margir vilja alls ekki fara inn í hann. Stjórnmálin eru núna að ýmsu leyti á krossgötum og það er spennandi að skrifa um það.

Svo er ég byrjaður á annarri bók sem á að fjalla um gamlan fyrrverandi stjórnmálamann, algjöran durt."



„Mér finnst gaman þegar fólk sem les söguna heldur allt fram í miðja bók að þetta sé sjálfsævisaga." FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

**MÉR FINNST ÉG VERA EINS KONAR ERINDREKI ÞESSARAR BÓKAR, FREKAR EN HÖFUNDUR HENNAR. ÞAÐ ER EINS OG HÚN HAFI SKRIFAÐI SIG HÆGT OG RÓLEGA Í GEGNUM MIG, ÖLL ÞESSI ÁR.**

*Á hann sér fyrirmynd?*

„Hann á sér margar fyrirmyndir, en mig langar til að finna fallega tóninn í honum. Þetta á að vera spennusaga og stjórnmálamaðurinn leysir morðgátu. Þetta gæti orðið næsta bók, ég er allavega byrjaður að skrifa hana."

## Eins og hundar

Á einum stað, framarlega í Heimsendi, segir: „Þetta er saga um myrkar langanir, duldar fýsnir og ást. Hér greinir frá tveimur manneskjum sem sönnuðu það sem Fellini sagði um fólk, að fólk væri eins og hundar, það langaði til að tala en gæti bara gelt.

Og urrað. Og bitið. Og glefsað. Þetta er játning, lesandi góður. Þetta er afhjúpun. Svona er veröldin. Svona var ég og svona er ég kannski ennþá. Ég veit það ekki. Ég vona að ég verði ekki sakaður um að draga undan. Ég hef ekki sagt neinum frá þessu áður, í það minnsta ekki almennilega."



# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 11. ÁGÚST 2018

### Viðburðir

**Hvað?** Listamenn á Langanesi
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Sauðaneskirkja
Hópur listamanna hefur skipulagt vinnustofudvöl á Langanesi í samvinnu við Langanesbyggð sem lýkur með listviðburðum um helgina, 11.-12. ágúst. Alls hafa þrettán listamenn dvalið á svæðinu en verkefnið er skipulagt af fjórum listamönnum. Markmiðið með dvölinni er að skapa rými fyrir tilraunamennsku, hugmyndaflæði og búa til nýjar tengingar milli fólks og lands. Verkefnið er nefnt eftir röstinni út við Font á Langanesi. Meðal viðburða eru tónleikar, samsýning listamanna í Sauðaneshúsi ásamt hugbúnaðarhljóðinnsetningu eftir Freyju Eilíf í Sauðaneskirkju sem verður opnuð laugardaginn 11. ágúst klukkan 15.00 og dagslangur gjörningur Hildar Ásu Henrýsdóttur í sundlaug Langanesbyggðar sunnudaginn 12. ágúst.

**Hvað?** Reykjavík Food Festival
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Skólavörðustígur
Matarmiðar verða seldir í miðasölutjöldum sem staðsett verða á nokkrum stöðum á Skólavörðustígnum. Miðaverð er 3 miðar á 1.000 kr. Boðið verður upp á fjölda skemmtiatriða, lifandi tónlist og ýmislegt fleira sem mun gera hátíðina að sannkallaðri veislu fyrir augu og eyru, sem og auðvitað bragðlaukana! Veitingastaðirnir sem munu kokka upp og framreiða krásirnar eru Kol, Kolabrautin, Sjávargrillið, Ostabúðin, Sakebarinn, Krua Thai og Rib Within – Bacon Guru/Stjörnugrís.

**Hvað?** Opnun sýningar Nínu Gauta
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Tryggvagötu 17
Sýningin er opin alla daga nema mánudag frá kl. 14 -18 til 12. ágúst.

**Hvað?** Myndlistarsýning | Söngvar sálarinnar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Alexandra Martini sýnir draumkenndar olíumyndir sem lýsa þörf hennar til að tjá innri tilfinningar. Hún sækir innblástur í reynslu sína af því að vera kona í nýju landi og í gegnum listina fjallar hún um kynþætti, tungumál, einmanaleika og kraft kvenna þegar á móti blæs.

**Hvað?** Golfmót Liverpool klúbbsins
**Hvenær?** 07.30
**Hvar?** Hlíðavöllur
Skylda er að vera vel merktur Liverpool Football Club í mótinu, mótsstjórn er heimilt að vísa mönnum frá séu menn ómerktir eða „illa“ merktir. Mótið er punktakeppni með forgjöf þar sem hámarksforgjöf er 24 hjá körlum en 28 hjá konum.

**Hvað?** Sambahátíð í Selárdal
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasafn Samúels
Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar í Selárdal var stofnað vorið 1998 og fagnar því tuttugu ára afmæli sínu á þessu ári. Félagið hefur í hátt á annan áratug sinnt viðgerðum á listaverkum og byggingum Samúels. Gerhard König myndhöggvari hefur frá upphafi verið verkstjóri viðgerðanna. Sjálfboðaliðar frá hátt í tuttugu þjóðlöndum hafa komið að verkefninu, undanfarið með stuðningi Vesturbyggðar.

# Sunnudagur

## 12. ÁGÚST 2018

### Viðburðir

**Hvað?** Vegan Festivalið
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þórsplanið
Samtök grænmetisæta á Íslandi og Vegan samtökin standa fyrir Vegan Festivali á Thorsplani í Hafnarfirði sunnudaginn 12. ágúst. Það verða grillaðar veganpylsur ásamt öllu meðlæti til styrktar samtökunum og einnig munu ýmsir aðilar bjóða upp á veganvörur og veitingar til sölu bæði á torginu og í verslunum í kring. Heimsþekkta Vegan dragdrottningin Honey LaBronx mun sjá um að halda uppi stuðinu!

**Hvað?** Kampavínssmökkun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Port 9, Veghúsastíg
Smakk á kampavíni og smáréttum. Verðið er 10.000 kr. á mann.

**Hvað?** Klappstýrunámskeið
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Primal Ísland
Á námskeiðinu kennir finnski klappstýruþjálfarinn Ismo Korhonen grunnatriði klappstýrutrixa, kennir akrótrix fyrir smærri og stærri hópa og kynnir okkur klappstýruheiminn. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur læri að framkvæma hinar áhættusömu listir á öruggan hátt og geti að námskeiðinu loknu haldið æfingum áfram sjálfstætt.

**Hvað?** Sápukúluvinnustofa
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Hönnunarsafn Íslands
Kúluformið var Einar Þorsteini Ásgeirssyni, arkitekt og stærðfræðingi, afar hugleikið, enda eitt af hagkvæmustu formum náttúrunnar. Í tengslum við skráningu á verkum Einars Þorsteins í Hönnunarsafni Íslands bjóða hönnuðirnir Björn Steinar Blumenstein og Steinunn Eyja Halldórsdóttir upp á sápukúluvinnustofu fyrir börn og fullorðna. Þátttakendur búa til sín eigin sápukúluverkfæri og prófa sig áfram. Vinnustofan er í boði Hönnunarsafnsins.





VOX FEMINAE

**Kvennakórinn Vox feminae**
óskar eftir að ráða kórstjóra frá og með 1. janúar 2019. Ráðið verður í starfið til eins árs með möguleika á framlengingu.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Björnsdóttir formaður kórsins í síma 820-9313.
Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til **voxfeminae@voxfeminae.is** fyrir 26. ágúst nk. merkt: *Umsókn*.

Sjá nánar um starfsemi kórsins á vefsíðu hans **voxfeminae.is**.





#PL

Premier League

Laugardagur 11. ágúst

Newcastle 11:20 Tottenham #NEWTOT

Huddersfield 13:50 Chelsea #HUDCHE

Wolves 16:20 Everton #WOLEVE

Sunnudagur 12. ágúst

Liverpool 12:20 West Ham #LIVWHU

Arsenal 14:50 Man. City #ARSMCI

2 SPORT

KAUPTU STAKAN LEIK:
vodafone Síminn

Coca-Cola ICELANDAIR

# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Kalli á þakinu
**08.10** Blíða og Blær
**08.30** Gulla og grænjaxlarnir
**08.45** Lína Langsokkur
**09.10** Dagur Diðrik
**09.35** Dóra og vinir
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.25** Nilli Hólmgeirsson
**10.40** Beware the Batman
**11.00** Friends
**12.00** Bold and the Beautiful
**12.20** Bold and the Beautiful
**12.40** Bold and the Beautiful
**13.00** Bold and the Beautiful
**13.25** Allir geta dansað
**15.20** So You Think You Can Dance 15
**16.15** Great News
**16.45** Masterchef USA
**17.30** Maður er manns gaman
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.00** Lottó
**19.05** Top 20 Funniest
**19.50** **So B. It** Dramatísk mynd frá 2016 um Heidi DeMuth sem hefur alist upp við þær óvenjulegu aðstæður að hún þekkir engan úr fjölskyldu sinni aðra en móður sína sem er heilabiluð og getur ekki upplýst hana um neitt. Um þessi mál hefur hún orðið forvitnari með árunum og að því kemur að hún ákveður að finna svörin upp á eigin spýtur.
**21.30** Rise of the Planet of the Apes
**23.15** **Wonder Woman** Spennandi og stórgóð ofurhetjumynd frá 2017 sem er talin ein af þeim bestu síðari ár úr smiðju DC Comics. Með aðalhlutverk fara meðal annars Gal Gadot, Chris Pine og Robin Wright. Eftir að Díana prinsessa af Themysciru bjargar lífi bresks flugmanns árið 1915 segir hann henni af styrjöldinni í Evrópu sem leiðir til þess að Díana ákveður að blanda sér í slaginn og bjarga eins mörgum mannslífum og hún getur.
**01.35** **American Hone** Dramatísk mynd frá 2016 með Sasha Lane og Shia LaBeouf í aðalhluverkum. Star, unglingsstúlka, sem hefur engu að tapa, slæst í för með hópi farandsölumanna sem lifir hátt og semur sínar eigin reglur.
**04.15** Friends

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Manchester United - Leicester
**08.50** ÍBV - Breiðablik
**10.30** Goðsagnir - Sigursteinn Gíslason
**11.20** Newcastle - Tottenham
**13.25** Premier League Preview 2017/2018
**13.50** Huddersfield - Chelsea
**16.00** Laugardagsmörkin
**16.20** Wolves - Everton
**18.30** Fulham - Crystal Palace
**20.15** Derby - Leeds
**21.55** Atletico Madrid - Inter Milan
**23.35** UFC Now 2018

## STÖÐ 2 SPORT 2

**10.05** Real Madrid - Roma
**11.45** Breiðablik - KR
**13.25** KA - FH
**15.05** Pepsi-mörkin 2018
**16.25** Derby - Leeds
**18.30** Bournemouth - Cardiff
**20.10** Watford - Brighton
**21.50** Newcastle - Tottenham
**23.30** Huddersfield - Chelsea

## STÖÐ 3

**16.10** Masterchef USA
**16.50** Friends
**17.10** Friends
**17.35** Friends
**18.00** Friends
**18.20** Friends
**18.45** Kevin Can Wait
**19.10** League
**19.35** Last Man Standing
**20.00** My Dream Home
**20.50** Schitt's Creek
**21.15** Eastbound & Down
**21.45** Vice Principals
**22.15** Banshee
**23.05** Game of Thrones
**00.25** Kevin Can Wait
**00.45** Last Man Standing
**01.10** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Rasmus Klumpur og félagar
**07.55** Lalli
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Hvellur keppnisbíll
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Tindur
**09.23** Mæja býfluga
**09.35** K3
**09.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur og félagar
**11.55** Lalli
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Hvellur keppnisbíll
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og litli
**13.13** Tindur
**13.23** Mæja býfluga
**13.35** K3
**13.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur og félagar
**15.55** Lalli
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Hvellur keppnisbíll
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og litli
**17.13** Tindur
**17.23** Mæja býfluga
**17.35** K3
**17.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Smáfólkið

Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47



## GOLFSTÖÐIN

**08.45** Ladies Scottish Open
**10.45** PGA Championship 2018
**16.45** Inside the PGA Tour 2018
**17.10** Golfing World 2018
**18.00** PGA Championship 2018
**23.00** Champions Tour Highlights 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.50** Warm Springs
**08.50** Grey Gardens
**10.35** High Strung
**12.10** Snowden
**14.20** Warm Springs
**16.20** High Strung
**18.00** Grey Gardens
**19.45** Snowden
**22.00** Power Rangers
**00.00** Flatliners
**01.50** We Don't Belong Here
**03.20** Power Rangers

## RÚV

**07.01** Kalli og Lóa
**07.12** Vinabær Danna tígurs
**07.25** Lundaklettur
**07.32** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**07.43** Rita og krókódíllinn
**07.48** Molang
**07.52** Klaufabárðarnir
**08.01** Kata og Mummi
**08.12** Úmísúmí
**08.35** Hvolpasveitin
**08.58** Rán og Sævar
**09.09** Friðþjófur forvitni
**09.32** Alvin og íkornarnir
**09.43** Uss-Uss!
**09.55** Kveikt á perunni
**10.02** Græðum
**10.05** Ævar vísindamaður
**10.35** Fótboltasnillingar
**11.05** Með okkar augum
**11.35** Myndavélar
**11.45** Bækur og staðir
**11.55** Fimleikar
**14.25** Dýfingar
**15.25** Hið sæta sumarlíf
**15.45** Facebook - Augað alsjáandi
**16.20** Þríþraut
**18.00** Táknmálsfréttir
**18.10** KrakkaRÚV
**18.11** Kioka
**18.16** Póló
**18.22** Lóa
**18.35** Reikningur
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.40** Tracey Ullman tekur stöðuna
**20.15** The Magic of Belle Isle
**22.05** Sunnudagur
**23.20** Falke lögreglufulltrúi og Sýrlandsstríðið

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** American Housewife
**08.25** Life in Pieces
**08.50** Grandfathered
**09.15** The Millers
**09.35** Superior Donuts
**10.00** Man With a Plan
**10.25** Speechless
**10.50** The Odd Couple
**11.15** The Mick
**11.40** Superstore
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** America's Funniest Home Videos
**13.35** The Biggest Loser
**15.05** Superior Donuts
**15.30** Madam Secretary
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Futurama
**17.55** Family Guy
**18.20** Son of Zorn
**18.45** Glee
**19.30** Tenure
**21.00** Shanghai Noon
**22.50** Avengers: Age of Ultron
**02.00** Quantico
**02.45** Incorporated
**03.30** Instinct
**04.15** How to Get Away with Murder
**05.00** Zoo

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Skólatöskudagar 9.-15. ágúst

## ALLAR SKÓLATÖSKUR OG PENNAVESKI Á 20% AFSLÆTTI*




A4 klúbburinn
5% INNEIGN AF ÖLLUM KAUPUM

* AFSLÁTTUR GILDIR EKKI UM HERSCHEL SKÓLATÖSKUR OG PENNAVESKI.

Frí heimsending ef verslað er fyrir 14.900 eða meira á www.a4.is

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN




THE SINNER
KL. 21:45

Bill Pullman snýr aftur sem rannsóknarlögreglumaðurinn Harry Ambrose og rannsakar nú af hverju ellefu ára drengur myrti foreldra sína, að því er virðist að ástæðulausu. Glæný og ótrúlega spennandi þáttaröð þar sem Jessica Biel er nú á bak við tjöldin sem framleiðandi þáttanna.




**Spennandi Sunnudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**



SO YOU THINK YOU CAN DANC
KL. 19:25

Stærsta danskeppni í heimi þar sem efnilegir dansarar fá tækifæri til að slá í gegn. Í hverri viku fá þeir krefjandi verkefni og það fækkar í hópnum þar til ný dansstjarna er krýnd.




SILENT WITNESS SEINNI HLUTI AF SÖMU SÖGU ANNAÐ KVÖLD
KL. 20:10

Glæný og hörkuspennandi sería frá BBC um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar óhugnanleg morð hafa verið framin. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Fyrri þátturinn er sýndur á sunnudagskvöldum og sá seinni á mánudagskvöldum. **Breskir sakamálaþættir eins og þeir gerast bestir.**



KILLING EVE
KL. 21:00

Hörkuspennandi þættir um morðkvendið Villanelle og MI5 starfsmanninn Eve sem reynir allt sem hún getur til að brjóta glæpakvendið á bak aftur.



THE LAST WITCH HUNTER
KL. 22:00

Nornabaninn Kaulder barðist á öldum áður við hlið annarra mennskra stríðsmanna við illar nornir úr öðrum heimi sem reyndu að ná yfirráðum í mannheimum.

Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.** **stod2.is**

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Elías
**07.55** Zigby
**08.05** Kormákur
**08.20** Tindur
**08.35** Víkingurinn Viggó
**08.50** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**09.00** Heiða
**09.25** Mamma Mu
**09.30** Skógardýrið Húgó
**09.55** Grettir
**10.10** Tommi og Jenni
**10.30** Lukku-Láki
**10.55** Friends
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.25** Born Different
**13.50** Divorce
**14.20** The Bold Type
**15.05** Suits
**15.50** Friends
**16.10** Grand Designs: Australia
**17.00** Curb Your Enthusiasm
**17.40** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.05** Splitting Up Together Frábærir nýir gamanþættir með Jennu Fischer og Oliver Hudson sem leika fráskilið par sem freistar þess að búa saman eftir skilnað í stað þess að búa á sitthvorum staðnum og láta börnin flytja á milli vikulega. Eðlilega getur þetta fyrirkomulag verið krefjandi á köflum, fullt af óvæntum og bráðfyndnum uppákomum og fyrir þeim er þetta svo sannarlega lærdómsrík reynsla.
**19.30** So You Think You Can Dance 15
**20.15** Silent Witness
**21.10** Killing Eve Spennandi þættir sem byggðir eru á vinsælum bókaflokki eftir Luke Jennings með hinni bresku Jodie Comer ásamt Söndru Oh sem glöggir áhorfendur muna eftir úr Grey's Anatomy.
**21.55** The Sinner
**22.40** Vice
**23.10** American Woman
**23.30** Sharp Objects
**00.25** Lucifer
**01.15** Sleight
**02.45** The Night Of
**03.45** The Night Of
**04.45** The Night Of
**05.45** Curb Your Enthusiasm

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Newcastle - Tottenham
**09.00** Huddersfield - Chelsea
**10.40** Wolves - Everton
**12.20** Liverpool - West Ham
**14.30** Premier League World 2018/2019
**14.50** Arsenal - Manchester City
**17.00** Messan
**18.05** Southampton - Burnley
**19.45** FH - ÍBV
**21.25** Fylkir - Stjarnan
**23.05** Manchester United - Leicester

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.50** Atletico Madrid - Inter Milan
**10.30** Pepsi-mörkin 2018
**11.50** Fulham - Crystal Palace
**13.30** Bournemouth - Cardiff
**15.10** Goðsagnir - Ragnar Margeirsson
**15.45** FH - ÍBV
**17.50** Fylkir - Stjarnan
**20.00** Liverpool - West Ham
**21.40** Arsenal - Manchester City
**23.20** Messan

## STÖÐ 3

**14.50** The Mentalist
**15.35** Jamie's Super Food
**16.20** Grand Designs
**17.10** Seinfeld
**17.35** Seinfeld
**18.00** Seinfeld
**18.20** Seinfeld
**18.45** Seinfeld
**19.10** Kevin Can Wait
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Grantchester
**20.50** Veep
**21.20** Game of Thrones
**22.15** Generation Kill
**23.25** The Mindy Project
**23.50** Divorce
**00.40** Last Man Standing
**01.05** Grand Designs
**01.55** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Stóri og Litli
**07.13** Tindur
**07.27** Zigby
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Kormákur
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Tindur
**11.27** Zigby
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Kormákur
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Tindur
**15.27** Zigby
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Kormákur
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Skrímsli í París

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.24, 12.24 og 16.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Inside the PGA Tour 2018
**08.25** PGA Championship 2018
**13.25** WGC: Bridgestone Invitational
**17.35** Inside the PGA Tour 2018
**18.00** PGA Championship 2018
**23.00** Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.25** Game Change
**08.20** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**09.50** Mother's Day
**11.45** Apollo 13
**14.05** Game Change
**16.05** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**17.40** Mother's Day
**19.40** Apollo 13
**22.00** The Last Witch Hunter
**23.45** The Lobster Gamansöm mynd frá 2015 með Rachel Weisz og Colin Farrell.
**01.45** All Eyez on Me
**04.05** The Last Witch Hunter

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**07.01** Nellý og Nóra
**07.08** Sara og önd
**07.15** Klingjur
**07.26** Hæ Sámur
**07.33** Begga og fress
**07.46** Húrra fyrir Kela
**08.10** Kúlugúbbarnir
**08.33** Mói
**08.44** Ernest og Célestine
**08.56** Með afa í vasanum
**09.08** Litli prinsinn
**09.31** Djúpið
**09.52** Skógargengið
**10.03** Undraveröld Gúnda
**10.15** Krakkastígur
**10.25** Best í flestu
**11.05** Ávaxtakarfan
**11.55** Veröld Ginu
**12.25** Svartihnjúkur
**13.25** Fimleikar
**17.05** Frjálsar íþróttir
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Basl er búskapur
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.40** Íslendingar
**20.35** Ljósmóðirin
**21.30** Gómorra
**22.20** Íslenskt bíósumar: Gauragangur
**23.55** Dmitri Sjostakovitsj
**00.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** American Housewife
**08.25** Life In Pieces
**08.50** Grandfathered
**09.15** The Millers
**09.35** Superior Donuts
**10.00** Man With a Plan
**10.25** Speechless
**10.50** The Odd Couple
**11.15** The Mick
**11.40** Superstore
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** Family Guy
**13.30** Glee
**14.15** 90210
**15.00** Superstore
**15.25** Top Chef
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Ally McBeal
**18.15** Gordon Behind Bars
**19.10** Ný sýn
**19.45** Superior Donuts
**20.10** Madam Secretary
**21.00** Jamestown
**21.50** SEAL Team
**22.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**23.20** Rosewood
Aug 13, 2018
**00.55** Penny Dreadful
**01.40** MacGyver
**02.30** The Crossing
**03.15** Valor
**04.05** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# 10 ára afmæli

## Frábær tilboð með VITA • Njóttu þess að hlakka til



### Alicante - 7 nætur



**Albir Playa**

Verð frá **89.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi með morgunverði.

31. ÁGÚST – 7. SEPTEMBER 2018

### Tenerife - 7 nætur



**Family Garden**

Verð frá **89.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð.

28. ÁGÚST – 4. SEPTEMBER 2018

### Kanarí - 7 nætur



**Parque Cristobal**

Verð frá **79.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna í smáhýsi.

21. – 28. ÁGÚST 2018

### Mallorca - 7 nætur



**Holiday Center**

Verð frá **79.900** kr.

Á mann m.v. 3 fullorðna í íbúð.

26. ÁGÚST – 2. SEPTEMBER 2018

### Krít - 11 nætur



**Porto Platanias Village**

Verð frá **139.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með hálfu fæði.

27. ÁGÚST – 7. SEPTEMBER 2018

### Portúgal/Faro - 7 nætur



**Ondamar**

Verð frá **99.900** kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

27. SEPTEMBER – 4. OKTÓBER 2018

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

# Ætlar að vera óþolandi fram að hlaupi

Jón Gunnar Geirdal er kominn í hlaupagírinn. Hann ætlar að safna fyrir Rjóðrið og þrátt fyrir að skrá sig seint til leiks ætlar hann að ná að safna yfir milljón krónum. Fjölmargir ætla að hlaupa til góðs en áheitin sem hafa safnast eru nú komin yfir 660 milljónir.



„Hlaupaformið hefur oft verið miklu betra. Ég var í öflugum hlaupahóp á sínum tíma, sinnti hlaupunum miklu betur og tók þátt í hlaupum yfir allt árið en hef verið alltof latur við þetta undanfarin 2-3 ár því miður.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Rikki G

Útvarpsmaðurinn Rikki G ætlar að hlaupa þrjá kílómetra í kleinuhringsbúningi ef hann safnar 500 þúsundum.

Silja Úlfarsdóttir, talsmaður Ljónshjarta, skoraði á hann.

Þúsundþjalasmiðurinn Jón Gunnar Geirdal skráði sig til leiks í Reykjavíkurmaraþoninu og ætlar að taka tíu kílómetrana. Hann ætlar að safna fyrir Rjóðrið, sem er hvíldarheimili fyrir langveik börn í Kópavoginum. „Fólk hefur spurt mig af hverju Rjóðrið og svarið er einfalt; af því að ég get það og í þakklæti og auðmýkt fyrir það sem lífið hefur gefið mér þá þykir mér það sjálfsagt,“ segir hann.

Jón Gunnar hefur áður tekið þátt og safnaði þá rúmlega einni og hálfri milljón og toppaði einstaklingssöfnunina. Hann ætlar að stefna á milljónina þrátt fyrir að stutt sé í hlaupið. „Að mínu mati er lang áhrifaríkast að skrá niður fólk og fyrirtæki sem maður er tengdur inn í og hringja svo í viðkomandi og selja viðkomandi það að heita á mann. Þar munar mest um rausnarleg áheit frá fyrirtækjum eða fjársterkum vinum því þá tikkar hratt inn á söfnunina. Ég kalla þetta Cable Guy aðferðina því ég er í raun óþolandi vikurnar fram að hlaupi í því að áreita vini og vandamenn um áheit og enginn óhultur. Svo er gott að muna það líka að söfnunin heldur áfram eftir hlaupið og lýkur ekki fyrr en nokkrum dögum síðar og fólk því ekki laust við áheitasímtöl þó að hlaupið sjálft sé yfirstaðið.“

> ÉG KALLA ÞETTA CABLE GUY AÐFERÐINA ÞVÍ ÉG ER Í RAUN ÓÞOLANDI VIKURNAR FRAM AÐ HLAUPI.

Hann segir stuðið í kringum 10 kílómetra hringinn vera mikið og segir að sú vegalengd henti sér vel. „Það er fólk úti um allt að fagna hlaupurunum og stemningin æðisleg. Ég hef einu sinni hlaupið hálft maraþon með góðum árangri en gamla fótboltafrekjan virkar miklu betur í styttri vegalengdum og 10 kílómetra hringurinn því fullkominn.“ **benediktboas@frettabladid.is**

## Frægir hlaupa




**Pétur Kiernan, AronMola og Bjartur Pétur Ívarsson**
**Guðmundur Ingi Þorvaldsson**
**Brynja Dan Gunnarsdóttir**
**Arna Ýr**
**Pétur Jóhann**
**Andri Þór Guðmundsson**
**Júlíus Jónasson**

Sóltún HEIMA
Heilsa • Vellíðan • Daglegt líf

Veldu hreyfingu sem hentar þér og komdu þér af stað í heilsusamlegan lífsstíl.

Eldri • Sterkari • Hraðari



VATNSLEIKFIMI
Mán. og mið. kl: 11:30
35.000 kr.

KRAFTAJÖTNAR
Styrktarþjálfun fyrir karlmenn
Þri. og fim. kl: Kl: 9:00
og 10:00 *(Tveir hópar)*
49.000 kr.

KJARNAKONUR
Styrktarþjálfun fyrir konur
Þri. og fim. kl: 11:00
49.000 kr.
Uppselt!

**Tólf vikna tímabil, tvisvar í viku. Tímarnir hefjast 3. september.**
Allir velkomnir á kynningarfund um heilsueflingu og þjónustu Sóltúns Heima miðvikudaginn 15. ágúst kl.17 í hjúkrunarheimilinu Sóltúni, Sóltúni 2, 105 Reykjavík. Gott aðgengi og næg bílastæði.

KEMSTU EKKI Í HÓPATÍMA?
Fáðu sérsniðna styrktarþjálfun með aðstoð leiðbeinanda heim tvisvar í viku með **Sóltúni Heimahreyfingu**. Aðeins 34.900 kr. á mánuði.
**Hafðu samband og við aðstoðum við að finna rétta leið fyrir þitt heilsufar.**

HÓPATÍMAR FARA FRAM Í 105 REYKJAVÍK Á EFTIRFARANDI STÖÐUM:
- ÍFR, Hátúni 14
- Sundlaug Sjálfsbjargar, Hátúni 12

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING:
Sími 563 1400
soltunheima@soltunheima.is
www.soltunheima.is

PORT hönnun

ÓB



# -15 KR.

# á ÓB stöðvum mánaðarins

Lykil- og korthafar í Vinahópi Olís og ÓB fá fimmtán króna afslátt af lítranum á fimm ÓB-stöðvum allan ágústmánuð.

Snorrabraut
Fjarðarkaup

Hlíðarbraut Akureyri
Vestmannaeyjar
Selfoss

**Nýjar stöðvar í hverjum mánuði**




Vinahópurinn er vildarklúbbur lykil- og korthafa Olís og ÓB. Kynntu þér Vinahópinn á olis.is

Vina-
hópur
olís

## Lífið í vikunni
05.08.18-11.08.18

### Gleðisprengja í kvöldsólinni í Hvammsvík



Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, tók forskot á sæluna og bauð til risaveislu í Hvammsvík þar sem fjölmargir fögnuðu forstjóranum fimmtuga. Stuðmenn, brenna, listaverk, kampavín og frægt fólk í þemafötum gerðu veisluna að dúndurgleði. Þemað var tweed-föt og voru gestir margir hverjir í glæsilegum fötum.



### Hljóðfæri Vintage Caravan týnd á Spáni

Martraðarflugferð meðlima The Vintage Caravan með flugfélaginu Vueling frá Barcelona lauk þannig að þeir fóru heim tómhentir. Engin hljóðfæri voru um borð og bíða þeir og vona það besta. Hljóðfærin skiluðu sér svo að lokum í gærdag.

### Förðunarfræðingur frá Hollywood kennir á Íslandi



Förðunarfræðingurinn Thalia Echeveste er flutt til Íslands með kærastanum sínum en hún hefur komið að förðun í fjölmörgum kvikmyndum og þáttum, meðal annars Narcos, Spectre, Point Brake og Rogue One. Hún kennir nú við Mask Academy í Hæðarsmára.



### Lag og Evróputúr

Arnór Dan Arnarson, söngvari í Agent Fresco, gaf út sitt fyrsta lag sem heitir Stone by Stone. Fyrir utan að gefa lagið út er hann að skipuleggja Evróputúr og næstu plötu hljómsveitarinnar.






**„Þetta verkefni núna er bara gert af ást og virðingu og vináttu. Við þurfum þetta ekkert, og hann þarf þetta ekkert. Við bara elskum að spila saman,“ segir Birgir Jónsson trommuleikari sem hér stendur í miðjunni.** MYND/SPESSI

# Bubbi og Dimma sameinuð á ný

Bubbi Morthens og Dimma ætla að leiðast hönd í hönd um landið og halda nokkra magnaða rokktónleika á litlum stöðum. Nýtt efni gæti heyrst en strákarnir hafa verið duglegir að semja undanfarið.



Birgir Jónsson.

Það er alveg líklegt að við tökum eitthvað nýtt en annars verður fókusinn á Utangarðsmenn, Das Kapital, Egó, þetta rokkstöff sem við allir dýrkum,“ segir Birgir Jónsson, trommarinn taktfasti í Dimmu, en hljómsveitin hefur verið að æfa með Bubba Morthens að undanförnu og dusta rykið af farsælu sambandi.

Bubbi og Dimma ætla að spila á nokkrum tónleikum og verður miðasala opnuð á mánudag. Þeir ætla ekki að taka einhverja stórtónleika heldur staði þar sem er heitt og svolítið sveitt.

„Við ákváðum að taka smá snúning sem byrjar á Menningarnótt. Fljótlega kviknaði hugmyndin um að fara að gera nýtt efni líka. Eitthvað frumsamið sem við myndum jafnvel gefa út en án allrar pressu. Við ætlum ekki að skuldbinda okkur neitt, kannski kemur plata og kannski eitt lag og kannski ekkert. Þegar allir eru sáttir þá gerist eitthvað,“ segir Birgir.

Hann segir að þegar þeir komi saman gerist einhverjir töfrar en allir séu þeir æfinganördar sem elski fátt meira en að telja í. „Við æfðum á hverjum degi í þrjá mánuði fyrir giggið í Hörpu. Alltaf kl. 17 og á laugardagsmorgnum kl 10. Í öllu því ferli skapaðist einhver filingur og vinskapur sem hefur haldist. Þetta er eiginlega of skemmtilegt til að láta þetta ekki rúlla aðeins lengur.“

Birgir segir að nýja efnið sé svolítið af gamla skólanum og hann sé sáttur við það sem hefur fengið að hljóma á æfingunum sem taka á flesta nema Bubba. Hann blæs varla úr nös. „Bubbi er eins og þrítugur íþróttamaður. Hann er kjarnorkuver, þessi maður.

Maður er enn að komast yfir það hverslags forréttindi það eru að flytja lögin hans með honum sjálfum. Hann er einn merkilegasti listamaður þjóðarinnar og maður byrjaði að pikka upp Fjöllin hafa vakað og Hiroshima þegar maður var tíu ára enda samdi hann nánast alla íslensku rokkbiblíuna.“

**benediktboas@frettabladid.is**

### Staðfestar dagsetningar

- **22. sept.** Græni hatturinn
- **28. sept.** Frystiklefinn, Rifi
- **29. sept.** Bæjarbíó, Hafnarfirði
- **06. okt.** Alþýðuhúsið, Vestmannaeyjum

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR
LAGERSALA
8. - 13. ÁGÚST
SJÁ ÚRVAL Á ZO-ON.IS
OPNUNARTÍMI
VIRKIR DAGAR
12:00 - 18:00
LAUGARDAGUR
11:00 - 18:00
SUNNUDAGUR
12:00 - 18:00
ZO•ON
ICELAND
STAÐSETNING
FACTORY STORE,
NÝBÝLAVEGUR 6
SÍMI
557 1050

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 13. ágúst eða á meðan birgðir endast.

# ÞURRIR DAGAR

*Nýttu tækifærið og berðu á pallinn!*




**Fyrir skjólvegginn**

**Kjörvari 14**
Viðarvörn, margir litir.
**3.995**
86332040

**Herregård tréolía XO**
Viðarvörn fyrir gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Fæst í ljósbrúnu og glæru
**1.995**
80602501-2
Almennt verð: 2.495
**20% afsláttur**

**Fyrir pallinn**

**Kjörvari 12**
Pallaolía, margir litir.
**3.835**
86363040

**Útimálning**
Steintex, hvítt.
**7.265**
86647540

---

GJØCO




4l.

**Pallahreinsir**
**2.965**
42377537

---

BOSCH

**Háþrýstidæla**
Easy Aquatak 120B
**22.995**
74810236



---

SPEKTER



**Pensill**
Hægt að setja á skaft. Tilvalinn fyrir pallinn eða skjólvegginn. 120 mm.
**2.495**
58365522

---

**ÞÚ FINNUR FJÖLDA ANNARRA TILBOÐA Í VERSLUNUM OKKAR**

# NÚ ER TÍMINN!

ÞÚ FÆRÐ ALLT EFNIÐ Í PALLINN OG SKJÓLVEGGINN HJÁ OKKUR

*Fáðu verð í pallinn hjá okkur!*

timbur@byko.is

REIKNAÐU ÚT EFNISKOSTNAÐ Á BYKO.IS



---

OUYAO



**Tilboðsverð**

**Bensínsláttuvél**
OY460P fjórgengismótor, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, 5 hæðastillingar, 60 lítra safnpoki.
**20.995**
53323130
Almennt verð: 34.995
**40% afsláttur**

---

**Tilboðsverð**

Einhell®

**Rafhlöðusláttuvél**
GE-CM 33 Li 2X2,0AH
Sterkbyggð rafhlöðudrifin sláttuvél sem er frábær þráðlaus kostur fyrir minni garða. Tvær kraftmiklar 18V rafhlöður.
**40% afsláttur**
**27.595**
74828000
Almennt verð: 45.995




---

GARDENA

**30% afsláttur**

**Tilboðsverð**

**Rafmagnssláttuvél**
Powermax 32E, 1200 W, sláttubreidd 32 cm.
**15.995**
54904073
Almennt verð: 22.995



# GLEÐILEGA HÁTÍÐ!

♥ #REYKJAVIKPRIDE

BYKO er stoltur styrktaraðili Hinsegin daga

**Tilboðsverð**

**Tjald**

Fyrir tvo, 2x1, 4x1 m, 1000 mm

**2.246**

88015950

Almennt verð: 2.995

25% afsláttur

2 manna





**Tilboðsverð**

**Svefnpoki**

Dökkblár, -5°, 200x80 cm.

**3.971**

88015974

Almennt verð: 5.295

25% afsláttur



GRILLPRO

**Tilboðsverð**

**Gasgrill**

Hefðbundið tveggja brennara gasgrill með hliðarborðum og efri hillu.

**18.995**

50657522

Almennt verð: 29.995

kílóvött 7,3

brennarar 2

37% afsláttur

**Tilboðsverð**

**Tjald**

Fyrir þrjá, 2x2, 1x1,3 m, 1000 mm.

**5.096**

88015952

Almennt verð: 6.795

25% afsláttur

3 manna





**Tilboðsverð**

**Tjalddýna**

Ljósblá, 70x200 cm.

**544**

88015966

Almennt verð: 725

25% afsláttur



NAPOLEON

ROGUE

**Tilboðsverð**

**Gasgrill**

ROGUE R365, SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 51x45 cm, grillgrindur úr ryðfríu stáli.

**79.995**

506600037

Almennt verð: 119.995

33% afsláttur

kílóvött 10,8

brennarar 2+1



25% afsláttur

## ÚTILEGUVÖRUR



**Tilboðsverð**

**Sandkassi**

Með sæti, 1500x1500 mm.

**10.397**

0291468

Almennt verð: 15.995

35% afsláttur



**Tilboðsverð**

**Blómaker**

Gagnvarin fura, 32,5x56x65 cm.

**4.946**

0291462

Almennt verð: 6.595

25% afsláttur

## VINNUR ÞÚ AFNOT AF KIA CEED Í VETRARLEIGU FRÁ HERTZ?

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR Á BYKO.IS**

KIA

Hertz



Sjá aðra vinninga á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**




Sirrýjar Hallgrímsdóttur


## Sjálfsögð mannréttindi

Dags daglega hugsum við kannski ekki mikið um mannréttindi enda búum við í samfélagi þar sem mannréttindi eru ágætlega tryggð. Ísland er í fremstu röð þegar kemur að mannréttindum og við getum verið stolt af því samfélagi sem við höfum byggt, samfélag sem grundvallað er á mannréttindum, lögum og rétti.

En þótt við göngum að þessum mannréttindum sem vísum þá lýkur aldrei baráttunni og varðstöðunni fyrir þau. Gleðigangan er frábær leið til að fagna þeim mannréttindum sem áunnist hafa og um leið undirstrikar hún að baráttunni fyrir þeim lýkur aldrei. Það er ekki annað hægt en að vera glöð og stolt yfir því hversu samfélagi okkar hefur miðað í átt til skilnings á þeirri einföldu reglu að kynhneigð hvers og eins er einkamál sem hvorki ríkisvaldi né nokkrum öðrum kemur við.

Nokkuð er síðan mismunun í lögum vegna samkynhneigðar var afnumin og hjónabönd samkynhneigðra eru til jafns við önnur hjónabönd. Þetta er reyndar svo sjálfsagt að það á ekki að þurfa að tala um þetta, en það eru ekki margir áratugir síðan staðan var allt önnur.

En það er ekki nóg að jöfn lagaleg staða fólks óháð kynhvöt hafi áunnist. Viðurkenning samfélagsins, skilningur og víðsýni veitir lögunum innihald og skapar raunverulegt jafnrétti og raunverulegt frelsi.

Við skulum nefnilega muna að mannréttindi eins eru um leið mannréttindi allra, ábyrgðin okkar á því að sækja þau og verja er því sameiginleg, rétt eins og ávinningurinn sem felst í því að lifa og búa í sanngjörnu, víðsýnu og umburðarlyndu þjóðfélagi – göngum saman fyrir okkur öll.








